



## Fundargerðir bæjarráðs 1935

---

Aðfnr. 7199

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN  
REYKJAVÍKURBÆJAR

Fundargerðir bæjarráðs

1935

.077.5:025.26 - .075.11

Aðfnr. 7199



BÆJARRAÐ

FUNDARGJÖRDIR

1935

B æ j a r r á ð .

=====

Ár 1935, föstudaginn 27. des., kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Axel Guðmundssyni og Jóni Sigurðssyni skólustjóra um hækkun á styrk til Guðmundar V. Kristjánssnar úrsmíðs. Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
2. Synjað beiðni frá Ásbirni Ól. Jónssyni málara um húsaleigu-styrk.
3. Erindi frá Sigurði Bjarnasyni, Freyjugötu 17 B, um lán-úr bæjarsjóði vísað til fátækrafulltrúanna.
4. Synjað beiðni frá Guðrúnu Jónsdóttur, Tjarnargötu 5 A, um greiðslu á húsaleigu fyrir Jón Egil Sveinsson.
5. Lögð fram umsögn heilbrigðisfulltrúa um erindi Aðalsteins Jóhannssonar, Seyðisfirði, um rottueitrun.
6. Lagður fram reikningsjöfnuður rafmagnsveitunnar frá 30. nóv.
7. Lagt fram brjef frá nokknum fisksölum um fisksölu úr vögnum á götum og torgum í bænum. Borgarstjóra falið að leita frekar upplýsinga um málið.
8. Lagður fram reikningsjöfnuður Sogsvirkjunarinnar pr. 30. nóv.
9. Lagt fram brjef frá Áfengisvarnarnefndinni, dags. 13. des., þar sem hún oskar eftir því, að umsóknir um veitingaleyfi í lögsagnarumdæminu verði send nefndinni til umsagnar.
10. Samp. að mæla með umsókn Theódórs Jónssonar, Hotel Vík, um leyfi til gistihúshalds.
11. Lögð fram beiðni frá Kjartani S. Bjarnasyni um að hann verði skipaður lögregluþjónn.
12. Samp. að leigja Þórði Jónssyni, Þingholtsstræti 24, lóðina nr. 40 við Sellandsstíg.
13. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um tölu atvinnulausra manna í nóv. og des.
14. Samp. að byrja með 350 menn í atvinnubótavinnunni í janúar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðmundur Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1935, mánudaginn 16. desember, kl. 5 síðdegis, hjelt  
bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram og ræddar breytingartillögur sem fulltrúar flokk-  
anna í bæjarstjórn hafa lagt fram við fjárhagsáætlun bæjarins  
og bæjarstofnana árið 1936.

2. Samþ. að bera fram svohljóðandi tillögu í sambandi við fjár-  
hagsáætlun bæjarins:

" Bæjarstjórnin heimilar borgarstjóra að taka að láni  
á árinu , með samþykki bæjarráðs, allt að 100 þúsund  
krónur til atvinnubóta ef nauðsyn krefur, enda náist  
samkomulag við ríkisstjórnina um framlag úr ríkis-  
sjóði á moti lánsfjenu."

Sömuleiðis samþykkt að bera fram eftirfarandi tillögu:

" Bæjarstjórnin ályktar að frá ársbyrjun 1936 skuli  
starfsmönnum bæjarins og bæjarstofnana er taka föst  
laun skv. launasamþykkt bæjarins, eða sjerstökum  
samþykktum og samningum, ekki greidd aukabóknun fyrir  
störf, er þeir kunna að vinna utan venjulegs starfs-  
tíma, nema því að eins að bæjarráðið samþykki hverju  
sinni.

Jafnframt er borgarstjóra og forstöðumönnum bæjar-  
stofnana falið að sjá um að öll nauðsynleg störf  
hinna föstu starfsmanna verði unnin af þeim á hæfi-  
legum starfstíma, eftir því sem frekast verður við-  
komið."

3. Rætt um laun rafmagnsstjóra og samþ. að leita við hann frekari  
samninga um að hann taki föst árslaun kr. 12000.- frá 1. jan.  
1936 að telja.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Oddsson,

Bjarni Benediktsson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 13. des., kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að greiða 200 króna ársmeðlag með barni Óskars Guðjóns-sonar frá 1. jan. s.l.
2. Synjað beiðni frá Jóhannesi S. Ólafssyni, Blönduhlíð, um hjálp til að kaupa býlið Grund við Langhóltsveg.
3. Samþ. að veita Gissuri Pálssyni, Njarðargötu 35, löggildingu til rafmagnsvirkjunar í Reykjavík.
4. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Lauga-rásbletti XIX.
5. Bæjarráðið samþ. að Valtýr Blöndal afsali sjer leigurjetti að lóðinni nr. 51 við Tungötu til Ragnars Blöndals Kaupmanns.
6. Lagt fram brjef hjeraðslæknis, dags. 11. p.m. viðvíkjandi ýmsum heilbrigðismálum bæjarins.
7. Lagt fram brjef frá Rannsóknastofu Háskólans viðvíkjandi rottu-eyðingu hjer í bænum. Bæjarverkfræðingi falið að afla upplýsinga um kostnað við sorpbrennsluofn.
8. Lagt fram brjef frá Bakteriologisk Laboratorium "Ratin", Kaupmannahöfn, viðvíkjandi rottueitri.
9. Samþ. að falla frá skilyrði um 300 króna afbörgun sem sett var 18. okt. s.l. fyrir veðleyfi til Krístrúnar Jónsdóttur, Framnesvegi 15 A.
10. Samþ. að mæla með því að Hallgrími Finnssyni, Blómvallagötu 7, verði veitt uppreisn æru.
11. Eftir beiðni Blindravinaffjalags Íslands var samþ. að veita stúlkunni Rósu Guðmundsdóttur, Austurhlíð, námsstyrk eins og undanfarin ár.
12. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar fyrir nóvemberménuð.
13. Lagt fram brjef frá stjórn h/f. Strætisvagnar Reykjavíkur þar sem farið er fram á rekstrarstyrk til fjelagsins fyrir líðandi og liðin ár, alls kr. 48.000.00 og auk þess aðstoð til þess að kaupa hraóliuvagna í stað benzinvagnanna. Erindinu synjað.
14. Synjað erindi ábúandans í Gufunesi um að bæjarsjóður láti byggja íbúðarhús á jörðinni.
15. Samþ. að tilkynna núverandi búanda á Árbæ að henni verði ekki byggð jörðin framvegis.
16. Synjað erindi Magnúsar Jónssonar, Svalbarða við Langhóltsveg, um að bæjarsjóður greiði fyrir nýja vatnsleiðslu að hús hans.
17. Samþykkt tillaga bæjarverkfræðings um leigumála við Rafmagnsveituna í húseigninni nr. 12 við Tjarnargötu og endurgreiðslu af hálfu bæjarsjóðs á framlagi Rafmagnsveitunnar til endurbóta og aukninga sem gerðar voru á husinu á liðnu og líðandi ári.

18. Lagðar fram tillögur Jóns/Víðis um fyrirkomulag bygginga sunnan Njálsgötu og austan Hringbrautar. Bæjarráðið getur ekki fallist á tillögurnar.
19. Lagt fram brjef frá húsameistara ríkissins viðvíkjandi vmsum breytingum sem hann leggur til að gerðar verði á Sundhöllinni. Alyktun frestað, en bæjarverkfræðingi falið málið til athugunar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jakob Möller.



B æ j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 6. desember kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Beiðni Sigurgeirs Björnssonar, Hverfisgötu 83, um styrk til fata-  
kaupa vísað til fatækrafulltrúanna til afgreiðslu.

Samþ. að ábyrggjast meðlag með Karólínu Vigfúsdóttur á Elliheimil-  
inu Grund frá 1. þ.m.

Beiðni Halldórs Jónssonar, Sunnuhvoli, um styrk til fatakaupa  
vísað til fatækrafulltrúanna til afgreiðslu.

Synjað beiðni Jóns B. Gíslasonar áður Þórgötu 17 um ábyrgð fyrir  
husaleigu.

Samþ. að verða við beiðni Helgu Magnúsdóttur, Frakk. 13 um að  
greiða viðgerðarkostnað á hennar hluta í húseigninni Frakk. 13,  
allt að 200 krónur.

Synjað beiðni lögreglustjórans í Bolungarvík um að bæjarsjóður  
annist útför nýlátins þurfalings Hólshrepps, sem var sjúklingur  
á Kleppi.

Lögð fram skrá yfir erindi sem bæjarráði og bæjarstjórn hafa bor-  
ist um styrk úr bæjarsjóði á næsta ári.

Lagt fram brjef frá stjórnarnefnd Alþýðuskólans þar sem farið er  
fram á styrk úr bæjarsjóði til starfrækslu skólans á yfirstand-  
andi vetri.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið tilkynnir að staðfest hafi  
verið samþykkt bæjarstjórnarinnar 21. f.m. um leigumála á nokkrum  
bygginga ríóðum við Túngötu, Hávallagötu og Sólvallagötu.

Lagt fram brjef frá Aðalsteini Jóhannssyni, Seyðisfirði, þar sem  
hann býður nýja tegund af rottueitri og aðstoð sína við eitrun  
hjer í bænum. Vísað til heilbrigðisfulltrúa til ymsagnar.

Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnu-  
lausamenn í dag.

Lagt fram brjef frá atvinnuleysisnefnd " Dagsbrúnar", dags. 4.þ.m.  
viðvíkjandi atvinnuleysinu í bænum.

Lagt fram brjef bæjarverkfræðings, dags. 5. þ.m. viðvíkjandi  
kaupum á malbikunarvjelum.

Samþ. að bæta við mönnum í atvinnubótavinnunni vikuna 12.-18.þ.m.  
eftir því sem samþykktar fjárveitingar leyfa.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

B æ j a r r ' a ð .

---

Ár 1935, föstudaginn 29. nóv., kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Sigríði Guðmundsdóttur, Bókhöfundastíg 6 A, um að henni verði útvegað herbergi með aðgangi að eldhúsi.
2. Samþ. að taka ábyrgð á dvalarkostnaði Stefaníu Stefánsdóttur, Þórsstötu 28, á Elliheimilinu frá 1. næstkomandi. mánaðar.
3. Lögð fram skýrsla frá Ólafi Sigurðssyni aðstoðarmanni fátækrafulltrúanna um ofbeldi, sem Ari Guðmundsson og Bergsteinn Hjørleifsson höfðu sýnt honum, er hann var að vinna við afgreiðslu á skrifstofu sinni, ásamt brjefi frá Magnúsi V. Jóhannessyni, Ragnari Lárussyni, Sigurði Á. Björnssyni og Guðrúnu Lárusdóttur, þar sem þau krefjast þess, að þeir Ari og Bergsteinn verði látnir sata ábyrgð fyrir ofbeldið. - Borgarstjóri tilkynnti, að hann myndi verða við erindinu.
4. Lagt fram brjef frá Gunnlaugi E. Briem lögfr. þar sem hann fer þess á leit, að hann verði leystur undan sáttasemjara-  
starfi.
5. Lagt fram brjef frá stjórn Stjettafjelags barnakennara í Reykjavík um hækkun á kaupum fyrir stundakennslu. Málinu frestað.
6. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um tölu atvinnulausra manna.
7. Lagt fram brjef frá nokkrum lændum á ræjarlandinu um greiðslu kostnaðar við heilbrigðiseftirlit með mjólk. Málinu frestað.
8. Rætt um fjárhagsáætlunina og frumvarpið afgreitt til prentunar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1935, þriðjudaginn 26. nóvbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Maríu Eyjólfsdóttur, Bank. 14, um hækkun á styrk úr bæjarsjóði, en erindinu að öðru leyti vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
2. Erindi Sigurgeirs Björnssonar, Hvg. 83, um aukið húsnæði falið fátækrafulltrúunum til afgreiðslu.
3. Synjað beiðni Sigurgeirs Björnssonar, Hvg. 83, um hækkun á styrk. Einn bæjarráðsmaður vildi fresta ákvörðun.
4. Samþ. með 3:2 atkv. að frá áramótum og fyrst um sinn til 14. maí næstk. megi samanlagður fátækrastyrkur til Frímanns Einarssonar, Lindargötu 43 B og fjölskyldu hans ekki fara fram úr 400 krónum á mánuði.
5. Sammuleiðis samþ. með 3:2 atkv. að fela fátækrafulltrúnum að útvega Frímanni vinnu við hans hæfi.
5. Samþ. að greiða húsaleigu fyrir Einar Bachmann, Mönnugötu 5, eftir ákvörðun fátækrafulltrúanna.
6. Samþ. að verða við tilmælum um að láta gera við tennur Óskars Guðmundssonar og fátækrafulltrúunum faldar framkvæmdir.
7. Synjað tilmælum frá lögfræðingi ríkisspítalanna um að bæjarsjóður greiði legukostnað Ingibjargar Bjarnadóttur, Freyjug. 4 á Landsspítalanum síðastl. vör.
8. Lögð fram beiðni sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu um að Miklaholtshreppi verði gefin eftir skuld við bæjarsjóð gegn greiðslu á 15%. Erindinu synjað.
9. Lögð fram beiðni Jóns Sveinssonar lögfr. um eftirgjöf á skuldum Skriðuhrepps við bæjarsjóð gegn greiðslu á 40%. Ákvörðun frestað.
10. Lagt fram brjef Skógræktarfélagss Íslands viðvíkjandi skilmælum fyrir landi fjelagsins í Fossvogi.
11. H/f. Kveldúlfur segir lausum fiskreitunum í Rauðarárholti, sem fjelagið hefir leigt undanfarið.
12. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarástletti VIII.
13. Samþ. að heimila Knattspyrnufjelaginu Fram að gera skautasvell á Austurvelli í vetur í samráði við bæjarverkfæring.
14. Samþ. að gera svæðið, sem Fiskimálanefnd hefir fengið undir fiskhjalla í Eskihlíðinni, bílfært og að verkið verði unnið í atvinnubótavinnu.
15. Lagður fram reikningsjöfnuður Sogsvirkjunarinnar pr. 31. okt.
16. Lagður fram reikningsjöfnuður Rafmagnsveitunnar pr. 31. okt.
17. Eftir tillögu gasstöðvarstjóra var ákveðið að taka tilvísun frá Didier-Werke í Berlin í nýja gasofna og var gasstöðvar-

stjóra falin framkvæmd málsins, m.a. að sækja um innflutnings-og gjaldeyrisleyfi.

18. Samp. með 3:2 atkv. að ábyrgjast allt að 3 þús. króna lán fyrir Guðjón Runólfsson til þess að kaupa og starfrækja brauðgerðarhús í S tykkishólmi, enda samþykki borgarstjóri kaupin. Sbr. fundargerð bæjarráðs 28. júní síðastl. 21. lið.
19. Lagt fram brjef frá h/f. Olíuverzlun Íslands, dags. 20. þ.m., þar sem fjelagið býst til að kaupa skuldabryjef Reykjavíkur fyrir kr. 10,000,00, enda kaupi bæjarsjóður nú þegar landsvæði fyrir íþróttavelli, svonefnt Nauthólsvíkurland, og hefja vinnu við að laga það til íþróttafnota.
20. Lagt fram brjef frá Vinnumiðlunarskrifstofunni, dags. 22. þ.m. þar sem skýrt er frá tölu skrásettra atvinnulausra manna þann dag.
21. Samp. að leyfa Einari Þyðjólfsyni, Týsgötu 1, að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Laugamyrarhl. IV, enda hlyti hann þeim skilmálum, sem settir kunna að verða um byggingar á erfða-festulöndum, og íbúðarhús það, sem fyrir er á landinu verði rífið áður en nýja húsið verður tekið í notkun.
22. Samp. að leigja Kristni Sigurðssyni lóð við Háteigsveg fyrir áhalda- og efnisgeymslu, eftir nanari útvisun bæjarverkfræðings.
23. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvögstl. XLVIII.
24. Samp. að gefa Bjarna Guðmundssyni, Hvg. 71, kost á leigulöðinni Leifsgötu 13.
25. Samþykkt að fjölga í atvinnubótavinnu upp í 360 manns frá næsta fimtudegi. Vinnudagur styttingu um klukkustund.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Müller.

Guðm. Oddsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

B e j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 15. nóvbr. kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað að greiða reikning fyrir tannviðgerð á Þóru Trygva-dottur, Þorsgötu 7.
2. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 13. nóv. viðvíkjandi spennu til bæjarkerfisins. Samþ. að taka tilboði Elektromek-ano, Helsingborg. A.B.
3. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 14. nóv. ásamt tilboði um í spennistöðvar við Vallarstræti og Ránargötu. Samþ. að taka lágsta tilboði frá Skúla Þorkelssyni og Ásmundi Vilhjalms-syni.
4. Samþ. að leigja Atla Eiríkssyni, Urðarstíg 16, lóðina nr. 76 við Hringbraut með Sæmundi Pálssyni skv. beiðni hans.
5. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabl. XVI.
6. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. V.
7. Lagt fram brjef frá stjórn Vörubílastöðvarinnar Þróttur við-víkjandi sölu á byggingarefni frá grjótnámi bæjarins.
8. Lagt fram brjef frá frú J.A. Hobbs um smásölualeyfi í Sund-höllinni.
9. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 14. nóv. þar sem farið er fram á styrk til útgáfu sögu lögreglunnar hjer í bænum.
10. Lagt fram brjef frá atvinnuleysisnefnd "Dagsbrúnar" dags. í dag viðvíkjandi atvinnuleysinu í bænum.
11. Lagt fram brjef frá Vinnumiðlumarskrifstofunni þar sem til-kynnt er tala skrásettra atvinnulausra manna í dag.
12. Samþ. að fjälga í atvinnubótavinnu um 24 menn frá næstk. mánu-degi er vinni austur í Flóa og aðra 26 menn frá næsta fimmtu-degi hjer í bænum.
13. Synjað greiðslu á reikningi Stefáns Guðmundssonar, Grund. 2 fyrir kaup vegna söttkvíar.
14. Lagt fram brjef frá nokkrum leigjendum lóða við Hringbraut, gegnt Elliheimilinu, dags. 13. þ.m. þar sem farið er fram á að forgarðar á lóðunum verði ákveðnir 3 metrar. Vísað til bæjarstjórnar.
15. Tillaga Guðm. Eiríkssonar frá bæjarstjórnarfundi 17. okt. síð-astl. viðvíkjandi byggingum í Norðurmyri, sbr. 8. lið í fundargerð bæjarráðsins 4. okt., vísað til bæjarstjórnar aftur án ályktunar.
16. Samþ. að greiða úr bæjarsjóði fyrst um sinn 10 aura fyrir hverja rottu sem drepin verður í lögsagnarumdaminu.

17. Útsvarsmál.

Gísli Jónsson, Baldursg. 31, Hermann Þeringsson, Njarð. 33, Stefán Mar Benediktsson, Sigrún Ytteborg, Bergstaðastrati 36, Vigurður Haraldsson, Þarugötu. 31, Emil Ulrich Richter, Söðurgötu 26, Ólafur Bergmann Erlingsson, Njálsg. 76, Theódór Johnson, Íslensk-russneska verzlunarfjelagið h/f., Gísli Þorbjarnarson, Berg. 36, Jón J. Dahlmann, Lvg. 46, Margrjet Zoega, Njálsg. 11.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

B e j a r r á ö .

Ár 1935, föstudaginn 8. nóvember, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist;

1. Synjað beiðni frá Oddnýju Sverrisson um að bæjarsjóður greiði henni húsaleigu fyrir Þoreyju Brandsdóttur.
2. Synjað beiðni um fátækrastryk frá Sigríði Matthíasdóttur, Sjónarholi í Sogamáryri.
3. Erindi barnaverndarnefndar um styrk til Jóhönnu Eiríksdóttur vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
4. Erindi barnaverndarnefndar viðvíkjandi Önnu Jkaobaddóttur vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
5. Samþ. að taka lögsta tilboði um raflögn í aðalspennistöð Sogsvirkjunarinnar, frá Júlíusi Björnssyni, kr. 2425.00.
6. Lagt fram brjef frá A/S. Höjgaard & Schultz, dags. 28. okt., viðvíkjandi So gsvirkjuninni.
7. Lagt fram brjef frá M. Júl. Magnús lækni viðvíkjandi mati á Norðurmyrarbletti I. Borgarstjóra falið málið til afgreiðslu, með 3:2 atkv.
8. Synjað beiðni frá Sveinbirni Jónssyni hrm. um framlengingu á leigutíma/undir íbúðarhúsi hans í Ártúnsbrekku.
9. Tilboði frá H/f. Draupni um kaup á fiskverkunarstöðinni Alfheimar vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
10. Samþ. að leyfa Eggert Ólafssyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XI, samkv. þeim skilmálum, sem síðar verða settir.
11. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja húseignina nr. 61 við Vesturgötu.
12. Lögð fram kvörtun frá íbúum við Bergþórugötu um reyk úr Mjólkurstöðinni við Hringbraut, ásamt beiðni frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur um breytingu á leiguskilmálum um lóðina undir Mjólkurstöðinni. Beiðninni synjað.
13. Samþ. að fela borgarstjóra að afgreiða umsögn um uppkast að reglugerð fyrir Vinnumiðlunarskrifstofur.
14. Lagður fram reikningur Gagnfræðaskólans í Reykjavík 1933-34.
15. Lögð fram skýrsla frá Ráðningarstofu Reykjavíkur 1.-31. okt.
16. Lagðar fram tillögur BjörnsBjarnasonar frá bæjarstjórnarfundum 7. nóv.
17. Synjað beiðni frá oddvita Hýrarhrepps um eftirgjöf á 80% af skuld hreppsins.
18. Synjað beiðni frá oddvita Miðdalahrepps um eftirgjöf á nokkrum hluta af skuld hreppsins.
19. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um skráningu atvinnulausra manna.

20. Lögð fram skýrsla um starf Vinnumiðlunarskrifstofunnar í októbermánuði.
21. Samþ. að leyfa Guðjóni Pjeturssyni og Lárusi Ottesen að hafa eina íbúð, handa eftirlitsmanni, í húsi því, sem þeir ætla að byggja á leigulandi því, sem þeir hafa fengið til fiskherðingar, enda verði ársleiga eftir landið kr. 60.00, og land og hus eingöngu notað í framangreindu skini.
22. Samþ. að leigja eftirtaldar lóðir:
- nr. 46 við Hávallagötu, Diðriki Helgasyni.
  - 34 við Sólvallagötu, Einari Sveinssyni.
  - 26 við ---"---, Hilmari Stefánssyni.
  - 28 við ---"---, Arna Guðmundssyni, Styr. 8

Lóðirnar nr. 26 og 28 við Sólvallagötu eru leigðar með sömu kjörum og lóðir byggingarfjelagsins Fjelagsgarður.

Fleira ekki gert. Bundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Oddsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

Ár 1935  
ráðið f  
1. S yn kaup  
2. Samþ skjo borg  
3. Synj lóðir  
4. Hafn elet  
5. Lögð 27/1  
6. Lögð kall  
7. Borg hann fram  
8. Lagt raði erin  
9. Samþ bæja ness  
10. Lögð stig  
11. Lögð 27 v  
12. Lögð við  
13. Lögð og v  
14. Samþ hlut till  
15. Samþ



B a j a r r ' a ð .

=====

Ár 1935, föstudaginn 1. nóvember, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstrati 16.

Þetta gerðist:

1. Sýnjað beiðni frá Frímanni Þinarssyni um styrk til að kaupa spariföt.
2. Samþ. að veita Einnögga Árnasyni, Bergstöðum við Kapla- skjólsvé, 375 króna lan úr bæjarfjöðri til greiðslu á af- borgunum af skuldum, gegn tryggingu í húsaleigu.
3. Sýnjað umsókn Atla Eiríkssonar, Urðarstíg 16, um leigu- lóðina nr. 78 við Hringbraut.
4. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulóðunum Sogamýrar- bletti II og XVIII.
5. Lögð fram fundarályktun frá Verkamannafjelaginu Dagsbrún 27/10.
6. Lögð fram beiðni frá Jóni V. Þorsteinssyni um leyfi til að kalla upp auglýsingar á Lækjartorgi.
7. Borgarstjóra falið að beiðast þess af lögreglustjóra, að hann annist um, að hanni gegn hundahaldi í bænum verði framfylgt.
8. Lagt fram brjef frá bókaaverði Alþýðubókasafnsins um að ráðinn verði aðstoðarmaður við safnið.- Samþ. að verða við erindinu.
9. Samþ. að leita samninga við lækni og hjúkrunarkonu Austur- bæjarsskólans um heilbrigðiseftirlit við sjúkrahæild Laugar- nesskólans og skólann sjálfan.
10. Lögð fram matsgjörð á húseigninni nr. 33 við Bræðraborgar- stíg.
11. Lögð fram matsgjörð lóðamatsnefndar á spildu úr lóðinni nr. 27 við Sólvallagötu.
12. Lögð fram matsgjörð lóðamatsnefndar á lóðarspildu austan við lóðina nr. 86 við Laugaveg. Samþ. að óska yfirmats.
13. Lögð fram beiðni frá J. A. Hobbs um smásöluleyfi á sөлgæti og veitingum í sundhöllinni.
14. Samþ. að heimila borgarstjóra og bæjarverkfræðingi að út- hluta byggingarlóðum í Norðurmyri til umsækjenda samkv. tillögum, sem fyrir lágu á fundinum.
15. Samþ. að úthluta þessum lóðum við Hringbraut:

- nr. 151 Oddur Ólafsson
- nr. 155 Hannes Pálsson
- nr. 157 Steinunn Thorlacius
- nr. 153 Jón Axel Pjetursson
- nr. 159 Sigursteinn Árnason
- nr. 161 Guðmundur Ögmundsson
- nr. 163 Ármann Jónsson
- nr. 165 Helgi Gunnlaugsson
- nr. 167 Ásta Þorsteinsdóttir
- nr. 169 Kristjana Þórunn

2/10 Brytt  
pauus af Guðm. Va  
vert á horni

nr. 171 og 173 Byggingarsamvinnufjél. Reykjavíkur  
nr. 175 Franz Andersen  
nr. 177 Eggert Bachmann

14 -

8 m

- 16. Samp. að leigja Karli Friðrikssyni, Guðna Bjarnasyni og Davíð Jónssyni lóð á horni Hringbrautar og Njálsgötu, austan Hringbrautar og sunnan Njálsgötu, og Guðmundi Pálssyni næstu lóð við þá lóð.
- 17. Samp. að kaupa 24,7 ferm. af lóðinni nr. 112 við Hverfisgötu, fyrir fasteignamatsverð, undir götu.
- 18. Samp. að heimila þéjarverkfræðingi að gera innkaup á flísun í sundhöllina.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Müller.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Oddsson.

B e j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 25. október kl. 5 síðdegis hjelt

bajarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstrati 16.

Þetta gerðist:

1. Sýnjað erindi Eiríks Einarssonar, Brunnastöðum, um aðstoð til þess að hafa makaskifti á eigninni Brunnastöðum, Vatnsleysuströnd og Hálogalandi við Suðurlandsveg.
2. Erindi Valtýrs E. Mýrdals, Grettisgötu 28, um aðstoð til þess að koma upp skóviðgerðarvinnustofu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
3. Erindi Eggerts Kristjánssonar, Laugavegi <sup>74</sup> 34, um aðstoð til þess að hús hans verði forðað frá nauðungasölu vísað til fátækrafulltrúanna til athugunar.
4. Sýnjað beiðni Guðjóns Runólfssonar, Njálsgötu 72, um lán til þess að festa kaup á brauðgerð í Stykkishólmi.
5. Erindi Þorbjarnar Pjeturssonar, Lokastíg 28, um aðstoð til vjel-fræðinæms vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
6. Samp. að láta meta 39,4 fermetra lóðarspildu sem taka þarf undir Hofsvallagötu af lóðinni Sölvallagötu 27.
7. Samp. erfðafestuskilmálar á erfðafestulandinu Þorsteinstúni.
8. Sýnjað tilboði Thor Jensen um kaup á Hæðarendabletti.
9. Samp. að leigja Óskari Einarssyni, Flateyri lóðina nr. 61 við Bergþórugötu með Aðalsteini Björnssyni.
10. Sýnjað kröfum Ásgeirs Sigurðssonar, Sölvhólgötu 14 og Bergþórs Pálssonar, Sölvhólgötu 12, um batur fyrir tjón er þeir segja að hafi orðið á húsum sínum vegna þess að holræsi í götunni hafi stíflast að kveldi hins 11. þ.m.
11. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu þar sem fallist er á tillögur nefndarinnar sem skipuð var til þess að rannsaka atvinnuleysi unglinga hjér í þanum og samþykkt að kostnaður við framkvæmd tillagnanna skuli greiddast af atvinnubótafje, að hálfu úr ríkissjóði á móti framlagi þajarsjóðs.
12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa menn hinn 24. þ.m.
13. Samp. að greiða 10 kr. mánaðarlega kennslustyrk til barnsins Kristínar J. Einarssóttur, Kirkjulandi við Laugarnesveg.
14. Lagt fram brjef frá Þirni Björnssyni hagfr. þar sem hann skýrir frá för sinni til útlanda síðastl. sumar og gerir ýmsar tillögur viðvíkjandi hagskýrslum þajarins.
15. Lagt fram eftirrit af dómi hæstarjettar 23. þ.m. í útsvarsmáli gegn Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda.
16. Íþróttasamband Íslands sækir um styrk til læknisskoðunar á íþróttamönnum árið 1936 og framvegis.

17. Bæjarverkfræðingi falið að gera tillögur um úthlutun leigulóða við Hringbraut austan Hofsvallagötu.
18. Lagt fram brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. í dag þar sem tilkynntur er úrskurður þess viðvíkjandi yfirkennarastöðu við Austurbæjarskólann.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Þétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetureson.

Bæjarráð.

Ár 1935, föstudaginn 18. október, kl. 5 síðdegis hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað erindi Aðalsteins Guðmundssonar, Sunnubóli við Langholtsveg um aðstoð til þess að greiða vexti og afborganir af láni sem hvílir á huseign hans.
2. Lagður fram reikningsjöfnuður Rafmagnsveitunnar pr. 30. septbr. 1935.
3. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 16. þ.m. viðvíkjandi kostnaði við breytingar og viðauka á huseigninni Tjarnargötu 10. (Slökkvistöðinni). Bæjarverkfræðingi falið að yfirfara reikningana og gera tillögu um leigumála fyrir skrifstofur Rafmagnsveitunnar.
4. Samp. að Rafmagnsveitan leggi háspennulínu að Reykjum í Mosfellsveit.
5. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 16. þ.m. viðvíkjandi tryggingum gegn tjóni sem verða kann vegna bilana á línukerfinu, jarðskjálftatryggingu á húsum rafmagnsveitunnar svo og rekstur stjóns-tryggingu og vjelabilunartryggingu. Rafmagnsstjóra falið að rannsaka málið nánar og auglýsa eftir tilhöðum um tryggingarnar.
6. Lagt fram brjef frá nokkrum íbúum við Skerjafjörð þar sem óskað er eftir rafljósum við Þormódsstaðaveg. Vísað til Rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
7. Samp. að selja Guðmundi Árnasyni, Berg. 53, lóðarspildu 187.2 fermetra á milli lóðanna nr. 86 og 92 við Laugaveg. Kaupverðið fari eftir mati lóðamatsnefndar. Á spildunni er kvöð um gangstíg.
8. Samp. að stækka lóðina nr. 10 við Rauðararstíg eftir útvísun bæjarverkfræðings og leigja Guðjóni Jónssyni s.st.
9. Synjað umsókn Eiríks Magnússonar, Laugarneði um lóð til íbúðarhúss byggingar í hotlinu vestan við Reykjavegsskólann.
10. Samp. að hús Þóris Baldvinssonar á Laugamýrarbletti XXVIII, sbr. fundargerð bæjarráðs 11. þ.m. 18. lið, megi byggja úr steini.
11. Lagt fram brjef póst- og símamálastjóra svo og brjef frá bæjarstjóranum í Hafnarfirði viðvíkjandi akstri áætlunarbifreiða sem ganga á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og staðum þessara bifreiða hjer í bænum. Málinu frestað.
12. Tillögu Guðmundar Eiríkssonar frá bæjarstjórnarfundi 17. þ.m. vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
13. Lagt fram brjef frá Ferðafjelagi Íslands þar sem farið er fram á styrk úr bæjarfjóði til útgáfu árbókar fjelagsins á næsta ári, er verði lýsing á Reykjavík og nágrenni.
14. Samp. að mæla með því að Valdimar S. Loftsson, Laugavegi 65, fái veitingarleyfi.
15. Brindi barnaverndarnefndar, dags. 9. okt. um að veita aðstandendum Kristínar Einarsdóttur, Kirkjulandi við Laugarneavör, fjárstyrk vegna sjerkennslu vísað til skólanefndar til umsagnar.

16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa menn hinn 18. þ.m.
17. Samp. að fela lögreglustjó ra að selja bifreiðina R.E. 797. Jafnframt var honum falið að leita tilboða í nýja bifreið handa lögreglunni og sækja um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.
18. Samp. að veita Kristrínu Jónsdóttur, Framnesv. 15 A, leyfi til þess að taka lán allt að kr. 4000.00 með veði er gangi á undan veðrjetti bæjarins í fyrgræindri húseign, enda gangi lánsupphæðin til viðbyggingar og endurbóta á eigninn. Það er skilyrði fyrir veðleyfinu að skuldunautur greiði a.m.k. 300 kr. af skuld sinni við bæjarsjóð nú þegar.
19. Lagðar fram tillögur skrifstofustjóra fátækramálanna, fátækrafulltrúanna og presta dómkirkju- og fríkirkjusafnaðanna um uthlutun ellistyrks. Samkvæmt tillögunum var samþykkt að úthluta ellistyrk til 1036 umsækjenda samtals kr. 58,125.00.

Fleira gerðist ekki.

Eundislitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Guðm. Eiríksson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 11. október, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fundi skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Krístrúnar Jónsdóttur, Framnesvegi 15 A um veðleyfi.
2. Lagt fram brjef Verkakvennafjelagsins "Framsókn" þar sem tilkynntar eru ályktanir sem samþykktar voru á fundi í fjelaginu 8. þ.m.
3. Lagt fram brjef frá atvinnuleysisnefndum "Dagsbrúna" og Fulltrúaráðsins þar sem tilkynntar eru ályktanir, sem voru samþykktar á fundi atvinnuleysingja 7. þ.m.
4. Lagt fram brjef frá Sjómannafjelagi Reykjavíkur þar sem skýrt er frá tillögum sem samþykktar voru á fundi í fjelaginu 9. þ.m. út af atvinnuleysi í bænum.
5. Lagt fram álit nefndar sem skipuð var af ríkisstjórn og bæjarstjórn í septembermánuði síðastl. til þess að rannsaka atvinnuleysi unglinga og gera tillögur til úrlausnar því.  
Samþ. með samhlj. atkv. að fela nefndinni að standa fyrir framkvæmdum á námskeiðum og vinnu skv. tillögum hennar, enda gert ráð fyrir að kostnaður við þessar framkvæmdir komi til jafns á bæjarsjóð og ríkissjóð svo sem nefndin gerir ráð fyrir.
6. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík um skrásetta atvinnulausa menn 10. þ.m.
7. Lagðar fram skýrslur frá Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar fyrir septembermánuð.
8. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 2.: okt. með skýrslu, sem lögreglan hefir tekið út af óleyfilegri notkun eiganda hússins nr. 43 við Baronsstíg á heitu vatni úr hitaveitu bæjarins, svo og umsögn Helga Sigurðssonar verkfr. og borgarritara um málið. Ákveðið að biðja lögreglustjóra að halda áfram rannsókn málsins og láta það ganga til dóms.
9. Erindi Guðm. Sigurðssonar, Sólbakka, um leigulóð við Bundlaugaveg vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
10. Lagt fram erindi frá Sóknarnefnd Dómkirkjusafnaðarins, dags. 7. þ.m. viðvíkjandi lóðum undir kirkjur og íbúðar - hús handa prestum.
11. Erindi Sigríðar Jónsdóttur, Vesturgötu 7 A, viðvíkjandi kaupum á lóðinni nr. 3 a við Sellandsstíg vísað til borgarstjórnar til afgreiðslu.
12. Samþ. að selja Kristni Bjarnasyni lækni lóðina nr. 13 við Hávallagötu. Jafnframt fallist á að afturkalla kaup hans á lóðinni nr. 34 við Garðastræti.
13. Lagt fram erindi búenda í Sogamýri þar sem þeir ítreka beiðni sína um lækun á erfðafestugjöldum.
14. Bæjarráðið samþykkir að hluta dánarbús Pjeturssonar í erfðafestulandinu Hrísakotsbletti verði afsalað til Guomundar Pjeturssonar bróður Pjeturssonar.

15. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra, dags. 8. þ.m. ásamt eftirritum af brjefaskiftum milli Berdals verkfræðings og A/S Højgaard & Schultz viðvíkjandi vinnuáætlunum við Sogsvirkjunina.  
Bæjarráð vísar til fyrri samþykktu um þetta mál og felur borgarstjóra að annast nauðsynlegar brjefaskriftir út af því.
16. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 11. þ.m., um greiðslu til A/S Højgaard & Schultz fyrir vinnu við virkjun Ljósafoss til 30. f.m.
17. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um erindi frá Eggert P. Briem um skaðabætur handa ekkju Gissurar Grímssonar, er ljetst af slysi við lagningu háspennulínunnar frá Sogi hinn 23. maí síðastl. svo og utskrift af lögreglurannsókn út af slysinu. Samþ. að greiða ekkjunni kr. 6000.00 í skaðabætur af óvissum gjöldum vegna Sogsvirkjunarinnar.
18. Samþ. að leyfa Þóri Baldvinssyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrabletti XXVIII, enda hlyti hann þeim skilmálum sem bæjarstjórn kann að setja um byggingar á erfðafestulöndum.
19. Samþ. að á svæðinu í Norðurmyri á milli 1. og 5. þvergötu sunnan Njálsgötu skuli byggja tvílyft hús á nokkrum lóðum er síðar verði ákveðnar að fengnum tillögum Einaris Sveinssonar húsameistara. Einaris er ætlast til að einlyft hús verði byggð á þessu svæði.
20. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabl. 16.
21. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogamýri III (Hlíðarhvammi) svo og erfðafestulandinu Sogamýrabletti XIX.
22. Lögð fram skýrsla yfir skráða atvinnulausa karlmenn hjá Vinnumiðlunarskrifstofunni í septbr.
23. Lagður fram reikningur Vinnumiðlunarskrifstofunnar fyrir septbr.
24. Samþ. að segja upp samningum um vatn frá hitaveitunni frá næstu áramótum þeim huseigendum, sem ekki hafa skrifað undir samninga um að bæjarstjórn megi taka bakrennslisvatn frá húsnum þeirra, á þann hátt sem bæjarverkfræðingur ákveður, fyrir 19. þ.m. Bakrennslisvatninu þarf að safna saman og leiða í Sundhöllina.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Oddsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.



B æ j a r r á ð i .

Ár 1935, föstudaginn 4. október kl. 5 síðdegis hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Kristjáns Jónssonar, Njg. 50, um aðstoð til þess að setja miðstöðvarhitun í hus sitt.
2. Synjað beiðni Daniels Sumarliðasonar, Barónsstíg 18, um eftirgjöf á fátækraskuld.
3. Samþ. að senda erindi Kristínar Kristjánsdóttur, Sólheimum í Stokkseyrarhreppi, um aðstoð til þess að fá jarðaskifti, til oddvitans í Bessastaðahreppi.
4. Samþ. að mæla með því að Þorfinni G. Guðmundssyni, Vesturg. 12, verði veitt uppreisn eru.
5. Samþ. að heimila borgarstjóra að gera ráðstafanir til þess að skifta banum í allt að 4 fátækrahverfi og gera nauðsynlegar aðgerðir í því sambandi.
6. Ákveðið að fyrir bæjarráði skuli liggja sundurliðaðar skýrslur um fátækraframfærið í banum að minnsta kosti mánaðarlega.
7. Lagt fram erindi frá útvarpsstjóra, dags. 7. f.m., þar sem farið er fram á að bæjarsjóður eða Rafmagnsveitan taki nokkurn þátt í kostnaði við að senda starfsmann Ríkisútvarpsins utan til þess að nema nýjustu aðferðir við leit að útvarpstruflunum, svo og umsögn rafmagnsstjóra um erindið. Erindinu sýnjað.
8. Svohljóðandi ályktun samþykkt:  

Á lóðunum í Norðurmýri sem atlaðar eru fyrir sjerstæð hús, milli 5. og 7. Þvergötu sunnan Njálsgötu skal byggja sem hjer segir: kjallara, 2 fullkomnar íbúðahæðir og þak, án íbúðar, eða; kjallara, 1. fullkomna íbúðarhæð og port og ris fyrir íbúð. Kjallarana má ekki nota til íbúðar. Sambyggingarnar sunnan Njálsgötu og vestan Rauðarárstígs skal byggja þannig: kjallari, 2 fullkomnar íbúðarhæðir og 2,5 metra ris. Breidd húsanna sje 9,5 m. Kjallara og loft má ekki nota til íbúðar.
9. Lagðir fram tillögu uppdrættir að húsnum sem byggja skal í Norðurmýri, eftir Einar Sveinsson húsameistara. Samþ. að leita umsagnar byggingarnefndar um tillögurnar.
10. Borgarstjóri skýrði frá undirbúningi, sem hann hefði gert, ásamt kvennfulltrúum í bæjarstjórn, að námskeiðum fyrir konur nú í haust, þar sem aðallega yrði kenndur fatasamur og gætt ráð fyrir samvinnu við Heimilisiðnaðarfjelag Íslands um námskeiðin. Jafnframt skýrði hann frá undirbúningi að atvinnubótum fyrir konur. Samþ. að fela borgarstjóra að halda undirbúningnum áfram og gert ráð fyrir að greiða úr bæjarsjóði kostnað við námskeiðir á móti lofuðu framlagi úr ríkissjóði svo og stofnkostnaði.
11. Beiðni oddvitans í Eyrarhreppi um eftirgjöf á nokkrum hluta af skuldum hreppsins við bæjarsjóð frestað til athugunar.
12. Samþ. með 3:1 atkv. að fela borgarstjóra og bæjarvenkfræðingi að athuga og ráða til lykta tillögu um að lagningu áskott

Reykjavíkur fá húsnaði í Frakkneska spítalanum. á næsta skólaári.

13. Lagt fram brjef frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 3.p.m. viðvíkjandi dómskuld sýslusjófs Gullbringusýslu við bæjarsjóð Reykjavíkur.
14. Samp. að starfrækja nú í vetur heimavistarskóla fyrir veikluð börn í Barnaskólanum við Reykjavveg og kaupa nauðsynlegan húsbúnað og lækningataki.
15. Synjað beiðni Þigurgeirs Einarssonar um að kaup hans á loftinni Tungötu 7 verði afturkölluð, eða að kaupverðið lækki og frestur til byggingar framlengdur.
16. Lagt fram brjef skólanéfundarinnar, dags. 2.p.m., ásamt uppkasti að starfsbrjefi fyrir skólalæknana. Borgarstjóra falið að leita samkomulags við ríkisstjórnina um framkvæmd berklaskoðunar á skólabörnum hér í Reykjavík.
17. Lagt fram brjef frá Ísleifi Jónssyni viðvíkjandi tilboðum í hitunar- og hreinlætistæki í Sundhöllina.
18. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa menn nú í dag.
19. Samp. að fela skrifstofustjóra fátækramálanna og fátækrafulltrúunum að gera tillögur um úthlutun ellistyrks í samráði við prestana. hér í bænum.
20. Lagðar fram tillögur viðvíkjandi atvinnuleysinu, sem samþykkt var að vísa til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi 3. p.m.  
Samp. að fjölga í atvinnubótavinnunni upp í 200 manns frá næsta fimmtudegi, 10. p.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, föstudaginn 27. septbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Beiðni Þórunnar K. Ingimundardóttur, Lindargötu 1 D, um húsa leiguabyrgð vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
2. Beiðni Kristjáns Jónssonar, Njálsg. 50, um aðstoð til þess að fá miðstöðvarhitun í hús sitt vísað til fátækrafulltrúanna til athugunar..
3. Beiðni Helga Sigurðssonar, Arnargötu 10, um lán, allt að 600 kr., til þess að forða húsi hans frá sölu, vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
4. Erindi Frímans Einarssonar, Shellveg 2, um húsnæði, vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
5. Erindi Gests Guðmundssonar, Fálk. 8, um aðstoð til þess að greiða vexti og afborganir af lánum af húseign hans samþykkt og falið fátækrafulltrúunum til afgreiðslu.
6. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra ásamt skýrslu frá Berdal verkfræðingi, dags. 26. þ.m. viðvíkjandi verkætlan Höjgaard & Schultz A/S við Sogsvirkjunina. Samp. að fela borgarstjóra að skrifa A/S.Højgaard & Schultz í samræmi við tillögur Berdals verkfræðings, enda ákveður bæjarráðið að halda sjer við ákvæði verksamningsins við firmað, dags. 7.-8. desbr. 1934 að því er snertir verktilhögun og fresti við framkvæmd virkjunarinnar.
7. Lagt fram brjef frá oddvita Dyrhólahrepps um eftirgjöf á fátækra skuldum hreppsins að nokkru leyti.
8. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að borgarstjóra Pjetri Halldórssyni verði gefið fullt og ótakmarkað um-boð til þess f.h. bæjarstjórnar að undirrita veðbrjef til tryggingar Sogslánu hjá A.B. Stockholms Enskilda Bank og A.S. Kjöbenhavns Handelsbank skv. lánsamningi, dags. í Stockholm 8. desbr. 1934, með veði í Sogsvirkjuninni með tilheyrandi lóð og vatnsrjettindum og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
9. Af hálfu bæjarráðs var borgarstjóri tilnefndur í undirbúningsnefnd Sænsku vikunnar sem ráðin er að haldin verði í Reykjavík fyrri hluta næsta sumars.
10. Samp. að mæla með því við bæjarstjórn að veitingaleyfi verði veitt Guðjóni Guðmundssyni, Ingólfsstræti 3.
11. Lagt fram brjef frá atvinnuálaráðuneytinu, dags. 26. þ.m. um að nokkrum hluta þess atvinnubótafjár, sem fram verður lagt úr ríkissjóði á yfirstandandi ári verði varið til framræslu og jarðabóta á landi ríkisins í Ölfusi og Flóa og til undirbúnings ræktunar í Kópavogs og Digraneslandi. Borgarstjóra falið að ræða málið nánar við atvinnuálaráðherra.
12. Lagt fram brjef frá atvinnuálaráðuneytinu, dags. 23. þ.m. ásamt brjefi skipulagsnefndar, dags. 8. júlí s.l. viðvíkjandi skipulagi í Reykjavík.

13. Bæjarráðið samþykkti að una við mat hinna dómkvöddu manna á endurkaupsverði bæjarins á erfðafestulandinu Norður-  
mýrarbletti I og ákveður að taka landið til byggingalóða fyrir matsverðið.
14. Skv. tillögu bæjarverkfræðings var ákveðið að leiguskil-  
málar á landi sem Jóni P. Dungal verður leigt til refaræktar  
í Krossamýri skulu vera: Leigutími 20 ár. Ræktunar-  
tími 7 ár. Leiga árlega kr. 12.50 pr. ha. á meðan ræktunar-  
tíminn líður, síðan kr. 25 pr. ha.  
Jafnframt var honum heimilað að byggja íbúðarhús á landinu  
allt að 7,5 x 7.5 m. að stærð, einlyft með kjallara, enda  
samþykki byggingarnefndin teikningu og húsið verði tekið  
af landinu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, að leigutímanum  
liðnum.  
og Guðjóni Pjeturssyni, Lvg. 140
15. Samþ. að leigja Lárusi Ottesen, Lgv. 130/land til harðfisk-  
verkunar fyrir vestan fiskverkunarstöð h.f. Defensor eftir  
utvísun bæjarverkfræðings.
16. Samþ. að leyfa Jóni B. Jónssyni, Lvg. 69, að byggja íbúðar-  
hús úr timbri á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti LXXV,  
enda hlýti hann þeim skilmálum, sem bæjarstjórn kann að setja  
um byggingar á erfðafestulöndum.
17. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykja-  
vík um atvinnuleysi í bænum 26. þ.m.
18. Lagt fram brjef frá stjórn verkamannafjelagsins "Dagsbrún",  
þar sem tilkynntar eru tillögur sem samþykktar voru á fundi  
fjelagsins 20. þ.m. viðvíkjandi atvinnuleysinsu hjer í bæn-  
um.
19. Samþ. að fjölga í atvinnubótavinnu upp í 150 manns frá  
næsta fimmtudegi. Felld með 3:2 atkv. tillaga um að fjölga  
upp í 200 manns, sömuleiðis varatillaga um að fjölga upp í  
175 manns.
20. Útsvarsmál: Himinbjörg Jónsdóttir, Vit. 11, Guðm. Helgason,  
Lind. 41, Þingbjörg Egilsdóttir, Ásvallag, 25,  
Sólon Lárusson, Urð. 9, Dánarbu Tryggva Þorhalls-  
sonar, Laufási.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 13. september, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Beiðni Binars Ólafssonar, Lvg. 72, um aðstoð til húsaleigu-  
greiðslu vísað til fátækrafulltrúanna til afhugunar.
2. Skýrsla frá Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar um ágúst-  
mánuð lögð fram.
3. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu,  
dags. 10, þ.m. Þar sem tilkynnt er að ráðuneytið geti ekki  
fallist á að greiða úr ríkissjóði kostnað við atvinnubatur  
hjer í bænum árið 1934 frekar en orðið er.
4. Samþ. að hefja atvinnubótavinnu næsta fimmtudag fyrir 100  
menn, er vinni 7 raunverulega vinnutíma daglega.
5. Lagður fram reikningur Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1934.
6. Lagður fram reikningur Gasstöðvarinnar árið 1934.
7. Samþ. að veita Valdimar Kr. Árnasyni rjettindi sem gaslagn-  
ingarmanni við innanhúslagnir undir eftirliti gasstöðvar-  
stjóra.
8. Lagt fram brjef frá Heimilisiðnaðarfjelagi Íslands þar sem  
farið er fram á að bæjarsjóður láti fjelaginu í tje húsnæði  
og fjárstyrk til þess að halda uppi namsskeiðum fyrir ungar  
stúlkur og húsmæður þar sem kend verði hagnýt handavinna.
9. Lagt fram brjef frá Fiskifjelagi Íslands þar sem skýrt er  
frá starfrækslu Reykjavíkurtogaranna nú.
10. Samþ. að láta Fiskimálanefnd fá til umráða ca. 6 ha. land-  
spildu til 10 ára endurgjaldslaust, til þess að reisa þar  
fiskhjalla. Landspildan verður valin í samráði við bæjar-  
verkfræðing og eftir útvísun hans.
11. Synjað beiðni frá " Nefnd sjerleyfshafa á fólksflötningum  
með bifreiðum"., um að áætlunarbifreiðar er ganga á milli  
Reykjavíkur og Hafnarfja rðar megi hafa stæði á eignarlóð  
Steindórs Einarssonar á horni Aðalstrætis og Austurstrætis.  
Sömu leiðis synjað beiðni nefndarinnar um að hafa stæði fyrir  
þessar bifreiðar í Pósthússtræti.
12. Lögð fram beiðni frá Fulltrúaráði verkalyðsfjelaganna í Reyk-  
javík um að ekki verði krafín leiga af landi fjelaganna í  
Rauðhólum fyrstu 5 árin. Frestað til athugunar.
13. Lagt fram eftirrit af matsgerð lóðamatsnefndar á Kolasundi  
þeim megin er veit að Austurstræti.
14. Samþ. að leigja Helga Vigfússyni, Hvg. 82, lóðina nr. 18 við  
Leifsgötu enda afsali Erlendur Einarsson sjer leigurjetti  
að lóðinni.
15. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Þvottalaugabl.  
XXVI.
16. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fásvo, sbl. XXVI.

17. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XI.
18. Erindi Myndlistafjelags Íslands um lóð undir myndlistaskóla vísað til bæjarveikfræðings til athugunar.
19. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXVIII.
20. Lögð fram brjef frá Oskari Smith og Valdimar Kr. Árnasyni og Lofti Bjarnasyni viðvíkjandi tilboðum í hitalögn etc. í Sundhöllina.
21. Samp. með 3:2 atkv. að kostnaður við að byggja eina hæð ofan á barnaskólann við Reykjaveg, ásamt innrjettingu hæðarinnar og húsbúnaðar vegna hæliss fyrir veikluð skólabörn, verði greiddur úr Barnahélistjóði Reykjavíkur.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Áshjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r áð.

Árið 1935, föstudaginn 6. sept., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Jóns Jónssonar, Bræðr. 21, um lán að upphæð kr. 900.00 til greiðslu á vöxtum og afborgunum af lanum sem hvíla á húsi hans.
2. Samp. að greiða tvo reikninga frá Jóni Norland lækni fyrir natúrvitjanir til þurfamanna í forföllum naturlækna.
3. Lögð fram skýrsla frá Þorsteini Bjarnasyni forstöðumanni Vetrarhjálparríðis um þá starfsemi.
4. Lagt fram brjef frá hjeraðslækni um sóttvárnir vegna manúsóttar. Borgarstjórn falið að ræða málið við hjeraðslæknir og landlæknir.
5. Synjað erindi Hannesar Hjartarsonar um hærri þóknun fyrir gæzlastarf á barnalesstofunni í Frakkneskaspítalanum.
6. Lagt fram brjef frá skólanefndinni um að starfræktur verði heimavistarskóli fyrir veikluð börn í Reykjavegsskóla næsta vetur, ásamt nokkrum áætlunum um stofn- og reksturskostnað. Frestað til athugunar.
7. Lögð fram ályktun skólanefndarinnar á fundi hennar 4. þ.m. um að öll börn sem sitja í barnaskólunum 3 stundir daglega eða meira skuli njóta tveggja tíma leikfímiskennslu á viku og fari sú kennsla ekki fram eftir kl. 7 að kveldi. Samþykkt að fela borgarstjóra að leita samninga um aukið húsnæði til þess að bæjarstjórnin geti orðið við tilmælum skólanefndar.
8. Lögð fram tilboð og tillögur um jarðskjálftatryggingar á húseignum í bænum. Falið borgarstjóra til nánari athugunar.
9. Samp. að leyfa Aðalheiði Albertsdóttur að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXIV, eftir nánari tilvísun bæjarverkfræðings.
10. Lagður fram frumuppdráttur að skipulagi í Miðbænum og Grjótaþorpinu. Samp. að láta gera áætlanir um kostnað bæjarsjóðs við ventanlega skipulagningu á þessum slóðum.
11. Samp. að gefa Jóni A. Pjeturssyni, Hofsvallagötu 18, kost á leiguloo til íbúðarhúsabyggingar sunnan Hringbrautar suðvestur af Elliheimilinu eftir útvísun bæjarverkfræðings.
12. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykjavík um starfsemi skrifstofunnar í ágústmanuði.
13. Lögð fram tillaga Sigurðar Ólafssonar og Stefáns Jón. Stefánssonar, er vísað var til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi í gær, um að bæjarstjórnin taki á leigu 3 togarar til ufsaveiða. Út af tillögunni var borgarstjóra falið að rannsaka hvort og að hve miklu leyti togarar yrðu gerðir út nú í haust.
14. Lagðar fram tillögur Björns Bjarnasonar sem vísað var til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi í gær.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Bjarni Benediktsson.  
Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarráð

Ár 1935, föstudaginn 30. ágúst kl. 5 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Sigurgeiri Björnssyni, Hverfisgötu 83, um hækkun á styrk.
2. Reikningsjöfnuður Rafmagnsveitu Reykjavíkur pr. 31/7.'35 lagður fram.
3. Lögð fram beiðni frá Útvegsbanka Íslands h.f. um að bank - anum verði leigð eða seld lóð í Kolásundi undir viðbygg - ingu. Út af þessu var samþykkt að láta meta lóðina - Austur - strætismegin og gefa síðan eigendum Austurstrætis 17 og 19 kost á að kaupa lóðina.
4. Synjað beiðni frá Kristjáni Einarssyni um leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXIII.
5. Lagðar fram umsóknir um kaup á lóðinni nr. 34 við Garða - stræti frá Kristni Björnssyni lækni og Tómasi Tómassyni, Garðastræti 8. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
6. Samkvæmt tillögum bæjarverkfræðings voru samþykktir þessir leiguskilmálar um eftirtaldar leigulóðir:  
Lóð h.f. Gler við Þvergötu, leigutími 40 ár.  
Lóð h.f. Vinnufatagerðin við Þvergötu, leigutími 40 ár.  
Lóð Eggerts Kristjánssonar við Skulagötu, leigutími 75 ár.  
Lóð h.f. Lakkrísgerðin við Vitastíg, leigutími 75 ár.
7. Lagt fram bréf frá bæjarverkfræðingi þar sem hann skýrir frá, að innfluttnings - og gjaldeyrisnefnd hafi synjað um gjald - eyri fyrir þvotta og hreinsitækjum í Sundhöllina. - Út af þessu var borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að tala við ríkisstjórnina um málið.
8. Hafnað forkaupsrétti að erfðafestulandinu Laugarásbletti III.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Ásbjörnsson

Jón Axel Pétursson.

Bjarni Benediktsson.



B e j a r r á ð.

Ár 1935, föstudaginn 23. ágúst kl. 5 síðdegis hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Jean Alberts Hallgrímssonar Reykjavíkurv. 7 um að greidd verði fyrir hann husaleiga fyrir íbúð í husinu Týsgötu 4 C.
2. Samþ. að greiða reikning yfir hey sem Eiríkur Einarsson Brunnastöðum fjekk síðast liðinn vetur hjá Sveini Páls - syni Hábs.
3. Synjað beiðni Frimanns Einarssonar Shellveg 2 um styrk til fatakaupa.
4. Lagt fram brjef frá Ásgeiri Þorsteinssyni verkfr. við - víkjandi jarðskjálftatryggingum í Reykjavík.
5. Brindi Ólafs Jóelssonar og fleiri grjótvinslumanna um að bærinn kaupi af þeim unnið grjót vísað til bæjarverkfræð - ings til afgreiðslu.
6. Ákveðið að senda lögreglustjóra kvörtun Þórðar Kolbeins - sonar Hverf. 94 a út af óknyttum sem hann kveðst verða fyrir.
7. Samþ. að leigja h.f. Kveldúlfi nýju fiskreitina í Rauðar - arholti norðan Háteigsvegar fyrir 6000 króna ársleigu.
8. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti X.
9. Samþ. að leyfa Jakobi Magnússyni Búlandi við Tunguveg að byggja geymslu - og þvottahús úr timbri á erfðafestu - landinu Bustaðabl. XVI.
10. Synjað erindi Kristófers Grímssonar og fleiri búenda í Sogamýri um niðurfærslu á erfðafestugjaldi af löndum þeirra Sogamýri I - XV.
11. Lagt fram brjef frá Önnu Ásmundsdóttur og Laufeyju Vil - hjálsdóttur Suðurgötu 22 dags. 18. þ.m. þar sem þær bjóða aðstoð við að koma á stofn og starfrækja handavinnuskóla fyrir ungar stulkur gegn framlagi úr bæjarsjóði. Ennfremur voru lögð fram meðmæli með erindinu frá nokkrum húsmæðrum. Vísað til borgarstjóra til athugunar.
12. Hafnað tillögi Jóns Heiðbergs um leigu á neðstu hæð hússins nr. 12 við Vonarstræti til þess að starfrækja þar almennings eldhús.
- X 13. Erindi Guðríðar Norðfjörð viðvíkjandi snyrtistofu í Sund - höllinni vísað til bæjarverkfræðings til athugunar með 4 : 1 atkv.
14. Samþ. að heimila borgarstjóra að krefja ekki um dráttar - vexti af þessa árs útsvörum þeirra gjaldenda sem greiða útsvörin að fullu fyrir næstu mánaðamót.
15. Stefán Jóh. Stefánsson og Jón Axel Fjetursson báru fram svohlj. tillögu:

" Vegna hins mikla atvinnutjóns, er fjöldi fólks hjer í bænum hefir orðið fyrir sökum sildarleysis í sumar, ákveður bæjarráðið að velja 3 menn í nefnd og gefa fulltruaráði verkalyðs-fjelaganna í Reykjavík kost á að skipa 2 menn til viðbótar í nefndina, og athugi nefnd þessi á hvern hátt best verði greitt fyrir fólki því, sem nú er að koma til bæjarins fjevana eftir sumarið.

Jafnframt felur bæjarráðið borgarstjóra og bæjarverkfræðingi að gera tillögur um verk þau er vinna skal í atvinnubótavinnu í haust og vetur."

Út af fyrri lið tillögunnar var gerð svohljóðandi ályktun með 3 : 2 atkv.

" Þar sem bæjarráð álitur að það sem segir í fyrri lið tillögunnar sje verkefni atvinnuskrifstofanna í bænum og fátakra-stjórnarinnar sjer það ekki ástæðu til að kjósa sjerstaka nefnd að svo komnu."

Síðari liður tillögunnar samþ. með samhljóða atkv.

16. Samþ. með samhljóða atkv. svohljóðandi tillaga frá Jóni Axel Pjeturssyni;

"Bæjarráð felur borgarstjóra að láta fara fram athuganir á fyrirkomulagi og kostnaði við rekstur almenningseldhúss er sje við hæfi Reykjavíkurbæjar."

17. Útsvarsmál:

Víglundur Jónsson, Bárug. 38,  
Einar Karl Magnússon, Framnesv. 12,  
Sigrún Magnúsdóttir, Lauf. 75,  
Matth. Matthíasson, Skólav. 22,  
Benedikt Benediktsson, Hvg. 96B,  
Þórður Kolbeinsson, Hvg. 94 A,  
Sveinn Jón Einarsson, Bráðræðish. 37,  
Páll Sigurósson, Njarðarg. 35,  
Þórarinn Árnason, Grett. 60,  
Guðfinnur Guðmundsson, Hringbr. 146,  
Victor Rude, Hvg. 59,  
Howard Little, Magnus Guðmundsson, skipasm.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Jakob Möller

Guðmundur Ásbjörnsson

Bjarni Benediktsson

Jón Axel Pjetursson

Stefán Jóh. Stefánsson.

B æ j a r r ' a ð .

=====

Ár 1935, föstudaginn 16. ágúst, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Beiðni Árna Þórðarsonar, Barónsstíg 11, um styrk vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
2. Erindi Erlendar Erlendssonar, Bergþórugötu 20 um betra húsnæði vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu, með heimild til þess að hækka húsaleigugreiðslu fyrir hann upp í kr.90.00 á mánuði.
3. Ákveðið að senda kæru Einarssyni Jónatanssonar, Bergstaðastr. 6 C á hendur Einari syni hans áfram til lögreglustjóra.
4. Samp. að gera kröfu til lögreglustjóra um að strangt eftirlit verði haft með því að önnur bifreiðastæði sjeu ekki tekin til notkunar á götum bæjarins en þau sem bæjarráðið ákveður.
5. Samp. að leigja Steindóri Einarssyni lóð við Sellandsstíg og Hringbraut eftir útvísun bæjarverkfræðings.
- ~~6.~~ Lagt fram erindi frá íbúum við Vesturgötu vestarlega um lagfæringar á götunni. Vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
7. Synjað erindi Magnúsar Þorlákssonar, Blikastöðum, um að ræktunartími erfðafestulandsins Bústaðabl. IV, verði framlegndur um 2ja ára skeið, þannig að erfðafestugjaldið hækki ekki fyrir en árið 1937.
8. Lagt fram brjef frá Oskari Smith þar sem hann tilkynnir að hann geti ekki staðið við tilboð sitt um hitalögn etc. í Sundhöllina nema með vissum skilmálum. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1935, föstudaginn 9. ágúst, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samp. að veita Sigurði Guðmundssyni, Urð.6, aðstoð til þess að standa skil á áföllnum fasteignagjöldum til bæjar-  
sjóss.
2. Synjað beiðni Hannesar Sveinssonar, Bústaðabl. XIX, um  
aðstoð til þess að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu  
Bústaðabl. XXI.
3. Synjað erindi Magnúsar Jónssonar, Grett. 40 B, um meðlag  
með Höskuldi Guðmundssyni frá 26. maí til 28. júní s.l.  
og um hækkað meðlag eftir þann tíma þar til Höskuldur fór  
af heimili Magnúsar.
4. Samp. að ábyrgjast spítalækostnað, án læknishjálpar, fyrir  
Stefaníu Stefánsdóttur, Þorsg. 28.
5. Erindi Þorsteins Jónssonar, Hvg. 62, um styrk til húsa-  
leigu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
6. Beiðni Jóns Magnússonar frá Miðseli um lóð undir íbúðar-  
hús í Eiðslandi vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
7. Samp. að Skipulagssjóður kaupi 214,1 ferm. af lóð Flosa og  
Sigurjóns Sigurðssonar undir Sölvhólsgötu fyrir fasteigna-  
matsverð, kr. 18.00 pr. ferm.
8. Samp. að fela bæjarverkfræðingi að láta lagfæra hús og fjós  
í Gufunesi, til bráðabirgða, með sem minnstum kostnaði.  
fyrir bæjarsjóð.
9. Lagt fram brjef frá stjórn Starfsmannafjelags Reykjavíkur,  
ásamt eftirriti af brjefi frá kyndurum í Gasstöðinni til  
Starfsmannafjelagsins um launahækkun til kyndaranna.  
Borgarstjóra falið málið til athugunar.
10. Lögð fram skýrsla Ráðningarskrifstofunnar fyrir júlímánuð.
11. Lagðir fram reikningar Vinnumiðlunarskrifstofunnar til  
31. júlí.
12. Haf-nað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XX.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Þjetur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Þjetursson.

Bjarni Benediktsson.

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1935, föstudaginn 2. ágúst, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Pjetur Halldórsson borgarstjóri var kosinn formaður bæjar-  
ráðs.
2. Erindi frá Gunnari Ingimundarsyni, Suðurláti, um nýtt og betra  
húsnæði vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
3. Samþ. að greiða Þingvallahreppi  $\frac{2}{3}$  reikningsupphæðar fyrir  
matvörur handa Markúsi Jónssyni. Svartgili og flutning á  
þeim austur.
4. Synjað beiðni Sigurðar Benediktssonar, Vest. 33 B um aðstoð  
til þess að kaupa húskofa við Grandaveg.
5. Beiðni Sigurbergs Sigurbergssonar, Laugamýrarbl. VII um að-  
stoð við að flytja hus, sem hann hefir keypt, vísað til fátækra-  
fulltrúanna til athugunar.
6. Lögð fram umsögn Benedikts P. Gröndal verkfr. um brjef Valdi-  
mars Kr. Árnasonar og Lofts Bjarnasonar, dags. 26. f.m. við-  
víkjandi útboði á hitalögn o. fl. í Sundhöllina.
7. Lagt fram brjef frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 29.  
f.m., þar sem ráðuneytið staðfestir viðtal við settan borgar-  
stjóra viðvíkjandi Sundhöllinni. Samþykkir ráðuneytið allar  
ályktanir bæjarráðs og bæjarstjórnar um málið og lofar fram-  
lagi úr ríkissjóði svo sem gert er ráð fyrir í þingsályktun 7.  
desbr. 1933. Borgarstjóra falið að gera nauðsynlega verkæmn-  
inga við bjóðendur.
8. Samþ. að greiða innheimtumönnum bæjarsjóðs ómagauppbót eftir  
sömu reglum sem öðrum starfsmönnum bæjarins.
9. Hafnað söluboði Sigurðar Ólafssonar á Brú og Brúarenda með til-  
heyrandi löndum.
10. Synjað beiðni Guðjóns Jónssonar, Rauð. 10, um viðbót við lóð  
hans þar.
11. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Litlubrekkubletti.
12. Samþ. að fá úrskurð ríkisskattanevndar um lækkanir yfirskatta-  
nefndar á útsvörum gjaldenda 1935.
13. Samþ. tillögur Bjarna Benediktssonar og Jóns A. Pjeturssonar  
um úthlutun á leigulóðum í Norðurmyri.  
Sömuleiðis samþ. að setja leigutökum frest til 15. marz næstk.  
til þess að hafa byrjað á byggingu, enda sju husin gerð eftir  
teikningum, sem bærinn lætur gera.
14. Útsvarsmál: Nýja Vjelsmiðjan, Guðm. Guðmundsson, Rán. 18,  
M Þorsteinn Jónsson, Hv. 58 A, Pjetur O. Johnsen,  
Rannveig Sigurðardóttir, Vest. 32, Danarþú Borg-  
þórs Jósefssonar, Ari Magnússon, Brag. 32 A,  
Sveinn Kristjánsson, Sólv. 31.

Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið.

Pjetur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.  
Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson,  
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur  
Bjarni Benediktsson, Steinar Jónsson

B æ j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 26. júlí, kl. 5½ síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi Jóns Bergssonar um styrk til greiðslu vaxta og afborgana af veðdeildarláni, sem hvílir á húseign hans, vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
2. Erindi oddvitans í Gaulverjabæjarhreppi f.h. Laufeyjar Jónsdóttur í Vöðlakoti um að henni verði greitt úr bæjar-  
sjóði meðlag með tveim börnum hennar og Júlíusar Helga-  
sonar, Hvg. 06 A, fyrir tímabil, sem liðið er áður en  
meðlagsúrskurðir voru fengnir, vísað til borgarstjóra  
til afgreiðslu.
3. Neitað að greiða læknishjálp fyrir Hákon Nielsen, Vatns-  
stíg 9, norskan ríkisborgara, sem dvaldi hjer við nám.
4. Synjað beiðni Jóns Jónssonar frá Hvoli um styrk úr bæjar-  
sjóði handa konu hans til ferðalags vestur í Dalí.
5. Samp. að taka tilboði Oskars Smith um hitalögn í vjela-  
varðahúsin við Ljósafoss.
6. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 25. þ.m. um vöru-  
flutningana austur að Sogi, ásamt eftirritum af brjef-  
um, sem farið hafa á milli vörubílastöðvarinnar Þróttur  
og Rafmagnsveitunnar annarsveggar, en Rafmagnsveitunnar  
og A/S. Höjgaard & Schultz hinsveggar.
7. Lagður fram reikningur Hjúkrunarfjelags Reykjavíkur árið  
1934.
8. Lagt fram brjef frá Lofti Bjarnasyni og Valdimar Kr.  
Árnasyni, dags. 26. þ.m. þar sem þeir kvarta yfir því,  
að tilboði þeirra um hitalögn o.fl. í Sundhöllina skyldi  
ekki vera tekið.  
Brjefinu vísað til Ben. P. Gröndal til umsagnar.
9. Samp. að leyfa áætlunarbifreiðum, er ganga á milli Reykja-  
víkur og Hafnarfjarðar, afnot tyeggja bifreiðartaða í  
Lækjargötu við Iðnskólann og Búnaðarfjelags Íslands  
gegn 10 króna mánaðarleigu fyrir hvort staði.
10. Samp. að leyfa Kjartani Bjarnasyni að byggja íbúðar-  
hús ur steinsteypu á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XV.
11. Samp. að leyfa Kristjáni O. S veinssyni að byggja íbúðar-  
hús ur timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXIV.
12. Samp. að leyfa Ernst Bachmann að byggja hæsnahús á erfða-  
festulandinu Kringlumýrarbl. XXIII.
13. Beiðni Guðmundar Árnasonar, Þverveg 16, um hornlóð á  
hentugum stað fyrir sölubúð og vinnustofu vísað frá.
14. Synjað beiðni Guðjóns S igurðssonar, Barónsstíg 63, um  
að bæjarsjóður setji tryggingu fyrir framgangi lögbanns-  
gerðar gegn byggingu bifreiðarskurs á lóðinni nr. 9 við  
Eiríksgötu.

15. Samp. að leysa Valgeir Björnsson, bæjarverkfræðing undan skyldu til þess að hafa afskipti af væntanlegum kaupum bæjarins á Rauðarártúni
16. Erindi erfðafestuhafa í Sogamýri um lækkun á erfðafestgjaldi falið bæjarverkfræðingi og borgarritara til athugunar.
17. Samp. að mörk á milli lóða Eggerts Kristjánssonar við Skúlagötu og Lakkrísgerðarinnar við Vitastíg verði ákveðin úr suðaustanhorni á lóð Kassagerðarinnar við Skúlagötu hornrjett á stíg norðan Bjarnaborgar.
18. Út af erindi Steinunnar Pjetursdóttur, Rán. 29, dags. 19 des. 1934 samþykkti bæjarráðið að það telur óheppilegt að leyfa sambyggingar sunnan Ránargötu frekar en orðið er.
19. Útsvarsmál: P. Petersen ( dráttarvextir ) .

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pjetursson.

Ár 1935.  
ráðið fu

1. Beiðni G  
bæjarsjó  
á Landss  
ar.  
2. Beiðni K  
græiði ka  
fulltruar  
3. Aðalstein  
um allt a  
ingabifre  
4. Synjað me  
nesvegi 6  
og endurb  
5. Brindi frá  
reiðum um  
fjarðar og  
athugunar.  
Samp. að l  
götu til i  
Samp. að g  
lóðinni n  
Samp. að ve  
landi, um a  
bæjarsjóð,  
afborgunum á  
Lagt fram b  
boði hans u  
festulandin  
Borgarstjór  
ráðherra he  
ins yrðu frá  
kosti myndi  
um að auglý  
í blöðum and  
auglýsa í Ný

B æ j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 19. júlí kl. 5 e.m., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Beiðni Guðna E. Kristjánssonar áður Lvg. 159 A um að bæjarsjóður greiði fyrir hann skuld vegna sjúkrahúsvistar á Landsspítalanum vísað til fátækrafulltrúanna til athugunar.
2. Beiðni Kristjáns Lárussonar, Shellveg 4, um að bæjarsjóður greiði kaup ráðskonu sem hjá honum er vísað til fátækrafulltrúanna til athugunar.
3. Aðalsteinn Guðmundsson, Sunnubóli við Langholtsgveg, sækir um allt að 200 kr. lán til þess að geta leyst út vöruflytningabifreið. Falið fátækrafulltrúunum til rannsóknar.
4. Synjað með 3:2 atkv. beiðni Guðbjarnar Ásmundssonar, Laugarnesvegi 69, um ábyrgð fyrir 3000 króna láni til viðgerðar og endurbóta á huseign hans.
5. Erindi frá nefnd sjerleyfishafa á fólksflytningum með bifreiðum um stæði fyrir bifreiðar sem aka á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
6. Samþ. að leigja h/f. Vinnufatagerð Íslands lóð við Þvergötu til ionreksturs, eftir útvísun bæjarverkfræðings.
7. Samþ. að gefa Önnu Helgadóttur, Freyjug. 42, kost á leigulóðinni nr. 11 við Leifsgötu.
8. Samþ. að verða við beiðni Sumarlínu D. Jónsdóttur, Seljalandi, um að breyta greiðsluskilmálum á skuld hennar við bæjarsjóð, þannig að eftirstöðvarnar greiðist með jöfnum afbörgunum á næstu ló árum.
9. Lagt fram brjef frá Ögmundi Hanssyni, Hólabrekku, út af boði hans um að bæjarsjóður neyti forkaupsrjettar að erfðafestulandinu Litlubrekkuþetti.
10. Borgarstjóri skýrði frá því að Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra hefði mælt til þess við sig að auglýsingar bæjarins yrðu framvegis birtar í Nýja Dagblaðinu, að öðrum kosti myndi ráðherrann sjá sig tilneyddan að hlutast til um að auglýsingar frá ríkisstjórninni yrðu ekki birtar í blöðum andstæðinga hennar. Tilmælum ráðherrans um að auglýsa í Nýja Dagblaðinu var synjað með 3:1 atkv.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Ejarni Benediktsson

Jakob Möller.

© Borgarskjálasafn Reykjavíkur



B æ j a r r á ð .

Ár 1935, fimmtudaginn 18. júlí, kl. 11½ f.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Fátækrafulltrúarnir lögðu fram skrá yfir unglunga sem þeir  
óskuðu eftir að teknir yrðu af hálfu bæjarráðs í vegavinnu  
austan Þingvallavatns. Samþ. að fela Ragnari Lárussyni  
fátækrafulltrúa að tilkynna öllum aðilum að þeir piltar,  
sem á skránni voru sjeu af hálfu bæjarráðsins ráðnir til  
vinnunnar. Ennfremur var honum falið að ráða unglunga í  
stað þeirra sem úr kynnu að ganga.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a t r á ð .

=====

Árið 1935, föstudaginn 12. júlí, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram beiðni frá Sigurbergi Elíassyni, Laugarnesvegi 55, um 500 króna lán úr bæjarsjóði. Málínu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu
2. Beiðni frá Jóhannesi Ólafssyni, Blönduhlíð, um að bæjar-  
sjóður greiði fyrir hann leigu fyrir býlið Grund við  
Langholtsveg vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
3. Samþ. að taka lágsta tilboði um byggingu spennistöðvar -  
húss við Hrannarstíg, frá Ólafi Th. Guðmundssyni, Lauga-  
veg 34 B, kr. 4150.00.
4. Lagt fram brjef frá Eggert P. Briem um skaðabætur handa  
ekkjju Gíssurs Grímssonar, sem ljetst af slysi við Sogs-  
vinnuna. Málínu vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.
5. Borgarstjóri skýrði frá, að samkomulag hefði náðst um  
íhlutun bæjarráðsins um ráðningu manna í æskulýðsvinnu  
við vegalagningu vegna Sogsvirkjunarinnar.
6. Samþ. að greiða föstum starfsmönnum bæjarins 20 króna  
aukaþóknun fyrir hvern ómaga sem þeir hafa á föstu fram-  
feri eftir sömu reglum sem gert hefir verið undanfarin  
ár.
7. Erindi Gunnars M. Magnúss, Egilsgötu 32, um styrk til þess  
að standast kostnað af ferðalagi hans með fullnáðarprófs-  
börn úr Austurbæjarskólanum vísað til borgarstjóra til  
afgreiðslu.
8. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að leyfi Hinu ísl.  
garðyrkjufjelagi afnot nokkurra kennslustofa í Miðbæjar-  
skólanum til garðyrkjusýningar í ágúst næstk. í tilefni  
af 50 ára afmæli fjelagsins.
9. Lögð fram skýrsla frá Ráðningar-stofu Reykjavíkur-  
bæjar fyrir júní mánuð síðastliðinn.
10. Lagt fram brjef frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu dags.  
6. þ.m. um að bæjarstjórn kjósi 2 menn í nefnd til þess  
að rannsaka atvinnuleysi unglinga og gera tillögur til  
urlausnar því máli. Bæjarráð mælir með því að bæjar-  
stjórn kjósi menn í nefndina, en því að eins að nefndar-  
menn vinni kauplaust.
11. Lagt fram brjef fráðslumálastjóra, dags. 8. þ.m., þar  
sem lagt er fyrir bæjarráð að láta ganga frá gólfi í  
minni leikfímíssal Austurbæjarskólans skv. úrskurði  
dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 24. jan. 1933 fyrir 1.  
ágúst næstk.  
Út af brjefinu var samþ. með 3:2 atkv. að fela bæjar-  
verkfæðingi að láta breyta leikfímíssalnum í kennslu-  
stofur.
12. Tilboð Jóns Ásbjörnssonar hrm. f.h. dánarbús Sigríðar  
Þorláksdóttur um að bæjarsjóður kaupi Rauðarartun vísað  
til bæjarverkfæðings og borgarstjóra Reykjavíkur

- X 13. Erindi Kristjáns Þorsteinssonar, Akri, Seltjarnarnesi um lóð undir íbúðarskur vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
- X 14. Erindi Guðmundar Árnasonar, Þverveg 16, um lóð undir sölubúð og vinnustofu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
15. Svohljóðandi tillaga samþ. í einu hljóði:  
" Bæjarráð felur borgarstjóra að bera fram við ríkisstjórnina eindregin tilmæli um að tryggð verði yfirfærsla á vöxtum og afborgunum af byggingarláni, sem byggingarsamvinnufjelag símamanna hefir fengið vilýrði fyrir í Englandi og ráðgert er að bæjarsjóður taki ábyrgð á ."
- X 16. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að gera tillögur um á hvaða erfðafestulöndum skuli leyft að byggja og með hverjum skilmálum.
- X 17. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti nokkrar breytingar á húsi Jóns Oddgeirs Jónssonar, Bústaðabl. XVIII.
- X 18. Samþ. að leigja Hákonni Jónassyni, Fálk. 18 A, land til garðræktar á Melunum skammt frá Einarssstöðum eftir útvísun bæjarverkfræðings og með 3ja mánaða uppsagnarfresti.
19. Samþ. að afþakka tilboð um leigu á barnaheimilinu Egilsstöðum á yfirstandandi sumri.
- X 20. Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti skipulag Einarss Sveinssonar byggingarmeistarar af svæðinu austan Hringbrautar og sunnan Njálsgötu.
- X 21. Bjarna Benediktssyni og Jóni A. Pjeturssyni falið að gera tillögur um uthlutun byggingarlóða í Norðurmyri sunnan Njálsgötu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, föstudaginn 5. júlí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Brindi bæjarstjórans í Hafnarfirði um að varðmanni slökkvitækja þar verði um manaðartíma veitt starf á slökkvistöðinni hjer í Reykjavík aðallega til þess að kynnast starfsháttum slökkviliðsins hjer, vísað til brunamálanefndar.

2. Samp. að veita úr bæjarsjóði kr. 300.- til skólaferða barna úr barnaskólum Reykjavíkur á yfirstandandi ári.

3. Um sundhöllina voru gerðar eftirfarandi ályktanir:

Samp. að allir klefaveggir skuli vera gerðir úr hellusteini.

Samp. að taka heildartilboði Ragnars Bárðarsonar o. fl. um að fullgera húsið fyrir kr. 83,600.- sbr. þó brjef t. bjóðenda dags. 14. júní s.l.

Samp. að taka tilboði Oskars Smith um hitabögn o. fl. fyrir kr. 35,500.-.

Samp. að taka tilboði Á. Einarsson & Funx um harðbrenndar veggflísar og steina frá Ullersdorf og um gólflísar frá Viller og Boch. #

Öllum tilboðunum er tekið með því skilyrði að bjóðendur setji þær tryggingar sem krafist verður og samningar takist við þá að öðru leyti.

Það er sömuleiðis skilyrði af hálfu bæjarráðs að ríkisstjórnin samþykki framangreindar ályktanir og að samkomulag náist við stjórnina um fjárframlög úr ríkissjóði til þess að hafist verði hæfda um að fullgera sundhöllina.

Var borgarstjóra falið að ræða um málið við ríkisstjórnina.

4. Lögð fram skýrsla Helga Sigurðssonar verkfr. um að vatn úr hitaleiðslu bæjarins hafi verið lagt í húsið nr. 45 við Barónsstíg frá húsinu nr. 41 við sömu götu. Ákveðið að kæra til lögreglustjóra ut af skýrslunni.

5. Brjefi Yörubílastöðvarinnar "Þróttur", dags. 22. f.m. um akstur á efni til Sogsvirkjunarinnar vísað til rafmagnsstjóra.

6. Ákveðið að biðja Raftækjaeinkasöluna að bjóða út að nýju brunasímakerfi fyrir Reykjavík og biðja landsímastjóra jafnframt að láta ekki taka niður staura sem brunasíminn nú er á fyr en nýji síminn verður tekinn til notkunar enda verði þeim framkvæmdum hraðað eftir föngum.

7. Bæjarráð ályktar að halda fast á rjetti bæjarins til svonefnds nýbýlis Þúfnaness í Úlfljótuvatnslandi skv. upphaflegum samningum um vatnsrjettindi í Bfra-Sogi og uppboðsafsali fyrir Úlfljótuvatni.

8. Samp. að fela borgarstjóra að semja við ríkisstjórnina um framkvæmd atvinnubótavinnu fyrir unglunga skv. ályktun bæjarstjórnar í gær.

Ennfr. samp. með 3:2 atkv. að setja sem skilyrði fyrir framlagi bæjarsjócs til þessarar vinnu að bæjarráðið ráði a.m.k. helming þeirra æskumanna sem vinnuna

9. Beiðni Sigurðar Þorsteinssonar, Freyjug. 11, um lán úr bæjarsjóði til þess að greiða afallin opinber gjöld og vexti og afborganir af lanum af húseign hans vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
10. Samskonar beiðni Ólafs Jónssonar, Framnesvegi 25, sömu leiðis vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
11. Synjað beiðni Jóns Jónssonar frá Hvoli um að bæjarsjóður greiði ferðakostnað fyrir konu hana vestur í Dali.
12. Lagt fram brjef frá Pjetri Jóhannssyni um girðingu um hverfis Leifsstyttna.
13. Lagt fram tilboð frá h/f. Ísbjörninn um að bæjarsjóður kaupi fasteign fjelagsins við Skothúsveg ásamt frystivjelum. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
14. Lagt fram brjef frá prófessor Si. P. Sívertsen ásamt frumvarpi til laga um afhending Dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og fjölgun sokna og presta í Reykjavík og öðrum kaupstöðum.
15. Lagður fram reikniður frá Alexandar Guðmundssyni (og Efnarannsóknarstofu ríkisins) um eftirlit með mjólkurframleiðslu á bæjarlandinu 26. marz til 1. júlí. Borgarstjóra falið að afgreiða málið.
16. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 27. júní, þar sem samþykkt eru kaup bæjarsjóðs og Skipulagssjóðs á Briemsfjösi og Vatnsmýrarblettum V og VIII.
17. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 29. júní ásamt brjefi frá Skipulagsnefnd um skipulag sunnan Þjóðleikhússins.
18. Lagt fram brjef frá Margrjeti Árnason, Hólum í Skildinganesi um fyrirhugað skúpulag í Skildinganeslandi. Vísað til bæjarverkfræðings.
19. Beiðni Jóns B. Jónssonar um leyti til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti XXXV vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
20. Synjað beiðni Kjartans Bjarnasonar um leyti til þess að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XV.
21. Synjað beiðni Kristjáns Ó. Sveinssonar um leyti til þess að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXIV.
22. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XL.
23. Bæjarverkfræðingi falið að sjá um að tekið verði í burtu skur og girðingar sem hindrá umferð um stíg þann, sem bærinn á og liggur á milli Bergþórugötu og Njálsgötu til umferðar fyrir íbúa Bergþórugötu neðanverða.
24. Guðm. Helgason, Lind. 41, afsalar sjer rjetti til leigulóðarinnar nr. 96 við Laugaveg.
25. Birni Bjarnasyni, Freyjugötu 46 gefinn kostur á leigulóðinni nr. 12 við Blomvallagötu.
26. Samkv. tillögu bæjarverkfræðings var samþ. að láta hólræsi

1. Norðurmyrriá milli Hringbrautar og Rauðararstígs.

27. Samp. að fela Einarí Sveinssyni húsameistara að gera fulln-  
aðar skipulagsupprátt af Norðurmyri sunnan framlengingar af  
Njálsgötu að Rauðararstíg og ákveðið að úthluta byggingarloð  
um á því svæði. Sömuleiðis var Einarí Sveinssyni falið að  
gera teikningar af húsum sem byggð verða á svæðinu.  
Ákveðið að auglýsa að byggingarloðum verði úthlutað þar  
alveg á næstunni.

28. Erindi Stefáns Árnasonar, Þorragötu 6, um ókeypis vatnsað að  
Þorragötu 8 vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

29. Samp. að lækka verð á grjótmulningi til húsabygginga um  
15 % frá næstkomandi mánuðegi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

bæja

1. Erindi m.  
Guðmunds  
bæjarstj

2. Beiðni J.  
eftirgjö  
stjóra.

3. Lagt fram  
í raflög  
rafmagns  
Hjartars

4. Lagt fram  
prof. jur  
verði va  
stjóra t

5. Lagt fram  
þöknun t  
Ákveðið  
bæjarstj

6. Samp. að  
spildu e  
var erfð  
ibuðarhú

7. Samp. að  
næði í h  
Leigutím  
ljós, hi  
með mana

8. Borgarst  
a nottum  
að gera

9. Samp. að  
leigulöð

10. Samp. að  
til refa  
Leigutím

11. Hafnað f  
með huse

12. Synjað b  
að byggj  
Þvottala

Bæjarráð.

=====

Á 1935, föstudaginn 28. júní kl. 1 1/2 e.h. hjelt  
bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi mjólkurframleiðenda á bæjarlandinu og Alexanders Guðmundssonar um heilbrigðiseftirlit með kum vísað til bæjarstjórnar.
2. Beiðni Jóns B. Jónssonar Austurvelli við Kaplaskjólsvæg um eftirgjöf á rafmagnsheimtaugargjaldi vísað til rafmagns-  
stjóra.
3. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. í dag ásamt tilboðum í raflögn í íbúðarhúsin við Ljósafoss og eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að taka lögsta tilboðinu frá Eiríki Hjartarsyni.
4. Lagt fram brjef frá skilanefnd í búi Magnúsar Jónssonar prof.juris. um greiðslu á 5000 kr.- eftirstöðvum af kaup-  
verði vatnsrjettinda í Efra - Soginu. Vísað til rafmagns-  
stjóra til afgreiðslu.
5. Lagt fram brjef frá gasstöðvarstjóra um greiðslu á auka-  
þöknun til kyndara Gasstöðvarinnar fyrir sunnudagavinnu.  
Ákveðið að óska eftir nánari skýrslum og erindinu vísað til  
bæjarstjórnar.
6. Samþ. að skifta úr erfðafestulandinu Sogamýri I 1000 fermeta  
spildu er verði erfðafestulandið Sogamýri IA og jafnframt  
var erfðafestuhafanum Þorkeli Helgasyni leyft að byggja  
íbúðarhús á síðarnefnda landinu.
7. Samþ. að taka tilboði Steingríms Araðonar um leigu á hús -  
næði í húsi hans við Baugsveg til skólalaháls - næsta vetur.  
Leigutíminn hefjist 1. okt. næstk. Ársleiga, þar með talið  
ljós, hiti, ræsting o.fl. samtals kr. 3000,- er greiðist  
með mánaðarlegum greiðslum.
- X 8. Borgarstjóra heimilað að láta halda vörð um Leifsstýttuna  
á nöttum nú í sumar. Ennfr. var bæjarverkfræðingi falið  
að gera tillögur um framtíðarskipulag hjá stýttunni.
9. Samþ. að gefa Kristni Gíslasyni, Ingólfsstræti 21 kost á  
leigulöðinni Blómvallagötu 13.
- X 10. Samþ. að leigja Jóni P. Dungal 4,2 ha. spildu í Krossamýri  
til refaræktar, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings. |  
Leigutíminn verði 20 ár.
11. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti IV.  
með húseigninni Blómsturvellir.
12. Synjað beiðni Aðalheiðar Albertsd. Hálogalandi um leyfi til  
að byggja íbúðarhús og fjós úr timbri á erfðafestulandinu  
Þvottalaugabletti XXIV.

13. Synjað beiðni Kristjáns Ó. Sveinssonar um leyfi til að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlu - myrarbletti XXIV.
14. Samp. að mæla með beiðni Magneu Áslaugar Sigurðardóttur Háteigi um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.
15. Samp. að selja Lárusi F. Björnssyni, Fjöln. 20 skepnur og áhöld sem bærinn kaupir af Friðriki og Sturlu Jónssonum og fylgt hafa svonefndu Briemsfjósi. Kaupverðið verði 20 þús.- krónur. Útborgun 2000 kr. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum afborgunum á 25 árum og verði tryggðar með 2. veðrjetti í húseigninni Fjöln. 20.  
Jafnframt samþykkt að leigja Lárusi F. Björnssyni, Briems - fjós og túnin Vatnsmýrarbl. V og VIII til fardaga vorið 1936 fyrir leigu er samsvari vöxtum af kaupverðinu auk allra opinbera gjalda af eignunum.
16. Lagt fram brjef frá Atvinnu og samgöngumálaráðuneytinu dags. 27. p.m. viðvirkjandi framlagi til vegagerðar austan Þingvallavatns er verði unnin af atvinnulausum æskumönnum. Málinu vísað til bæjarstjórnar en bæjarverkfræðingj falið að rannsaka málið nánar í samráði við ráfmagnsstjóra.
17. Lagt fram brjef frá fræðslumálastjóra um að bæjarsjóður leggi fram allt að 300 kr. vegna skólaferða barna úr Reykjavík. Ákveðið að fá upplýsingar um eftir hverjum reglum samskonar ríkissjóðsstyrk er úthlutað.
18. Lögð fram greinargerð Helga Sigurðssonar verkfræðings um tí þóð sem borist hafa í að fullgera Sundhöllina. Ákveðið að senda ríkisstjórninni þessa greinargerð og óska samvinnu við hana um hverju tilboðinu skuli tekið.
19. Lögð fram beiðni frá Kristjáni Eggertssyni um styrk til húsbyggingar. Málinu vísað til fátækrafulltrúa til at - hugunar.
20. Synjað beiðni frá Þóreyju Brandsdóttur, Sjávarborg, um ábyrgð á húsaleigu.
21. Samp. að ábyrgjast allt að 3000 kr. lán fyrir Guðjón Run - ólfsson, Njalsgötu 72, gegn þeim tryggingum, sem hann hefir boðið.
22. Samp. að útvega Dýrleifu Tómasdóttur, Bergþórugötu 15A, lán að upphæð kr. 1000 - 1500 kr.
23. Lögð fram beiðni frá Jónu Sigríði Jónsdóttur, Þingholts - stræti 33, um 600 kr. lán úr bæjarsjóði. Málinu vísað til fátækrafulltrúa til athugunar.
24. Beiðni frá Svavari Jóhannessyni um styrk til greiðslu á húsaleigu vísað til fátækrafulltrúa til afgreiðslu.
25. Samp. að verða við beiðni Þorsteins Kristjánssonar, Laugar - nesvegi 42, um hjálp til að greiða opinber gjöld o.fl. af húseign hans.
26. Styrkbeiðni frá Kristínu Jónsdóttur, Óðinsgötu 23, vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.



27. Lögð fram beiðni frá Agötu Guðmundsdóttur, Frakkastíg 12, um að syni hennar, Haraldí Alfred Knudsen, verði ráðstafað samþykkt að kæra Harald samkv. ákvæðum laga nr. 51 frá 1928

28. Útsvarsmál: Nathan & Olsen ( dráttarvextir ).

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pétursson.

Bæjarráð.

=====

Ár 1935, föstudaginn 21. júní kl. 5 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Kristjáni Lárussyni, Shellvegi 4, um 100 kr. styrk mánaðarlega til að greiða ráðskoðukaup.
2. Styrkbeiðni frá Jóhönnu Jónatansdóttur, Lokastíg 4, vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
3. Lögð fram tillaga Björns Þjarnasonar frá bæjarstjórnarfundum 20. júní um úthlutun fátækrastryks.
4. Synjað beiðni frá Ingámundi M. Jónssyni o.fl. um aðstoð til batakaupa.
5. Lagt fram brjef frá Dýrleifu Tómasdóttur, Bergþórugötu 15A um lán til að setja á stofn saumastofu. - Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til athugunar.
6. Synjað beiðni frá Barónsbúð um leyfi til að hafa söluvagn á torgum bæjarins.
7. Synjað beiðni frá Kr. Bergssyni um endurgreiðslu á 2/3 hlutum af fasteignagjöldum af Grettisgötu 46.
8. Lagt fram tilboð frá Steingrími Arasyni um skólahúsnaði í Skildinganesi.
9. Hafnað tilboði um kaup á timburhúsinu á Seljalandi.
10. Út af erindi frá mjólkurframleiðendum á bæjarlandinu og Alexander Guðmundssyni, Laugaveg 80, um heilbrigðiseftirlit með mjólkurframleiðslu o. fl., var Jakob Möller og Guðmundi R. Oddssyni falið að athuga málið og gera tillögur um áf - greiðslu þess.
11. Samþ. að taka gilda ábyrgð Útvegsbankans til tryggingar samningi Vörubílastöðvarinnar Þróttur um flutninga á efni til Sogsvirkjunarinnar.
12. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, ef samkomulag næst við Hafnarfjarðarkaupstað, verkalyösfélögin og verktaka, að nokkrir menn úr Hafnarfirði verði teknir í vinnu við Sogs - virkjunina.
13. Samþ. að fella burtu heimtaugargjald af Skóthúsvegi 7, með því að húseigandi hafði sjálfur lagt til heimtaug á sínum tíma.
14. Lagt fram bréf frá atvinnu - og samgöngumálaráðuneytinu um byggingar milli Hverfisgötu og Laugavegar framan við Þjóð - leikhúsið.
15. Samþ. að leyfa Gísli Þorleifssyni og Sæmundi Pálssyni að skifta á leigulöðunum nr. 76 og 74 við Hringbraut.

16. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti I.

17. Hafnað forkaupsrjetti að viðbótinni við erfðafestulandið Leyninyrarblett I.

X 18. Lögð fram beiðni frá Jóni P. Dungal um land undir refabú.-  
Málinu vísað til bæjarverkfraðings til athugunar.

19. Samþ. að greiða 4000 króna skuldabryjef Fiskimannasjóðs  
Kjalarnesþings, utg. 4. jan. 1909, 4. janúar 1936.

20. Lagðar fram tillögur Björns Bjarnasonar frá síðasta bæjar-  
stjórnarfundum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pétursson.

1. Lagt fram  
orjarsjó  
Jósefsson  
Lát. Lon  
veðrjet  
til vat  
Samþykk  
að borg  
þess að  
solidum  
sjóður  
Þau ski  
sem nu  
stræti  
að nýja  
að bæja  
hótelstí  
Ennfren  
á greið  
jafnhli  
sjóður

2. Samþ. a  
rjettar  
svonef  
um fyr  
greiðs  
krónur  
25 ára  
Jafnfr  
ahöld  
samþyk  
Kaupve  
Skipul  
íessi

Bjarni Be  
Jakob Mól

Bæjarráð.

=====

Ár 1935, fimtudaginn 20. júní kl. 11 fh. hjelt bæjar -  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Jóni Ásbjörnssyni hrmflm. um ábyrgð  
bæjarsjóðs fyrir 20 þús.- sterlingspunda láni sem Jóhannes  
Jósefsson hóteleigandi er að taka hjá Guardian Assurance Co.  
Ltd. London til greiðslu á lánum sem nú hvíla með 1. og 2.  
veðrjetti á Hotel Borg, ásamt eftirriti af veðskuldabryjefi  
til váttryggingarfjelagsins.  
Samþykkt með samhlj. atkvæðum að leggja til við bæjarstjórn  
að borgarstjóra verði f.h. bæjarsjóðs gefin heimild til  
þess að ábyrgjast ofangreint lán gagnvart lánveitanda in  
solidum með ríkissjóði, en gagnvart ríkissjóði verður bæjar -  
sjóður í bakábyrgð fyrir láninu.  
Þau skilyrði verði sett fyrir ábyrgð bæjarsjóðs að lánin  
sem nú hvíla með 1. og 2. veðrjetti á Hotel Borg, Pásthús -  
stræti 11 verði greidd alveg að fullu með áföllnum vöxtum  
að nýja lánið verði tryggt með 1. veðrjetti í eigninni og  
að bæjarsjóður haldi veðtryggingu sinni í innanstokksmunum  
hótelsins.  
Einnfremur að ríkisstjórnin gefi yfirlýsingu um að yfirfærslu  
á greiðslum vaxta og afborgana af láninu skuli ganga a.m.k.  
jafnhliða greiðslum af lánum ríkissjóðs fari svo að bæjar -  
sjóður verði krafinn um greiðslur af lánveitanda.
2. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn að neytt verði forkaups-  
rjettar að erfðafestulöndunum Vatnsmýrarblettum V og VIII,  
svonefndu Briemsfjósi með tilheyrandi lóð, skepnum og áhöld-  
um fyrir samtals kr. 102,000.- og bæjarráði falið að selja  
greiðsluskilmála, þó verði útborgun ekki meiri en 10 þús.-  
krónur og eftirstöðvarnar greiðist með 6% skuldabryjefi til  
25 ára.  
Jafnframt er bæjarráði heimilið að selja aftur skepnur og  
áhöld fyrir 20 þús.- krónur með skilmálum sem bæjarráð  
samþykkir, - og leigja fasteignirnar.  
Kaupverð Briemsfjóssins með lóð, kr. 40.000,- greiðist úr  
Skipulagssjóði.  
Þessi ákvörðun var gerð með 3:1 atkv.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller

Jón Axel Pétursson.

Guðm. Oddsson.

B æ j a r r á ð.

=====

Ár 1935, föstudaginn 14. júní kl. 5 síðdegis hjelt

bæjarráðið fund í skirfstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráðið neitar að greiða dvalarkostnað Ara Guðmundssonar á Hótel Ísland dagana 1. - 7. febrúar s. l. að upphæð kr. 158,50.
2. Lögð fram skýrsla sem lögreglan hafði eftir beiðni Ara Guðmundssonar tekið af honum um tekjur hans og gjöld á tímabilinu 7. maí til 8. júní s. l.
3. Lagt fram brjef frá Frímanni Einarssyni, Shellveg 2 þar sem hann kvartar yfir afgreiðslu á fátækrastryk.
4. Kvörtun Valdimars Álfstein yfir því að honum hafi verið neitað um húsaleigustyrk vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
5. Beiðni Guðmundar Gíslasonar, Framnesv. 25A um aðstoð til þess að greiða opinber gjöld af húseign hans vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
6. Beiðni Ingibjargar Þorlákisdóttur, Sogabl. 8 um húsaleigustyrk vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
7. Synjað beiðni Theodórs Jónssonar, Lind. 38 um húsaleigustyrk þar sem upplýst er um að atvinnutekjur hans eiga að nægja honum til framfærslu.
8. Synjað beiðni Karls Chr. Nielsens, Njálsg. 40 um húsaleigustyrk. Talið er að atvinnutekjur hans eigi að nægja honum til framfærslu heimilisins.
9. Beiðni Sigurjóns Kristjánssonar, Njálsg. 5B um húsaleigustyrk vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
10. Lagt fram brjef Guðmundar Ólafssonar, Óðinsg. 4, um að bæjarráðið ráðstafi ekkjunni Margrjetu Sigmundsdóttur, sem er sveitlög í Suðureyrarhreppi. Vísað til fátækrafulltrúanna til at-hugunar.
11. Samþ. að ábyrgjast mánaðarlega 50 króna meðlag með veikluðum syni O. Rydelsborg, Laufásv. 25 á barnaheimili í Danmörku.
12. Samþykkt að láta framkvæma nauðsynlegar breytingar á barnaheimili Oddafellow - reglunnar við Silungapoll, til þess að Þuríður Sigurðardóttir geti verið þar með barnaheimili sitt í sumar. Borgarstjóra og Jóni A. Þjeturssyni falið að sjá um framkvæmdirnar.
13. Lögð fram tilboð, er rafmagnsstjóra höfðu borist um byggingu íbúðarhúss fyrir vjelgæzlumenn við Ljósafoss. Samþykkt að taka lögsta tilboðinu frá Þorsteini F. Einarssyni.
14. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra þar sem skýrt er frá því að Fjelag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, hafi skrifað Rafmagnsveitunni um að ekki verði veitt leyfi til að byrja á rafmagnslögnum í nýbyggingum, nema að stjórn fjelagsins hafi áður stimplað uppdrætti.
15. Lagður fram reikningur Sjúkrasjóðs Hins ísl. Kvenfjelags árið 1934.

16. Samþykkt að semja við h/f. Strætisvagna Reykjavíkur um að aka lögregluþjónum bæjarins inn í sundlaugar og að sjóbaðstöðum fyrir vist árlegt gjald úr bæjarsjóði.
17. Samp. að mæla með því að Ingólfi Bjarnasyni verði veitt upp - reisin eru.
18. Synjað tilboði Freygarðs Forvaldssonar um að hann greiði um - deilt útsýr, er á hann var lagt 1934 gegn því að bæjarsjóður lani eða ábyrgist fyrir hann rekstursfje til hænarnæktar.
19. Erindi frá leikvallanefnd Stjettafjelags barnakennara o. fl. um afnot barna af nokkrum tünun bæjarins nú í sumar, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
20. Aðalsteinn Björnsson o. fl. afsala sjer leigulóðinni nr. 87 við Njálsgötu.
21. Aðalsteini Björnssyni, Grettisgötu 57A gefinn kostur á leigu - lóðinni nr. 61 við Bergþórugötu.
22. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti 1.
23. Synjað erindi Ragnheiðar Loftsdóttur, Bjarn. 12 um að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Fossvogabl. XI.
24. Samp. að fjölga fastráðnum brunavörðum upp í 10. Borgarstjóra falið að auglysa stöðurnar.
25. Samp. að ráðstafa kr. 3000,- af gjaldlið III-3 á fjárhagsáætl - un bæjarins 1935 til í.s.í. til læknesskoðunnar á íþróttu - mönnum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Oddsson.

Bjarni Benediktsson.

B e j a r r á ð .

=====

Ár 1935, föstudaginn 7. júní, kl. 4 $\frac{1}{2}$  síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist;

1. Þrír bæjarfulltrúar frá Hafnarfirði komu á fundinn, og var rætt um ýmislegt viðvíkjandi Sogsvirkjuninni.
2. Synjað tilboði um kaup á jörðinni Kirkjuferju í Ölfusi, handa Frimanni Þinarssyni til ábúðar.
3. Lögð fram beiðni frá Hallgrími Guðmundssyni, Laugavegi 57, um styrk til fatakaupa.- Fátækrafulltrúum falið að utvega honum nauðsynlegan fatnað.
4. Lögð fram beiðni frá Magnúsi Bjarnasyni, Hverfisgötu 80, um styrk til greiðslu á húsaleigu. Fátækrafulltrúunum falið að sja honum fyrir húsnæði.
5. Lagt fram brjef frá Ágústi Sigtryggssyni, Sauðárkróki, þar sem hann kvartar yfir því, að hann sje ekki tekinn í atvinnubótavinnu þar,- Akveðið að krefjast þess af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, að Ágúst verði tekinn í atvinnubótavinnuna.
6. Lagt fram brjef frá stjórn Afmælisfjelagsins þar sem hún býður bæjarstjórninni húsfjelagsins í Hveragerði til áfnöta, leigulaust, fyrir barnahæli.
7. Samþ. að mæla með umsóknum frá Kristínu Hafliðadóttur og Ingunni Guðmundsdóttur um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.
8. Samþ. að verða við beiðni Sigríðar Jakobsdóttur um vinnu við Alþýðubókasafn Reykjavíkur mánuðina júní - ágúst.
9. Samþ. að veita dr. Birni Björnssyni og Karli Torfasyni aðalbókara 500 króna utanfararstyrk hvorum.
10. Lögð fram beiðni frá Gunnari Ólafssyni bifreiðarstjóra um greiðslu fyrir sumarfrí. Málinu vísað til borgarstjóra.
11. Synjað beiðni frá Geir Pálssyni og Helgu Sigurgeirsdóttur um eftirgjöf á dómsskuld.
12. Lögð fram skýrsla frá Ráðningarstofu bæjarins 1.- 31. maí.
13. Lagt fram tilboð frá Jóni Bjarnasyni um skólahúsnæði í Skildinganesi.
14.  Lögð fram tillaga frá skólanefnd um endurbætur á leiksvæði Miðbæjarskólans.- Bæjarverkfræðingi falið málið til afgreiðslu.
15. Lögð fram tillaga Aðalbjargar Sigurðardóttur frá síðasta bæjarstjórnarfundum, um barnaleikvelli. Vísað til bæjarverkfræðings.
16.  Samþ. tillaga frá bæjarverkfræðingi um kaup og makaskifti við eiganda Bræðraborgarstígs 11.
17.  Samþ. að láta rífa reykhusið við Hringbraut.

- X 18. Lagt fram brjef frá Bálfarafjelagi Íslands um lóð undir bálstofu. Malinu frestað.
19. Samþ. að leigja Aðalsteini Björnssyni, Jóhanni Jónssyni og Erlendi Helgasyni lóðina nr. 87 við Njálsgötu, sem Guðmundur Johannesson hefir afsalað sjer.
20. Lögð fram tilkynning frá Þorkeli Ingibergssyni um að hann afsali sjer lóðinni nr. 61 við Bergþórugötu.
21. Samþ. að leigja Sigurði Sigurðssyni lóðina nr. 42 við Hringbraut.
- X 22. Lagðar fram tillögur að skipulagi húsa milli Grettisgötu, Njálsgötu, Vitastígs og Barónsstígs. Er lagt til að þar verði leyfð 10 m breið hús, þrílyft (veggbrún 9 m yfir götu). Voru tillögurnar samþ. með samhlj. atkvæðum.
- X 23. Samþ. tillaga frá bæjarverkfæðingi um að breidd Skólavörðustígs skuli vera 12,5 m.
24. Samþ. að mæla með umsókn Guðmundar S. Hofdal, Týsgötu 3, um uppreisn æru.
25. Ákveðið að fara þess á leit við lögreglustjóra, að hann láti líta sjerstaklega vel eftir Leifsstyttni og umgengni við hana.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

- Ár 1935, m  
fund í skr
1. Synjað  
stoð t
  2. Lögð f  
unarfj  
einni  
fulltr  
stjóra
  3. Synjað  
til af  
verkas
  4. Synjað  
afborg  
Urðars
  5. Samþ.  
laugar  
uði,
  6. Lagt f  
byggin  
fresta
  - X 7. Lagt f  
ins fr  
verkfæ
  8. Samþ.  
úr Bið  
ráðstö
  9. Bæjarn  
Máfahl  
sumar
  10. Samþ.  
landst  
1. júl
  - X 11. Lagt f  
27. f.  
Háskól  
huguna
  12. Erindi  
ráð lá  
og ves  
til a
  13. Bæjarn  
forkar  
V og  
tilhe  
að þv
  14. Hafna  
blett



B æ j a r r á ð .

Ár 1935, mánudaginn 3. júní, kl. 2 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Ingimundi N. Jónssyni og fl. um aðstoð til að kaupa vjelbát.
2. Lögð fram tillaga frá fátækrafulltrúunum um að hjúkrunarfélagið Líkn verði styrkt til þess að bæta við einni hjúkrunarkonu um tveggja mánaða tíma. Fátækrafulltrúum falið að afgreiða málið í samráði við borgarstjóra.
3. Synjað beiðni frá Magnúsi Á. Árnasyni málara um leyfi til afnota af tveim stofum í Miðbæjarskólanum til málverkasýningar dagana 7. -17. júní.
4. Synjað beiðni frá Steindóri Gunnlaugssyni um frest á afborgun af skuld hans við bæjarsjóð vegna kaupa á Urðarstíg 15 A.
5. Samþ. að ráða Kristbjörn Bjarnason efitlitsmann við Sundlaugarnar mánuðina maí - sept., fyrir kr. 300.00 á mánuði, sbr. fundargerð bæjarráðs 26. apríl, 19. lið.
6. Lagt fram brjef frá Gíslu Bjarnasyni lögfr. viðvíkjandi byggingu á Vigfúsarkotslóð við Garðastræti. Málinu frestað.
- X 7. Lagt fram brjef frá Rauðhólanefndinni um breikkun vegarins frá Baldurshaga að Rauðhólum. Málinu vísað til bæjarverkfræðings og rafmagnsstjóra til athugunar.
8. Samþ. að leigja Pjetri Halldórssyni alpm. múrarstykki úr Eiðslandi, sunnan túnsins, til beitar, þar til önnur ráðstöfun verður gerð um landið.
9. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Bjarna Benediktssyni, Máfahlið verði leigt Grundartúnið við Kaplaskjólsvog í sumar fyrir 25 krónur.
10. Samþ. að leigja Einari Ólafssyni, Lækjarhvammi, Seljalandstúnið nú í sumar fyrir kr. 1000.00 er greiðist 1. júlí n.k.
- X 11. Lagt fram brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 27. f.m. um skipulag Reykjavíkur í sambandi við lóð Háskóla Íslands. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
12. Erindi nokkurra húseigenda við Hringbraut um að bæjarráð láti flytja í burtu hænnaakofa sunnan Hringbrautar og vestan Bræðraborgarstígs vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
13. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að bæjarsjóður neiti forkaupsrjetti að erfðafestulöndunum Vatnsmýrarblettum V og VIII, svonefndu Briemsfjösi með eignarlóð, ásamt tilheyrandi skepnum og áhöldum fyrir 102 þús. krónur, að því tilskildu að viðunandi greiðsluskilmálar fáiast.
14. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulöndunum Vatnsmýrarbletti XXXI ásamt húseigninni Hallegalandi.

15. Ögm. Hansson, Hólabrekku, býður forkaupsrjett að erfðafestulandinu Litlubrekkubletti fyrir kr. 15000.--. Bæjarráðið ákveður að fá upplýsingar um hver sje ventanlegur kaupandi og hvernig greiðsluskilmálar verði.

16. Synjað beiðni Kristjáns Þorgrímssonar, Laugarnesvegi 58, um að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXXIII.

17. Synjað beiðni Þórðar Gunnlaugssonar, Framnesv. 1 B, um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri VI.

18. Rafmagnsstjóra falið að leita tilboða í byggingu íbúðarhúss fyrir vjelgæzlumenn við Ljósafoss.

19. Lagt fram brjef frá stjórn Vinnumiðlunarskrifstofunnar, dags. 7. maí, þar sem tilkynnt er að skrifstofan verði opnuð 11. s.m.

20. Lagt fram brjef frá Byggingafjelagi Alþýðu, dags. 24. f.m., þar sem þess er beiðst að bæjarsjóður ráði eftirlitsmann við barnaleikvöllinn hjá verkamannabústöðunum og greiði honum kaup.

21. Samp. að veita Valgeiri Björnssyni bæjarverkfr. kr. 1000.00 af fje því, sem á fjárhagsáætlun er ætlað til utanfarar starfsmönnum bæjarins, enda saki hann fund vegagerðarverkfræðinga, sem haldinn verður í Stockholm frá 18. þ.m. Jafnframt samp. með 3:1 atkv. að leggja til að honum verði greiddar allt að 500 kr. frá hvorri stofnun Gasveitu og Hitaveitu fyrir athugun á vjelum, sem kaup þarf til þeirra stofnana og noti hann fêrðina í þessu skyni.

22. Útsvarsmál: Kristján Gíslason.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Oddsson.

Pjetur Halldórsson.

Jón Axel Pjetursson

Bjarni Benediktsson.

Ár 1935, fi  
ráðið fund

1. Fallist  
eftirfa  
Bæjarrá  
A/S. Hö  
mat fyr  
og Sogs  
frá sam  
fast vi  
nægingu  
skyllt  
en fell

2. Út af m  
byggir  
bæjarn  
Telji v  
& Schul  
samkvæ  
1934, n  
lónsam  
manna  
ráðið  
sem re  
unnar

3. Kl. rú  
að lok  
deilun  
þegar

Oddsson.

Jón Axel Pjetursson

B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, fimmtudaginn 30. maí, kl. 11½ e.h. hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu borgarstjóra, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Fallist á að senda A/S. Höjgaard & Schultz, Reykjavík, eftirfarandi ályktun:  
Bæjarráðið fellst á að nauðsynlegt sje fyrir firmað A/S. Höjgaard & Schultz að falla á að greiða eldun á mat fyrir verkamenn og flutning á þeim milli Reykjavíkur og Sogsins. Verktakinn telur þetta vera kauphækkun frá samningum um framkvæmið verksins en bæjarráðið heldur fast við fyrri skoðun sína að hjer sje eingöngu um fullnægingu launakjaranna að ræða og telur sjer því ekki skylt að greiða þann kostnað, sem af þessu leiðir, en fellst á að út um þetta verði gert með gerðardómi.
2. Út af munnlegri fyrir-spurn frá stjórnnum Iðnsambands byggingarmanna og Fjelags járníðnaðarmanna samþykkir bæjarráðið eftirfarandi:  
Telji verktaki Sogsvirkjunarinnar firmað A/S. Höjgaard & Schultz sig þurfa á erlendum sjerfræðingum að halda samkvæmt 5. grein verksamningsins frá 7.-og 8. desbr. 1934, mun bæjarráðið vera slíkar málaleitanir undir Iðnsamband byggingarverkamanna og Fjelag járníðnaðarmanna í Reykjavík hvernig sem á stendur, og hefir bæjarráðið einnig ákveðið að halda fast fram þeim rjetti, sem reykvískirverkamenn og iðnaðarmenn hafa til vinnunnar við virkjun Sogsins.
3. Kl. rúml. 1½ að morgni 31. maí tilkynnti borgarstjóri að lokið væri samningagerðum til lausnar verkfallsdeilunni við A/S. Höjgaard & Schultz og samningar þegar undirskrifaðir.

Var síðan fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Oddsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, þriðjudaginn 28. maí, kl. 9½ f.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu ainni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

- Lagt fram brjef frá Højgaard & Schultz, dags. 27. maí, þar sem hafnað er tilboði því, sem umræðir í síðustu fundargerð.  
Fundinum frestað og honum haldið áfram á sama stað kl. 5 e.h.  
Var þá lagt fram eftirrit af radióskeyti, sem Schröder Peter-  
sen verkfr. hafði sent til Højgaards verkfr., sem er á ferð  
hjeðan til Danmerkur með e.s. "Ísland", svo og eftirrit af  
svarskeyti frá Højgaard.  
Á fundinn komu menn úr stjórn Vörubílastöðvarinnar "Próttur"  
og verkamannafjel. "Dagsbrún" og var rætt við þá um möguleika  
fyrir lausn verkfallsdeilunnar.  
Frestað að taka ákvörðun og fundinum frestað.  
Miðvikudaginn 29. maí, kl. 10 árdegis, var fundinum haldið  
áfram og enn rætt um ymsa möguleika fyrir því að fá deiluna  
leysta.  
Var fundinum enn frestað og haldið áfram kl. 8½ síðdegis sama  
dag.  
Í framhaldi af umræðum þeim, sem farið hafa fram undanfarið,  
m.a. á milli bæjarráðsins og atvinnuálaráðherra, skýrði borgar-  
stjóri frá því, að fyrir lægi yfirlýsing frá atvinnuálaráð-  
herra f.h. ríkisstjórnarinnar um að stjórnin myndi greiða úr  
ríkissjóði, með ívilnunum á tolli af vörum til Sogsvirkjunar-  
innar helming þeirra fjárútláta, sem Reykjavíkurbær verður að  
inna af hendi til þess að leysa verkfallsdeiluna, þó með því  
skilyrði að samið verði við Vörubílastöðina "Próttur" um flutn-  
ing á efni og vjelum fyrir A/S. Højgaard & Schultz hjeðan úr  
Reykjavík austur að Sogi.  
Hafði ráðherra tilkynnt að boð þetta yrði staðfest skriflega.  
Bæjarráðið gerði síðan svofellða ályktun:  
Bæjarráðið samþykkir að gera samning við A/S. Højgaard & Schultz  
um flutning á efni og vjelum til Sogsvirkjunarinnar hjeðan úr  
bænum austur að virkjunarstaðnum, 4700 tonnum fyrir 75 þúsund  
krónur, að því tilskildu að bæjarráð fái til umráða og afnota  
vöruflutningabifreiðar firmans hjer ásamt dráttarvögnum ef þess  
yrði óskað, með rjetti til þess að framselja öðrum flutningana,  
enda nái firmað samkomulagi við verkalyðsfjelögin um önnur deilu-  
atriði og byrjað verði á virkjuninni tafarlaust.  
Hinsvegar áskilur bæjarráðið sjer allan rjett til þess að krefja  
A/S. Højgaard & Schultz um batur fyrir allt tjón, sem bæjar-  
fjelagið hefir beðið og býður vegna verkfallsdeilunnar og af  
lausn hennar.  
Það er jafnframt skilyrði fyrir framangreindu tilboði til verk-  
taka að samkomulag náist við Vörubílastöðina "Próttur" hjer  
í bænum um flutning á áðurgreindum 4700 tonnum fyrir 28 krónur  
tonnið.  
Í tilefni af væntanlegum samningum á milli A/S. Højgaard &  
Schultz og verkalyðsfjelaganna gerði bæjarráðið ennfremur svo-  
hljóðandi ályktun:  
Þar sem bæjarráðið telur að það sje samkvæmt kunnum taxa verka-  
lyðsfjelaganna að verktaki greiði kaup matreiðslukyvenna og kostn-  
að af nauðsynlegustu ferðum verkamanna, telur það ohjákvæmilegt  
að verktaki gangi að hjeráðlütandi kröfum verkalyðsfjelaganna  
og tekur fram að það neitar algerlega að þarinn sje skyldur að  
endurgreiða verktaka hjer af leiðandi útgjöld.  
Vegna áður umgetinnar úrlausnar vinnudeilunnar við A/S. Højgaard  
& Schultz vill bæjarráðið taka það fram, að það samþykkir fjár-  
framlag til lausnar deilunnar vegna þeirra margföldu útgjalda,  
sem langvarandi stöðvun á virkjun Sogsins gæti bakað bæjarfje-  
laginu.

Fundi slitið.  
Guðm. Ásbjörnsson.

ob Möller.  
rni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur  
Jón Axel Pjetursson.  
Guðm. Óddsson.

Bæjarráð.

Ár 1935, mánudaginn 27. maí, kl. 4½ e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lagt fram eftirrit af símskeyti sem rafmagnsstjóri hafði sent til Berdals verkfræðings í Oslo s.l. laugardag, þar sem spurst var fyrir um hvaða verð verkfræðingurinn teldi hæfilegt að bæjarsjóður byðist til að annast fyrir alla flutninga á efni og tækjum hjeðan austur að Sogi, ef til kæmi að bæjarsjóður tæki flutningana að sjer fyrir A/S. Höjgaard & Schultz, svo og svarskeyti verkfræðingsins við fyrirspurninni, þar sem hann telur 100 -120 þús. krónur hæfilegt verð, miðað við 4700 tonna flutning.

Bæjarráðið gerði svofellda ályktun:

Í því skyni að leysa vinnudeiluna í sambandi við Sogsvirkjunina samþykkir bæjarráðið að gera A/S. Höjgaard & Schultz tilboð um að taka að sjer allan flutning á efni, vjelum o.s.frv. til virkjunarinnar frá Reykjavík til virkjunarstaðarins fyrir 120 þús. krónur samtals, miðað við 4700 smálesta flutning, að því tilskildu að það fái til umráða og afnota flutningataki firmans ef þess verður óskað. Borgarstjóri skýrði frá því að honum hafi borist staðfesting á brjefi því frá A/S. Höjgaard & Schultz sem um er rætt í fundargerð bæjarráðsins í gær.

Var borgarstjóra falið að svara brjefinu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

Ejarni Benediktsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

B æ j a r r á ð .

=====

Ár 1935, laugardaginn 25. maí, kl. 1½ e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Skv. fundargerð bæjarráðsins í gær, 5. lið lagði rafmagnsstjóri fram tillögur um svör til A/S. Højgaard & Schultz Reykjavík við þar greindum brjefum firmans og voru þar samþykktar og afgreiddar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller

Guðm. Oddsson.

B æ j a r r á ð

=====

Ár 1935, sunnudaginn 26. maí, kl. 11 f.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lagt fram uppkast að brjefi frá A/S. Højgaard & Schultz, dags. í dag.

Ákveðið að skrifa atvinnumálaráðherra í tilefni af deilunni á milli A/S. Højgaard & Schultz og verkalyðsfjelaganna.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Oddsson.

E æ j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 24. maí, kl. 5 síðdegis hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að bæjarsjóður taki ábyrgð á nauðsynlegum dvalarkostnaði Dýrfinnu Eggertsdóttur, Lvg. 28 C á Elliheimilinu.
2. Neitað að taka ábyrgð á legukostnaði konu Finnjóns Móessonar Reykjav.v.3 á Landsspítalanum.
3. Beiðni Þorláks Einarssonar, Framnesv. 20 C, um styrk til þess að kaupa innanstokksmuni og fatnað vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
4. Synjað beiðni stjórnar Elliheimilisins um að bæjarsjóður taki ábyrgð á dvalarkostnaði Ólafs Jónssonar frá Bústöðum frá 1.p.m.
5. Lögð fram brjef frá A/S. Höjgaard & Schultz, eitt dags. 23. p. m. og tvö dags. 24. p.m. Rafmagnsstjóra falið að undirbúa svör bæjarráðsins við brjefunum og ákveðið að halda bæjarráðsfund á morgun kl. 1½ e.h.
6. Lögð fram brjef frá Braga Steingrímssyni dýralækni þar sem hann skýrir frá berklarannsóknunum sem hann hefir undanfarið framkvæmt á kúm innan lögsagnarumdæmisins. Samþ. að greiða dýralækninum 3 kr. fyrir hverja kú sem hann hefir rannsakað, svo sem um var samið upphaflega.
7. Lagt fram brjef frá atvinnumálaráðherra um vinnumiðlunar-skrifstofuna og að henni hafi verið falið að afhuga reikninga yfir atvinnubótavinnu árið 1934 og það sem af er þessu ári.
8. Borgarstjóra og Jóni A. Pjeturssyni falið að ráðstafa styrk til sumardvalar fyrir veikluð börn á barnaheimili Odd-Fellöwa við Silungapoll.
9. Samþ. að verða við tilmælum Í.S.Í. og íþróttafjelaganna hjer í bænum um að veita einkatíma í sundlaugunum til kappsunds-iðkana kl. 9-10 að kveldi mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimtudaga í samráði við sundkennarana.
10. Synjað beiðni Theódórs N. Sigurgeirssonar, Nönnugötu 5, um leyfi til að selja sælgæti í Hljómskálagarðinum.
11. Lagt fram brjef frá bæjarverkfræðingi þar sem skýrt er frá því að innflutnings og gjaldeyrisleyfi hafi verið fengið fyrir miklum hluta þess erlenda efnis og vjela sem þarf til þess að fullgera sundhöllina. Ákveðið að biðja húsameistara að bjóða út verkið.
12. Samþ. að biðja um yfirmat á andvirði lóðarspildu í Hofstúni sem bæjarsjóður kaupir af fru Kirstínu Pjetursdóttur skv. afsali, dags. 13. apríl 1934. Spildan er 474.7 ferm. og liggur norðan Sólvallagötu.
13. Synjað tilboði Lárusar Sigurbjörnssonar, Sólv. 17 A um kaup á brunarústum Grundar við Kaplaskjólsvæg.
14. Samþ. að gefa Gísla V. Sigurðssyni póstpjóni kost á leigulóðinni nr. 30 við Sólvallagötu, svonefndra Melbæjarlóð.
15. Samþ. að gefa Gísla Bjarnasyni lögfr. kost á leigulóðinni nr. 50 við Hringbraut.

- Synjað beiðni Guðm. Finnbogasonar, Grund. 2 A, um leigulóðina nr. 61 við Bergþórugötu.
- Samp. að gefa F. Thorsteinsson f.h. h.f. Gler kost á lóð til iðnreksturs við Þvergötu eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.
- Samp. að leigja Þórði Guðmundssyni og Annilínusi Jónssyni svonefndan Þjörnsblett við Skerjafjörð til fiskverkunar og verði 3ja mánaða uppsagnarfrestur á leigumálanum.
- Út af boði Sturlu og Friðriks Jónssonar um forkaupsrjett að erfðafestulöndunum Vatnsmýrarbletti V & VIII með Briemsfjösi, skepnum og áhöldum óskar bæjarráðið eftir nánari sundurliðun á söluverðinu, sjerstaklega erfðafestulandanna.
- 0). Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXIII.
- 1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti VII.
- 2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbl. XX.
- 3. Samp. að taka af starfsmönnum bæjarins og bæjarstofnana fyrsta 1/5 hluta útsvara 1. júlí n.k. og síðan fimtung mánaðarlega þar til útsvör starfsmannanna eru að fullu greidd.
- 4. Ákveðið að biðja lögmann að fá löggiltan fulltrúa til þess að annast lögtök fyrir bæjarsjóð í veikindaforföllum Adolphs Bergssonar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Þjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

Jón A. Pjetursson.



B æ j a r r á ð  
=====

Ár 1935, mánudaginn 20. maí, kl. 8 $\frac{1}{2}$  e.h. hjelt bæjarráðið fund á skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

Lagt fram brjef frá Höjgaard & Schultz A/S, dags. í Reykjavík 20. maí 1935, móttekið kl. 5 e.h. s.d., þar sem óskað er eftir íhlutun bæjarráðs um aðstoð til heppilegrar lausnar á verkfallisdeilunni við Sogsvirkjunina. Bæjarráðið samþykkti með samhljóða atkvæðum að fela þeim borgarstjóra og Jakob Möller að meta við sátttaumleitunir fyrir hönd bæjarráðs.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, fimmtudaginn 23. maí kl. 11 $\frac{1}{2}$  f.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá A.S. Höjgaard & Schultz Reykjavík, dags. í dag, móttekið á skrifstofu borgarstjóra kl. 11 f.h. ásamt eftirriti af brjefi sem firmað hefir í dag skrifað sáttasemjara í vinnudeilum. Út af brjefunum vill bæjarráðið taka það fram, að það getur ekki fallist á aukagreiðslur til verktaka, nema því að eins að hann þurfi, með samþykki bæjarráðs, að greiða þærri verkalann en voru samkv. kunnun kaupþóxtum hjer í þænum þegar verktaki gerði tilboð sitt og samningar voru gerðir, eða í annan stað, ef vinnunni yrði, fyrir forgöngu bæjarráðs, hagað sem stvinnubótavinnu og verkið yrði dýrara af þeim ástæðum, en bæjarráðið hefir ekki hugsað sjer slíka tilhögun á framkvæmd verksins að neinu leyti.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bæjarráð.

Ár 1935, föstudaginn 17. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Opnuð tilboð í gaskolafarm ca. 1600 tonna frá h/f. Kol & Salt, O. Johnson & Kaaber og Ól. Gíslason & Co. Samp. að taka tilboði h/f. Kol & Salt í Wearmouth-kol fyrir £ 1 -2-10 pr. smál. (1016 kg.) c.i.f. Reykjavík.
2. Út af tilmælum Frimanns Einarssonar um aðstoð til kaupa á jörðinni Kirkjuferju í Ölfusi var fátækrafulltrúnum Guðrúnu Lárusdóttur og Ragnari Lárussyni falið að rannsaka málið.
3. Synjað erindi Eiríks Þorlákssonar, Hvg. 114 um aðstoð til kaupa á báti.
4. Synjað erindi Sigurlínu Bjarnaðóttur um aðstoð til kaupa á landsspildu í Miðdalslandi í Mosfellssveit og til búskapar þar.
5. Synjað erindi Ólafs Sigurðssonar, Lgv. 24 C um greiðslu á húsaleigu.
6. Beiðni S. Carls Löve, Lokastíg 4, um ábyrgð bæjarsjóðs á húsaleigu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
7. Beiðni Guðjóns Jónssonar, Hvg. 50 f.h. Ólafs Jónssonar frá Bústöðum um að bæjarsjóður greiði skuld hans fyrir fóður kr. 240.--. Samþykkt. Erindinu að öðru leyti vísað til fátækrafulltrúanna.
8. Beiðni um að veita Dyrfinnu Eggertsdóttur, Laugav. 28 C, styrk til dvalar á Elliheimilinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
9. Synjað beiðni Ingibjargar Þorlákasdóttur, Sogabl. 8, um leyfi til að byggja íbúðarhús á landi bæjarins skammt frá Bústaðabl. VIII.
10. Samp. að taka við 25% af skuld Eyrarsveitar við bæjarsjóð um áramót 1932-33 gegn fullnaðarkvittun þeirrar skuldar.
11. Lagt fram brjef frá Hjálræðishernum um að komið verði upp líknarstöð hjer í bænum.
12. Lagt fram brjef frá skilaneftarmönnum í dánarbúi Magnúsar Jónssonar prof. juris um að bæjarsjóður hlaupi undir bagga með Ulf syni Magnúsar og hjálpi honum til að komast yfir bústofn á Úlfljótuvatni. Erindinu synjað.
13. Bergur Th. Þorleifsson afsalar sjer forleigurjetti að svo nefndri Melbæjarlóð við Sólvallagötu.
14. Synjað beiðni Björns Jónssonar, Lauganesvegi 51, um land til fulgaræktar á milli Höfða og fiskverkunarstöðvar "Defensor".
15. Lagt fram erindi frá stjórn "Byggingarfjelags Alpýðu" um byggingarlóðir handa fjelaginu.
16. Samp. að skipulagssjóður kaupi eignina Bræðraborgarstíg 33 eftir mati, enda naist samkomulag um greiðsluskilmála áður en matið fer fram.
17. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXVIII.

18. Samp. að leyfa Gunnari Vilhjálmsyni, Laugav. 118, að byggja sumarhús úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXVII enda verði húsið tekið í burtu, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður.
19. Samp. að leyfa Hannesi Sveinssyni, Bústaðabl. XIX, að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Bústaðabl. XXI.
20. Erindi Helgu Erlingsdóttur, Lauf. 20, um Stóraselslóðina vísað til bæjarverkfræðings.
21. Samp. að áfrýja til hæstarjettar úrskurði fógetarjettar Árnessýslu 2. þ.m. í útsvarsmálinu Reykjavíkurbær gegn Þórði Jónssyni.
22. Lagt fram brjef frá Trolle & Rothe um jarðskjálftatryggingar. Bæjarráðið getur ekki að svo stöddu orðið við tilmælum firmans um að lata vinna að umbeðnum útreikningum, kostnaðarins vegna.
23. Lagt fram brjef hjeraðslæknis um styrk handa hjúkrunarfjel. " Líkn" til þess að bæta við einni hjúkrunarkonu nú um tíma á meðan veikindi í bænum eru svo mikil sem raun er á.
24. Samp. að fela Þorbjörgu Jónsdóttur, Stýr. 6, Magneu Hjálmarsdóttur og Þórunni Sigurðardóttur sundkennslu telpna í Sundlaugunum í sumar og greiða þeim samtals 275 kr. mánaðarþóknun.
25. Lagðar fram tillögur er vísað var til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundum í gær. Út af tillögu Jóns A. Pjeturssonar á umræddum fundi var samp. með 3:2 atkv. að bæjarráðið telji ekki að svo stöddu ástæðu til þess að gera ályktun í málinu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Oddsson.

Ár 1935  
ráðið fu

Lagt fram

Lögð fram  
þess að ka

Samp. að á  
við Kringl

Bæjarráðið  
töðu sem  
hreyppi hef  
bæjarráð s  
reikningin

Samp. með  
aðstoð ti

Samp. að  
var á síð  
bæjarráðs  
að upphæð  
rjetti í  
sem verið

Lagt fram  
dags. 8.  
firmans c  
eftirrit  
sama dag

Lagt fram  
fræðingaf  
inga við

Lögð fram  
vísað ti

Lögð fra  
lagsstar

Lagðar f  
tíma söl  
vík. Ví

Fellt me  
Björnæd

Lagður f  
fjelagar

Synjað  
vagn sta  
o.fl. p

Lagt fr  
að allu  
hafi nu  
kostnað

B æ j a r r á ö .

Ár 1935, föstudaginn 10. maí, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Frímanni Einarssyni, Shellveg 2.
2. Lögð fram beiðni Eiríks Þorlákssonar, Hverf, 114, um aðstoð til þess að kaupa bát. Vísað til fátækrafuþltruanna til athugunar.
3. Samþ. að ábyrgjast dyöl konu Guðjóns Sæmundssonar, Helgadal við Kringlumýrarveg á Elliheimilinu fyrst um sinn.
4. Bæjarráðið vísar frá bæjarsjóði að svo stöddu reikningi yfir töðu sem Eiríki Einarssyni, Brunnastöðum í Vatnsleysustrandarhreppi, hefir verið látinn í tjé vegna fódurskorts. Lítur bæjarráð svo á að hreppsnefnd dvalarsveitar beri að greiða reikninginn.
5. Samþ. með 4:1 atkv. að veita Sigurði Kristjánssyni, Lind. 10, aðstoð til kaupa á jörðinni Vatnsholt í Grímsnesi.
6. Samþ. að mæla með því við bæjarstjórn að ábyrgðina sem samþ. var á síðasta bæjarstjórnarfundum (2. þ.m.), sbr. fundargerð bæjarráðs 12. apríl, 14. lið, megi veita fyrir alm. bankaláni að upphæð allt að 12 þús. krónur er tryggt verði með 1. veð-  
rjetti í e.s. Freyja R.E.38, enda verði lánstíminn svipaður sem verið hefði ef Fiskiveiðasjóðslán hefði fengist.
7. Lagt fram brjef frá A/S. Højgaard & Schultz hjer í Reykjavík, dags. 8. maí. Þar sem tilkynnt er að samningaumleitarnir milli firmans og verkalyðsfjelaganna hafi farið út um þúfur, svo og eftirrit af brjefi sem firmað hefir skrifað Alþýðusamb. Íslands sama dag.
8. Lagt fram eftirrit af brjefi rafmagnsstjóra til stjórnar Verkfræðingafjelags Íslands um verkefni fyrir innlenda verkfræðinga við Sogsvirkjunina.
9. Lögð fram styrkbeiðni sjúkrahússráðs Hvítabandsins. Erindinu vísað til bæjarstjórnar.
10. Lögð fram beiðni Blindravinafjelags Íslands um styrk til fjelagsstarfseminnar. Frestað til fjárhagsáætlunar næsta árs.
11. Lagðar fram tillögur til breytinga á Samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík. Vísað til bæjarstjórnar.
12. Fellt með 3:2 atkv. að skipa ljósmóður í stað Þórunnar Á. Björnsdóttur sem lætur af starfi 30. júní næstk.
13. Lagður fram reikningur Styrktarsjóðs Verkamanna- og sjómanna-fjelaganna í Reykjavík fyrir árið 1934.
14. Synjað beiðni Friðriks Steinssonar, Bald. 9, um að hafa ísvagn standandi við Austurstræti þar sem seldir verði íspinnar o.fl. þessh.
15. Lagt fram brjef frá Fjármálaráðuneytinu þar sem tilkynnt er að allur kostnaður við Skattstofuna í Reykjavík árið 1934 hafi numið kr. 47.181.33 og bæjarráðið sé að greiða þann kostnaðarins.

16. Samp. að mæla með því við bæjarstjórn að orðið verði við tilmælum niðurjöfnunarnefndar um 300 kr. hækkun á ársþóknun hvers nefndarmanna, auk dyrtíðaruppbótar, og hlutfallslegri hækkun á þóknun formannsins.
17. Umsókn Unnar Jónsdóttur um sundkennslu í sundlaugunum næsta sumar vísað til borgarstjóra til athugunar.
18. Samp. að mæla með beiðni Geirs Pálssonar um uppreistn æru.
19. Út af brejfi húsameistara ríkisins var bæjarverkfræðingi falið að sækja um innflutningsleyfi fyrir öllu útlendu efni til Sundhallarinnar. //
20. Samp. að gefa hestamannafjel. "Fakur" kost á hagbeitarlöndum í Geldinganesi, Breiðholti- og Ártúnsgirðingum fyrir sömu leigu og síðastl. ár.
21. Samp. að selja héstbjóðanda í húseignina Brekkustíg 11 frest til 15. p.m. til þess að ganga frá kaupunum, en semja við næstbjóðanda að öðrum kosti.
22. Lagt fram brjef frá frú Kístinu Pjetursdóttur, Hofi, þar sem hún samp. að selja bænum lóð austur af verkamannabústöðunum við Hofsvallagötu 3875 ferm. að stærð fyrir kr. 3.60 pr. ferm. og verði kaupverðið greitt með 6% skuldabryfum bæjarsjóðs frá 1931.
23. Brjefi h/f. Trolle & Rothe viðv. jarðskjálftatryggingum vísað til bæjarverkfr. til athugunar. //
24. Erindi Guðbjarts Guðbjartssonar, Bræðr. 33, um jarðrask á lóð hans vegna götugerðar vísað til umsagnar bæjarverkfræðings. //
25. Synjað beiðni Chr. Nielsen um land til ræktunar sunnan Elliða- vatns.
26. Synjað beiðni Guðrúnar Hróbjartsdóttur, Engihlíð, um að breyta í byggingarloð hluta erfðafestulandsins Garðaholtsbletti IV.
27. Samp. að tilkynna Bjarna Benediktssyni, Laugav. 18 B að honum gefist kostur á að halda erfðafestulöndunum Sogamýri XI og XI A ef hann uppfylli skilmála erfðafestubryjfsins fyrir 1.okt. næstk.
28. Samp. að leyfa Bjarna Árnasyni að byggja sumarskýli úr timbri á Kringlumýrarbl. XXIX.
29. Synjað að svo stöddu beiðni Haráldar Guðmundssonar, Asvallag. 23, um land til alifuglaræktunar.
30. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestu-landinu Kleppsmýrarbl.IV.
31. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbl. III.
32. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðabl. VII.
33. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðabl. XXIV.
34. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXIII.
35. Synjað beiðni Gunnars Vilhjálmssonar um að byggja sumarhús á Laugamýrarbletti XXVII.
36. Lögð fram skýrsla um Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar í apríl 1935.

37. Samþ. að segja upp erfðafestusamningum um erfðafestulöndin:

Fossvogsbl. XXXIV Guðni Guðmundsson  
--"--- XXXVIII Valdimar Svein björnsson

Sogamýrarbl. XLV Gunnar Salómonsson.

38. Samþ. að gefa eftirgreindum mönnum kost á erfðafestulöndum:

- a. Þórarni Arnórssyni, Lauf. 10 Sogamýrarbletti XXXVI
- b. Sveini Ó. Guðmundssyni, Frakk. 11 --"--- XXXVII
- c. Kjartani Ó. Bjarnasyni, prentara --"--- XLIX
- d. Brynjólfi Árnasyni, Laug. 79 Fossvogsbletti XXXIV
- e. Jóhannesi S. Ólafssyni, Blönduhlíð --"--- XXXVIII
- f. Ingþóri Sigurbjörnssyni, Sogamýrarbl. XLV

Fleira ekki gert.

Fundi slitið..

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson

Jón A. Pjetursson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Ár 1935,  
í skrifstofu

Borgarstjóri  
Jóh. Stefán  
unni á mill.  
hjer í þenu  
borgarstjór  
afskifti af  
ráðið á þess  
& Schultz að  
lækið.

Samþ. teiknir  
Sundhöllina.

Pjetur Hal

Stefán Jóh

B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, mánudaginn 6. maí, kl. 10. f.h., hjelt bæjarráðið  
fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri skýrði frá sáttatilaunum sem hann og Stefán Jón. Stefánsson hafa reynt undanfarna daga í verkfallsdeilunni á milli A.S. Höjgaard & Schultz og verkalyðsfjelaganna hjer í bænum. Hafa þær tilraunir ekki borið árangur og áleit borgarstjóri tilgangslaust fyrir bæjarráðið að hafa frekari afskipti af deilunni eins og sakir standa. Fjellst bæjarráðið á þessa skoðun og var samþykkt að tilkynna A.S. Höjgaard & Schultz að afskiptum bæjarráðsins af verkfallsdeilunni sje lokið.
2. Samþ. teikningar og útboðslýsing húsameistara ríkisins um Sundhöllina.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Pjetur Halldórsson.

Jón Axel Pjetursson.

Stefán Jón. Stefánsson.

Jakob Möller.

B æ j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 3. maí, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ð fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Synjað erindi Bergsteins Jóhannessonar, o.fl. um að bæjarsjó-  
ur greiði hluta af dómskuld Þorkels Guðmundssonar, Vegamótum  
við Kleppsveg.

Synjað beiðni um húsaleigustyrk til Guðrúnar Ólafsdóttur,  
Þorsgötu 14.

Beiðni Guðjóns Sæmundssonar, Helgadal við Kringlumýrarveg  
um aðstoð vegna veikinda og blindu konu hans vísað til fatakra-  
fulltrúanna til afgreiðslu í samráði við borgarstjóra.

Beiðni Sigurðar Kristjánssonar, Lind. 10 um aðstoð til jarðar-  
kaupa vísað til fatakrafulltrúanna til afgreiðslu í samráði  
við borgarstjóra.

Samb. að ráða Helgu Arngrímsdóttir, Laugaveg 126, til þess að  
hafa á hendi eftirlit á barnaleikvellingum við Grettisgötu  
frá 15. maí til 30. september fyrir kr. 175.00 á mán.

Að tillögu rafmagnsstjóra var samb. að kaupa ca. 10 ha. land  
úr landareign Efri-Brúar við Ljósafoss, eftir mati nefndar  
sem skipuð hefir verið til þess að meta vatnsrjettindi o.fl.  
fyrir landi jarðarinnar.

Lagt fram brjef frá stjórn Verkfræðingafjelags Íslands um  
notkun erlendra sjerfræðinga við Sogsvirkjunina.  
Borgarstjóra falið að svara brjefinu í samráði við rafmagns-  
stjóra.

Lagt fram brjef frá Sigurjóni Sigurðssyni, Stað Seltjarnar-  
nesi um vinnu við Sogsvirkjunina.

Borgarstjóri skýrði frá símskeytum sem farið hafa á milli  
rafmagnsstjóra og Berdals verkfræðings um greiðslu til A.S.  
Højgaard & Schultz skv. upphafi 7. gr. verksamningsins.

Bogarstjóri skýrði frá brjefum sem farið hafa á milli hans  
og A.S. Højgaard & Schultz út af verkfallsdeilunni.

Lögð fram beiðni Oddnýjar H. Bjarnadóttur, Njaðargötu 43, um  
meðmáli með því að henni verði veitt veitingarleyfi. Bæjar-  
ráð mælir ekki með beiðninni.

Lögð fram beiðni frá Hólmfríði Guðsteinsdóttur, Laugavegi 34,  
um meðmáli með því að henni verði veitt veitingarleyfi. Bæjar-  
ráð mælir ekki með beiðninni.

Lagt framerindi frá nokkrum mjólkurframleiðendum um að bæjar-  
sjóður taki að sjer að greiða kostnað við heilbrigðiseftir-  
lit með mjólkur framleiðslu á bæjarlandinu og fitumælingu  
á allri mjólk sem seld er í bæinn. Frestað til athugunar.

Eftir tillögu lögreglustjórans í Reykjavík var samþykkt að veita  
Erlingi Pálssyni yfirlögregluþjóni og Magnúsi Eggertssyni varð-  
stjóra utanfararstyrk þann, sem lögregluþjónum er atlaður á  
fjarhagsætlun yfirstandandi árs, kr. 1000.00 hvorum.



15. Felld með 3:2 atkv. að veita Sveini Sæmundssyni, lögregluþjóni 3ja mánaða frí til utanfarar með fullum launum.
16. Samþ. með 3:2 atkv. að vísa erindi Eiríks Eiríkssonar f.h. nokkurra fyrv. lögregluþjóna til borgarstjóra til athugunar.
17. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðabl. XVI.
18. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXII.
19. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðabletti IX.
20. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti IV.
21. Bæjarráðið fellur frá ályktun sinni um að taka fyrir matsverð erfðafestulandið Laugamýrablett XXXIII, þar sem erfðafestuhafinn, Kristján Þorgrímsson, hefir tilkynnt að hann hafi nú ákveðið að selja ekki landið.
22. Samþ. að byggja ekki upp íbúðarhúsið "Grund" við Kaplaskjólsvog með það fyrir sugum að það verði barnaheimili.
23. Lagt fram tilboð Lárusar Sigurbjörnssonar í brunarústir "Grundar" við Kaplaskjólsvog. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
24. Lögð fram beiðni frá byggingarsamvinnufjelaginu "Síminn" um bæjarabyrgð fyrir lani til húsabygginga. Frestað til athugunar.
25. Samþ. að greiða kyndurunum í Gasstöðinni 25 kr. aukapóknun á mánuði hverjum til vinnufatnaðar, frá 1. apríl síðastl.
26. Bæjarverkfræðingi falið að rannsaka húsapörf í Gufunesi og gera tillögur til bæjarráðsins um byggingar þar.
27. Samþ. að banna mönnum að hafa aligæsir á tjörninni eða lausar á landi bæjarins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Ár 1935,  
bæjarráði

Lagt fram  
Reykjavík  
stjóra 29  
ingi firm  
hefir til  
varningi

Út af bre  
verkfalls  
óviðkoman  
verði ley

Jakob Möl

Bjarni Be

B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, mánudaginn 30. apríl, kl. 5 síðdegis hjelt  
bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá A.S. Höjgaard & Schultz hjer í  
Reykjavík, dags. 27. þ.m., mottekið á skrifstofu borgar-  
stjóra 29. þ.m. kl. 3½ e.h., þar sem skýrt er frá ágrein-  
ingi firmans við verkalyðsfjelögin hjer í bænum, er leitt  
hefir til stöðvunar á uppskipun úr e.s. "Henning B" á  
varningi til Sogsvirkjunarinnar.

Út af brejfinu gerði bæjarráðið þá ályktun að það telur  
verkfallsdeiluna Reykjavíkurbæ vegna Sogsvirkjunarinnar  
óviðkomandi, en vill hinsvegar stuðla að því að deilan  
verði leyst, án þess með því að taka á sig nokkra ábyrgð.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r ' a ð .

=====

Ár 1935, föstudaginn 26. apríl, kl. 5 síðdegis hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Magnúsar Jónssonar Álfheimum um lán til húsa-  
kaupa.
2. Erindi Einars Isakssonar, Hvg. 104, um styrk til þess að kaupa  
mótor í róðrabát vísað til fátækrafulltruanna til afgreiðslu.
3. Lagt fram brjef frá Bersteini Jóhannessyni o. fl. þar sem  
þeir bjóðast til að gefa eftir helming dómsskuldar Þorkels  
Guðmundssonar, Vegamótum við Kleppsveg, þó ekki málskostnað,  
skv. gestarjettardómi í Reykjavík 17. nóvember 1934, gegn  
greiðslu úr bæjarsjóði. Frestað - og vísað til fátækrafull-  
truanna til athugunar.
4. Synjað beiðni Sveins Jóhannessonar, Framnesv. 15, um lán eða  
ábyrgð til kaupa á gufubát með öðrum.
5. Samp. að fela fátækrafulltrúunum, í samráði við bæjarverkfræð-  
ing, að finna lóð fyrir hús handa Guðbjörgu Guðmundsdóttur,  
Seljalandi.
6. Erindi Guðbrandar Bergssonar, Grjótagötu 14 B um ábyrgð á húsa-  
leigu vísað til fátækrafulltruanna til afgreiðslu.
7. Erindi Hermanns Aðalsteinssonar um styrk til þess að fá her-  
bergi á leigu vísað til fátækrafulltruanna til afgreiðslu.
8. Synjað beiðni Guðjóns Runólfssonar, Njg. 72 um lán til þess  
að borga húsaleiguskuld.
9. Lögð fram áætlun rafmagnsstjóra um fjárhagsafkomu Rafmagns-  
veitunnar árin 1935 - '39, á meðan Sogsvirkjunin er að komast  
upp og taka til starfa.
10. Samp. að fela rafmagnsstjóra að svara brjefi frá Electro-Invest  
22. marz s.l. og fara fram á gjaldfrest á efni sem Rafmagns-  
veitan kaupir til aukningar innanbæjarkerfisins.
11. Samp. að fela rafmagnsstjóra að svara brjefi frá Electro-Invest  
22. marz s.l. viðvíkjandi tilhögun á útborgunum þess hluta  
Sogslánsins sem Rafmagnsveitan þarf að greiða hjer innan-  
lands.
12. Lagt fram brjef frá Schröder Petersen verkfræðingi, umboðs-  
manni Höjgaard & Schultz A/S., dags. 26. þ.m., þar sem hann  
tilkynnir að uppskipun á vörum úr skipinu "Henning B" hafi  
verið stöðvuð miðvikudaginn 24. þ.m. kl. 3½.
13. Að tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að leggja fram að jöfnu  
á móti ríkissjóði fje til að fullgera þar vegabætur og bruar-  
gerðir vegna Sogsvirkjunarinnar sem áður hafa verið akveðnar,  
enda verði verkinu hagað þannig að það komi að sem mestu  
gagni fyrir virkjunina nú í vor.
14. Samp. að mæla með beiðni Guðríðar Magnúsdóttur, Lauf. 45, um  
styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.
15. Samp. að leigja Stangaveiðafjelaginu laxveiðina í Elliöslánum  
næsta sumar fyrir 5000 krónur.

16. Samp. að leyfa Gunnari Sigurðssyni, Von, torgsölu á Óðinstorgi á grænmeti sem hann framleiðir í Gunnarshólma.
17. Samp. að mæla með því að Svanhildi Gissurardóttur, Þingh. 18 verði veitt veitingaleyfi.
18. Samp. að mæla með því að Oddi Ólafssyni, Bárugötu 13 verði veitt veitingarleyfi.
19. Borgarstjóra heimilað að ráða eftirlitsmann við Sundlaugararnar í sumar, sama mann sem gengdi starfinu síðastl. sumar og með sömu kjörum.
20. Lagðir fram reikningar Sjúkrasamlags Reykjavíkur árið 1934 og skýrsla um starfsemi samlagsins á árinu.
21. Lagt fram álit Fjáreigendafjelags Reykjavíkur um hvort fjallgöngur skúli byrja í hverju hjeraði landsins ákveðinn mánaðardag í stað vikudags eins og nu tíðkast. Samp. að senda atvinnu- malaráðuneytinu álitserðina.
22. Synjað beiðni Sjúkrahússráðs Hvítubandsins um fjárstyrk úr bæjarsjóði til sjúkrahússins og eftirgjöf á bæjargjöldum.
23. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofu Reykjavíkur- bæjar fyrir marz mánuð.
24. Lagðar fram ályktanir sem samþykktar voru á almennum fundi byggingariðnaðarmanna 31. marz s.l.
25. Lagt fram brjef frá skrifstofu Iðnsambands byggingamanna um fagvinnu við virkjun Sogsins.
26. Erindi Þorsteins Jónssonar, Hverf. 58 A, o.fl. um reyk og söt úr reykhauf ullarverksmiðjunnar " Framtíðin" vísað til bæjar- verkfræðings til athugunar. //
27. Synjað beiðni kennslukvenna við barnaskólana um afnot sund- laugarinnar í Austurbæjarskólanum næsta sumar.
28. Lögð fram ályktun skólanefndar 20. þ.m. um skólahúsnaði í Skildinganesi fyrir næsta skólaár.
29. Lögð fram ályktun skólanefndar 20. þ.m. um lagfæringu á leik- völlum við Austurbæjarskólann og Reykjavegsskólann.
30. Lagt fram brjef frá Ludvig Andersen þar sem hann býður eign- irnar nr. 14 og 16 við Aðalstræti og nr. 1 við Grjótagötu til kaups.
31. Beiðni h/f Lakkrísgerðar Reykjavíkur um lóð við Vitastíg til iðnreksturs vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til afgreiðslu. //
32. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti XVII.
33. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Þvottalaugarbletti XXXIII.
34. Synjað beiðni Þórhalls Jóhannessonar um leyfi til að byggja íbúðar- og útihús á erfðafestulandinu Þvottalaugarbl. XXIV.
35. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Norðurmyrarbl. XIII ásamt Þoroddstöðum.

- 36. Tillögu húsameistara ríkisins að útboðslýsingu fyrir sundhöllina vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
- 37. Útsvarsmál: H.J. Hansen, Laugav. 163.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

Árið 193

Bjarráðið fund

Lögð fram b  
um styrk ti  
til afgreið

Samþ. að ta  
húsi Hvítab

Lögð fram b  
ábyrgð næja  
húsinu Sólh  
afgreiðslu.

Synjað beið  
styrk til ka

Samþ. að ve  
75 kr. styrk

Lögð fram b  
um lán úr ba  
til afgreið

Samþ. að get  
bajarhrepps  
enda verði

Lagt fram br  
tilboðum á e

Lögð fram sk  
rannsóknir í

Samþ. að mæl  
Guðmundssyni

Samþ. að mæl  
dóttur, Fram

Lögð fram að  
syni, Hverfi  
sokninni.

Synjað erind  
vikjandi kos  
sömu götu.

Samþ. að mæl  
á allt að 12  
lagið Freyju

Bjarráðið s  
syni verði l  
hlíð C.

Lagt fram br  
þar sem hann  
myrarbletti  
máttv. 7. gr  
matsverðið.

B æ j a r r á ð .

Árið 1935, föstudaginn 12. apríl, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram beiðni frá Sigurðeiri Björnssyni, Hverfisgötu 83, um styrk til fatakaupa. Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
2. Samþ. að taka ábyrgð á dvalarkostnaði Torgils Tjöflot á sjúkrahúsi Hvítabandsins fyrir aprílmánuð.
3. Lögð fram beiðni frá Skúla Markússyni, Bragagötu 25 B, um ábyrgð næjarsjóðs fyrir legukostnaði og læknishjálpi á sjúkrahúsinu Sólheimum. Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
4. Synjað beiðni frá Sigurði Á. Þorlákssyni, Njálsgötu 52, um styrk til kaupa á húsgögnum.
5. Samþ. að veita Sigursteini Guðm. Þórðarsyni, Þórsgötu 7 B, 75 kr. styrk til kaupa á húsgögnum.
6. Lögð fram beiðni frá Eyjólfvi Guðbrandssyni, Smirilsvegi 4, um lán úr næjarsjóði. Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
7. Samþ. að gefa eftir þriðjung af eftirstöðyum af skuld saurbæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu vegna Vigfúsar Binarssonar, enda verði  $\frac{2}{3}$  hlutar greiddir á þessu ári.
8. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra, dags. 9/4., viðvíkjandi tilboðum á efni til Sogavirkjunarinnar.
9. Lögð fram skýrsla frá Efnarannsóknastofu Ríkisins um mjólkurrannsóknir í Reykjavík.
10. Samþ. að mæla með umsókn um veitingaleyfi frá Guðmundi Fr. Guðmundssyni, Njálsgötu 50.
11. Samþ. að mæla með umsókn um veitingaleyfi frá Rögnu Evertsdóttur, Framnesvegi 38.
12. Lögð fram að nýju umsókn um veitingaleyfi frá Þorvaldi Jónssyni, Hverfisgötu 34, Bæjarráðið getur ekki mælt með umsókninni.
13. Synjað erindi frá Jóhanni Jóhannssyni, Hávallagötu 5, viðvíkjandi kostnaði við girðingu milli lóðanna nr. 3 og 5 við sömu götu.
14. Samþ. að mæla með því við bæjarstjórn, að tekin verði ábyrgð á allt að 12 þús. kr. fiskiveiðasjóðsláni fyrir sameignarfjellagið Freyju.
15. Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti. að Indriða Guðmundssyni verði leyft að byggja haughús og lagfara fjós í Eski-hlíð C.
16. Lagt fram brjef frá Kristjáni Þorgrímssyni, Laugarnesvegi 58, þar sem hann býður forkaupsrjett að erfðafestulandinu Lauga-myrrarbletti XXXIII. Samþ. að láta fara fram mat á landinu sarkv. 7. gr. erfðafestusamnings og taka landið fyrir matsverðið.

17. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að mælt verði með umsókn frá Strætisvagnar Reykjavíkur h.f. um sjerleyfi fyrir rekstri strætisvagna í Reykjavík, samkv. 7. gr. laga nr. 62, 25. jan., 1935, að því tilskyldu, að rjettur bæjarins samkv. samningi við fjelagið rýrni ekki.
18. Lögð fram beiðni frá Kristínu Gísladóttur, Lindargötu 1 B, um lóð undir íbúðarhúsi. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
19. Samþ. að leigja Gísla Þorleifssyni, Léifsgötu 6, lóðina nr. 76 við Hringbraut, sam Hólmfríður Sigurðardóttir hefir afsálað sjer.
20. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti I.
21. Hafnað forkaupsrjetti að Þóróddsstöðum með Norðurmýrarbletti XIII.
22. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti I.
23. Samþ. að taka erfðafestulandið Norðurmýrarblett I fyrir matsverð.
24. Tekin ákvörðun um leigu fyrir túnslægjur.
25. Samþ. að framselja borgarstjóra umboð samkvæmt tillögu Bjarna Benediktssonar um vinnumiðlunarskrifstofu, sem samþ. var á bæjarstjórnarfundi 4. apríl.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Þjetursson.

Guðm. Eiríksson.

B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, föstudaginn 5. apríl, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Ara Guðmundssyni um styrk til að greiða símaafnotagjald.
2. Beiðni frá Árna Pálssyni, Grettisgötu 45, um hjálp til bifreiðakaupa vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
3. Samþ. að veita Eno Helgasyni, Bræðraborgarstíg 53, 330 króna styrk til greiðslu á húsaleigu.
4. Samþ. að veita Gesti Guðmundssyni, Fálkagötu 8, styrk til greiðslu vaxta og afborgana af láni sem hvílir á húseign hans, kr. 546.12, enda samþykki Vestmanneyjakaupstaður styrkveitinguna.
5. Samþ. að veita Torfa Eggertssyni styrk til greiðslu kostnaðar við viðgerð á húsi hans, Fálkagötu 10 A.
6. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra þar sem hann tilkynnir, að Berdal verkfræðingur hafi ráðið eftirlitsmann við Sogsvirkjunina.
7. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra um kostnað við greiðslumerki á reikningum rafmagnsveitunnar.
8. Lagt fram brjef frá Höjgaard & Schultz, dags. 16 marz, um fyrstu greiðslu samkv. verksamningi. Rafmagnsstjóra falið málið til afgreiðslu.
9. Lagt fram brjef frá bæjargjaldkera um kostnað við greiðslumerki á fátækraávisunum. - Samþ. að fara þess á leit við fjármálaráðuneytið, að þessar ávisanir verði undanþegnar greiðslumerkjum.
10. Lögð fram/skýrsla Alþýðubókasafns Reykjavíkur árið 1934.
11. Lögð fram mótmæli frá verkamönnum í atvinnubótavinnunni við Hringbraut gegn fækkun í vinnunni.
12. Synjað beiðni frá Ásgeiri Guðbjartssyni um leigulóð við Smirilsveg.
13. Samþ. að leigja Eggert Kristjánssyni, kaupmanni, lóð við Skúlagötu, milli huss Kassagerðarinnar og Einar Magnússonar, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.
14. Bæjarráðið samþ. fyrir sitt leyti breytingu á umferðakvöð á lóðinni nr. 12 við Leifsgötu, samkv. beiðni leigjenda lóðarinnar, dags. 2/4.
15. Bæjarráðið samþ. fyrir sitt leyti breytingu á umferðakvöð á lóðinni nr. 18 við Leifsgötu samkv. beiðni leigjenda lóðarinnar, dags. 28/3.
16. Lögð fram tilboð í Brekkustíg 11.
17. Samþ. að selja Ólafi Ásmundssyni Þárugötu 34, lóðina nr. 3 A við Seljaveg fyrir kr. 992.80. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



B æ j a r r á ð .  
=====

Árið 1935, þriðjudaginn 2. apríl, kl. 11 f.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. með 3:1 atkv. að fækka í atvinnubótavinnunni niður í 100 manns í næstu vinnuviku.
2. Út af þrjú af atvinnumálaráðuneytisins, dags. 21. f.m., vill bæjarráðið taka fram, að enda þótt atvinnumálaráðuneytið hafi að vísu einungis lofað ákveðnum fjárframlögum til atvinnubóta hjer í þænum á síðastliðnu ári, þá hefir bæjarráðið ætíð gengið út frá því sem gefnu, að ríkissjóður greiddi þriðjung alls atvinnubótakostnaðar á árinu, svo sem ráð var gert fyrir í fjárlögum, enda voru loforðin um fjárframlög ríkissjóðs jafnan miðuð við ákveðna tölu manna í atvinnubótavinnu. Samkvæmt þessu ákveður bæjarráðið að halda fast við þá kröfu, að ríkissjóður greiði að fullu einn þriðjung kostnaðar við atvinnubætur 1934.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

B æ j a r r á ð .

=====

Ár 1935, föstudaginn 29. marz, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið  
and í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram beiðni frá Frímanni Einarssyni um styrk til fata-  
kaupa. - Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
2. Lögð fram beiðni frá Árna Pálssyni, Grættisgötu 45, um hjálp  
til bifreiðakaupa.- Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til  
athugunar.
3. Synjað beiðni frá Jóni E. Konráðssyni, Óðinsgötu 6, um skaða-  
bætur vegna slyss, sem hann varð fyrir í nóvembermanuði f.á.
4. Lagt fram brjef frá skipulagsnefnd atvinnumála, dags. 25. marz,  
um ráðstafanir til eflingar atvinnulífi í bænum.
5. Synjað beiðni frá Klepps- og Laugarnesspítala um eftirgjöf á  
dráttarvöxtum af fasteignagjöldum.
6. Lagt fram brjef frá Sundráði Reykjavíkur um að ráðnir verði  
tveir aðstoðarmenn við Sundlaugarnar.
7. Lagt fram brjef frá Guðmundi Jónssyni í Múla þar sem hann til-  
kynnir, að hann sjái sjer ekki fært að standa við tilboð sitt  
úm flutning á staurum og slám til Sogslínunnar.- Út af þessu  
var samþykkt að fela rafmagnsstjóra og bæjarverkfræðingi að  
sjá um þessa flutninga.
8. Synjað beiðni frá Önnu Gunnarsdóttur um leyfi til að byggja  
gróðurhús og íbúðarhús á erfðafestulandinu Bustaðabletti XXIV.
9. Synjað erindi Þórðar J. Thoroddsens lækni um að bærinn kaupi  
mannvirki á leigulóð þeirri, sem Símon Sveinsson, Arnargötu  
12, hafði í Skildinganesholum.
10. Lagt fram brjef frá Þvottakvennafjelaginu Freyju um kaup við  
ræstingarvinnu hjá stofnunum bæjarins.
11. Samþ. að gefa Stefáni Einarssyni, Karli Þorvaldssyni og Guðmundi  
S. Guðmundssyni kost á leigulóð á horni Hringbrautar og Lauga-  
vegar eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, að því tilskildu  
að þeir hlíti ákvæðum um útlitsuppdrátt á þessum byggingarreit.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Þjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

## Borgarráð.

Árið 1935, föstudaginn 22. marz, kl. 5 síðdegis, hjelt borgarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurströti 16.

Íetta gerðist:

1. Borgarritari skýrði frá samúðarskeytum, sem borist höfðu vegna fráfalls borgarstjóra.
2. Lögð fram beiðni frá Stefáni Kristjánssyni, Njálsgötu 52 B, um lán úr borgarsjóði.- Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.
3. Út af erindi Símonar Símonarsonar, Sogabletti 20, var ákveðið, að barinn ljeti leggja sjer út með nafnverði skuldabreyf með veði í húseign hans, utgef. 2. maí 1931. Erindinu synjað að öðru leyti.
4. Synjað tilboði frá ábyrgðarmönnum Þorkels Guðmundssonar, Vegamótum, um að kaupa dómsskuld á Þorkel fyrir 75%.
5. Samþ. að gefa Berdal verkfróðingi umboð til þess að taka tilboði frá Helsingör Maskinbyggeri í lokur, rör og fl. til Sogsvirkjunarinnar fyrir kr. 172900.00.
6. Samþ. að greiða úr borgarsjóði kr. 3000.00 fyrst um sinn af árslaunum vantanlegs berklavarnarstjóra, enda verði hann borgarstjórninni til aðstoðar í berklavarnamálum.
7. Lögð fram 3 brjef frá atvinnuáráðherra, dags. 18.-21. marz, viðvíkjandi atvinnubótavinnunni.
8. Lagt fram brjef frá stjórn Vinnumiðlunarskrifstofunnar, dags. 20. marz, ásamt tillögum, sem stjórnin hafði samþykkt á fundi sínum 18. marz.
9. Lögð fram beiðni frá Þorvaldi Jónssyni, Hverfisgötu 34, um meðmáli með umsókn um veitingaleyfi. - Málinu vísað til borgarstjórnar.
10. Samþ. að leigja Erlendi Einarssyni lóðina nr. 18 við Leifsgötu, sem Grímur Tómasson hafði afsalað sjer.
11. Samþ. að leigja Arinbirni Þorkelssyni lóðina nr. 10 við Leifsgötu, sem Erlendur Einarsson hefir afsalað sjer.
12. Samþ. að leigja Sveini Samundssyni og Ágústi Jónssyni lóðina nr. 48 við Hringbraut. Jafnframt afsala þeir sjer lóðinni nr. 42 við sömu götu.
13. Samþ. að leyfa Guðmundi Mikulássyni að alifuglahús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumrarbletti XXVI verði stakkað.
14. Lögð fram umsögn borgarverkfróðings um erindi búenda við Laugarásveg, þar sem farið er fram á, að vatnsröð verði lögð í veginn. Erindinu synjað með 2:2 atkv.
15. Samþ. að fella úr eftirstöðvum útsvör 1195 gjaldenda, samtals að upphæð kr. 79129.58.
16. Samþ. að fella úr eftirstöðvum útsvör 1377 gjaldenda, samtals að upphæð kr. 13755.00.

17. Samp. að fella úr eftirstöðvum útsvör 42 gjaldenda, samtals að upphæð kr. 4896.69.
18. Samp. að fella úr eftirstöðvum útsvör 90 gjaldenda, samtals að upphæð kr. 2585.00.
19. Samp. að fella úr eftirstöðvum útsvör 7 gjaldenda, samtals að upphæð kr. 8543.42.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón A. Pjetursson

Guðm. Ásbjörnsson.

Bæ

- 1935, föstudagur
- á sinni Austur
- Samp. að veita 200 kr. styrk á gerfilim.
- Synjað beiðni S að kaupa vöruf
- Samp. að gefa gegn greiðslu sjóð pr. 31. d
- Samp. að greiða til vatnsorkukjarðarinnar Ef Sömule stjóra að taka greindum samni
- Bréfi vegamála vagnar Reykja lögsagnarumdæ stjórnarinnar
- Lagt fram bré her í bænum, stofunna um Vísað t skrifstofunna
- Lagt fram br entum, sem e hjá bænum ne
- Borgarstjóra fai sundlaug með hverjum að nota laug
- Lagðar fram febrúar.
- Synjað erin niour af f standandi
- Samp. að t á staurum með 3:1 at
- Ingibergun og 50 við

B æ j a r r á ð

=====

Ár 1935, föstudaginn 16. mars, hélt bæjarráðið fund í skrif -  
stofu sinni Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að veita Kjartani Árnasyni, Laugaveg 46 A, allt að 200 kr. styrk af óvissum gjöldum fátækra sjóðs til kaupa á gerfilim.
2. Synjað beiðni Sigurðar G. Kristjánssonar um að-stoð til þess að kaupa vöruflytningabifreið.
3. Samþ. að gefa Saurbæjarhreppi í Dalasýslu fullnaðarkvittun gegn greiðslu á 25 % af fátækra skuldum hreppsins við bæjar-sjóð pr. 31. des. 1934, sem nema kr. 1299.19.
4. Samþ. að greiða kr. 28000.- fyrir réttindi h.f. Sogsvirkjunin til vatnsorkukaupa í Soginu o. fl., skv. samningi við eigendur jarðarinnar Efri-Brú í Grímsnesi, dags. 19. apríl 1932.  
Sömuleiðis samþ. að biðja K. Zimsen fyrir borgar - stjóra að taka af hálfu bæjarins sæti í matsnefnd skv. fyr-greindum samningi.
5. Eréfi vegamálastjóra, dags. 13. þ. m., og umsókn h.f. Strætis-vagnar Reykjavíkur um einkaleyfi til mannflutninga innan löggagnarumdæmis Reykjavíkur vísað til eftirlitsnefndar bæjar-stjórnarinnar með nefndu hlutafélagi til athugunar.
6. Lagt fram bréf atvinnuálaráðherra um vinnumiðlunarskrifstofu hér í bænum, svo og bréf frá hinni nýskipuðu stjórn skrif-stofunnar um fyrirkomulag á vinnumiðlun framvegis.  
Vísað til borgarstjóra til frekari umræða við stjórn skrifstofunnar.
7. Lagt fram bréf frá Stúdentaráði háskólans um að háskólastúd-entum, sem eiga lögheimili í Reykjavík, verði veitt atvinna hjá bænum næsta sumar.
8. Borgarstjóra og Guðm. Ásbjörnssyni falið að ákveða hverjúr fái sundlaug Austurbæjarskólans til kennslu næsta sumar og með hverjum skilmálum, enda fái bæði karl- og kvenkennarar að nota laugina.
9. Lagðar fram skýrslur frá Ráðningarskrifstofu Reykjavíkur fyrir febrúar.
10. Synjað erindi frá S. Í. S. um að dráttarvextir verði felldir niður af fasteignagjaldi af Fríkirkjuvegi 7 fyrir yfir - standandi ár.
11. Samþ. að taka tilboði Guðmundar Jónssonar, Múla, um flutning á staurum og slám í Sogslínuna fyrir 14000 krónur. Samþ. með 3:1 atkv.
12. Ingibergur Þorkelsson afsalar leigurétti að lóðunum nr. 48 og 50 við Hringbraut.

13. Samþ. að gefa Þorkeli Ingibergssyni kost á leigulóðinni nr. 61 við Bergþórugötu, sem B. Halldórsson hefir afsalað sér, enda verði byggt á lóðinni í samræmi við nærliggjandi hús.
14. Samþ. að gefa Gísla Þorleifssyni, Leifsg. ó, kost á leigulóðinni nr. 64 við Hringbraut.
15. Samþ. að gefa Ágústi Jónssyni og Sveini Sæmundssyni, Freyjugötu 36, kost á leigulóðinni nr. 42 við Hringbraut.
16. Samþ. að gefa Ólafi G. Guðbjörnssyni, Sólvallag. 29, kost á leigulóðinni nr. 46 við Sellandsstíg.
17. Synjað beiðni Jóns Guðmundssonar, Skálh. 2 A, um leigulóðina nr. 34 við Holtsgötu.
18. Samþ. að selja Gísla Halldórssyni, Skólavst. 12. lóðina nr. 34 við Garðastræti.
19. Samþ. að leita tilboða í húseign Skipulagssjóðs nr. 11 við Brekkustíg.
20. Hafnað forkaupsrétti að erfðafestulandinu Laugarásbletti XI.
21. Samþ. að greiða læknum barnaskólanna kr. 1.50 fyrir hvert barn, sem þeir skoða á yfirstandandi skólaári.
22. Samþ. að leigja Th. Hansen, Melavöllum, á erfðafestu óræktað land á milli Suðurlands- og Útvarpsstöðvarveggar, enda fylgi landið Sogamýrarbletti XIV. Bæjarverkfr. falið að útvísa landinu og ákveða erfðafestuskilmála.
23. Lagt fram erindi útvarpsstjórans um að húsi fyrir hljóð- og sjónvarp verði ætlaður staður á Skólavörðuhæðinni.
24. Erindi íbúa við Framnesveg um viðgerð á veginum vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.
25. Erindi búenda við Laugarásveg um vatnsleiðslu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
26. Erindi Metúsalems Stefánssonar um framlengingu Baugsveggar vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
27. Hafnað forkaupsrétti að erfðafestulandinu Laugamýrar - bletti XXVII.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Guðm. Ásbjörnsson      Bjarni Benediktsson  
 Guðm. Eiríksson      Jón Axel Pétursson  
 Stefán Jón. Stefánsson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 8. marz , kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Samþ. að taka tilboði Hjálmars Jóhannessonar um byggingu spennistöðvar við Garðastræti fyrir kr. 4500.00 og girðingu henni tilheyrandi fyrir kr. 1300.00, samtals kr. 5800.00.
2. Lögð fram skýrsla Efnarannsóknastofu ríkisins um mjólkurrannsóknir 20. - 22. febrúar. Samþ. að gera Mjólkursamsölunni aðvart um að ekki sje nægilegt fitumagn í fjörum sýnishornunum sem rannsókuð voru í því skyni að bætt verði ur þessum ágalla.
3. Samþ. að mæla með því að Engilræð Hallgrímsdóttir, Vest. 3 fái veitingaleyfi hjer í bænum.
4. Út af brjefi L. Andersens aðalkonsuls um byggingar við Aðalstræti og Grjótagötu var borgarstjóra falið að láta gera tillögu um nýjan skipulagsupprátt af Grjótaþorpinu.
5. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Stekkjarholtsbletti II með húsinu Grund.
6. Samþ. að gefa Guðmundi Helgasyni, Lindargötu 41 kost á leigulóðinni nr. 96 við Laugaveg.
7. Sýnjað erindi Páls Jónssonar, Framnesv. 38, um leigulóð til íbúðarhúsabyggingar á svæðinu milli Holtsgötu og Söttvarnahússins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón A. Pjetursson.

Guðm. Eiríksson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1935, föstudaginn 1. marz kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað erindi Helga F. Kristjánssonar um aðstoð til þess að festa kaup á húseigninni "Háholt" á Bráðræðisholti.  
frá
2. Lagt fram brjef/Barnavendarnefnd um dvalarstaði fyrir ungbörn.
3. Samp. að bæta við einum kyndara í Gasstöðina, enda fá kyndarar þar einn frídag í viku en vinni 48 stundir vikulega. Borgarstjóra falið að ráða manninn.
4. Samp. að greiða Jóni N. Jónassyni kennara kr. 200. og vegna kostnaðar við ferðir með strætisvögnum undanfarin 3 ár til og frá skólastofunum við Laugarnesveg og í Sogamýri.
5. Að fengnum nýjum upplýsingum var samp. að mæla með beiðni Elísabetar Guðmundsdóttur um veitingaleyfi hjer í Reykjavík.
6. Samp. að leggja til við bæjarstjórn að bæjarsjóður kaupi húseignina nr. 10 D við Tjarnargötu ( íshúsið) fyrir 30 þús. krónur er greiðist með skuldabryfum bæjarsjóðs frá 1931 með nafnverði. Samþykki atvinnumálaráðuneytisins til kaupanna áskilið.
7. Bæjarráðið sjer ekki fært að verða við beiðni Útvegsbankans um að gerðar verði ráðstafanir til þess að verja Kirkjusand eystri sjávangangi.
8. Samp. að selja Jóni Loftssyni heildsala lóðina nr. 13 við Hávallagötu.
9. Samp. að selja Kristni Sigurðssyni múrarameistara spíldu úr lóðinni nr. 17 við Hávallagötu, 209,3 ferm. fyrir kr. 19.00 pr. ferm. Kaupverðið greiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum og verði tryggt með 1. veðrjetti í lóðinni þar til byggt verður á henni, þá með 2. veðrjetti næst á eftir 60% af matsverði eignarinnar.
10. Samp. að gefa Guðjóni Vigfússyni, Laugavegi 8 og Magnúsi Vigfússyni Fjölnisvegi 8 kost á leigulóðinni nr. 30 við Hringbraut.
11. Samp. að leyfa Eypóri Benediktssyni og Halldóri Júlíussyni afnot af landsvæðum til beinapurkunar nú í vor og sumar, eftir tilvísun bæjarverkfræðings.
12. Samp. að leggja til við bæjarstjórn að sú bráðabirgðabreyting verði gerð á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar að verð á rafmagni til ljósa eftir mæli lækki úr 55 aurum niður í 50 aura pr. Kw-stund og komi lakkunin til framkvæmda við næsta aflestur eftir þann, sem nú stendur yfir.
13. Samp. að leggja til að Jóhann Möller verði skipaður bókari Rafmagnsveitunnar frá 1. marz að telja.
14. Lagt fram brjef frá landlækni um þáttöku bæjarins í þólusetningu gegn barnaveiki. Borgarstjóra heimilað að semjaum málið við landlækni og greiða nauðsynlegan kostnað úr bæjarsjóði.  
Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Bjarni Benediktsson.  
Jon Axel Pjetursson.

© Borgarskjálasafn Reykjavíkur  
Guðm. Þorláksson.



B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, föstudaginn 22. febrúar, kl. 5 e.h. hjelt bæjar-ráðið fund í skrifstofu sinni í Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðs en Stefán Jóh. Stefánsson ritari.
2. Samþ. beiðni Jóns Bergssonar um að greiða úr bæjarsjóði og færa honum til fátækkraskuldar fasteignagjöld af Fagra-dal árið 1934.
3. Borgarstjóri lagði fram svohlj. tillögu.

Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti að fella niður helming af vatnsgjaldi til þeirra togara, sem skrásettir eru í Reykjavík og stunda þaðan fiskiveiðar, fyrst um sinn fyrir yfirstandandi ár, gegn því skilyrði að eigi sjeu ráðnir fleiri en 5 utanbæjarmenn mest á hven togara á saltfiskvertíð og engir á ísfisksveiðum eða síldveiðum.

Þó skulu Hafnfirðingar eigi teljast utanbæjar-menn í þessu sambandi.

Tillagan samþykkt með samhlj. atkv.

4. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um rafmagnsnotkun starfsmanna Rafmagnsveitunnar.
5. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra um bílahald Rafmagnsveitunnar.  
Samþ. að fast árgjald fyrir 3 bíla, sem starfsmenn Rafmagnsveitunnar eiga og nota við starf sitt, skuli fyrst um sinn fyrir yfirstandandi ár vera kr. 1000.00 og auk þess verði bílaeigendum greidd þóknun, 10 auro fyrir hvern kílómeter sem bíllinn er notaður í þjónustu Rafmagnsveitunnar.
6. Synjað erindi frá oddvita Grímsneshrepps um að teknir verði allt að 20 hreppsþúar í vinnu við virkjun Sogsins.
7. Lögð fram skýrsla um starfsemi Barnaverndarnefndar árið 1934.
8. Synjað að mæla með því að Elísabetu Guðmundsdóttur verði veitt hjer veitingaleyfi þar sem hún er ekki skráð hjer í manntali.
9. Synjað erindi Ólafs P. Ólafssonar, Klapp. 12, um að hafa ópna mjólkur- og matsölu við Kalkofnsveg til kl. 4 á morgnana.
10. Hafnað tilboði frá skilanevnd h/f. Ísfjellagðins við Faxaflóa um sölu íshússins Tjarnargötu 10 D ásamt lóð fyrir 33 þúsund krónur.
11. Lagt fram brjef frá Olympíunefndinni um aðbúð sundmanna við Sundlaugarnar svo og umsögn Helga Sigurðssonar verkfræðings.
12. Lagt fram brjef fræðslumálastjóra, dags. 13. þ.m. um gólfíð í minni leikfinissal Austurbæjarskólans og tilkynning frá skólanefndinni um aðgerðir til að bæta ástandi

nefndarinnar í dag.

13. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðalletti V.
14. Samþ. að gefa Gísla Bjarnasyni, lögfr., kost á leigulóðinni nr. 63 við Bergþórugötu. en svifta Steingrím Stefánsson, Óðinsgötu 4 leigurjettinum til lóðarinnar.
15. Samþ. að gefa Halldóri Runólfssyni, Laugav. 67 A og Guðna Guðmundssyni Grett. 20 A, kost á leigulóðinni nr. 98 við Laugaveg að því tilskilðu að þeir hlíti ákvæðum um útlitsupprátt á þessum byggingareit. Sömu menn afsala sjer rjetti til lóðarinnar nr. 30 við Hringbraut.
16. Synjað beiðni Andrjesar G. Þormars um endurgreiðslu á kostnaði við skolpræsi og vatnsleiðslu framan við húsið nr. 114 við Hringbraut.

Útsvarsmál: Nathan & Olsen, Carl Olsen, Magnús Gunnarsson, Bald. 37, Erling Erlingsen, Styr. 10, Josef Felzmann, Tjarn. 10, Einar Guðbjartsson, Vest. 22, Sigríður Hansdóttir, Trað. 3, August Hakansson, Sápuhúsið, Ólafur Sveinsson, prentari.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Þjetursson.

Guðm. Eiríksson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, þriðjudaginn 19. febrúar, kl. 6 e.h., hjelt bæjarráðið aukafund í skrifstofu sinni Austurstr. 16.

Á fundinum mettu fulltrúar frá verkamannafjelaginu "Dagsbrún" og Sjómannafjelagi Reykjavíkur til viðtals við bæjarráðið út af atvinnuleysismálum. Báru þeir fram óskir um að fjölgað yrði í atvinnubótavinnunni upp í 400 manns.

Eftir að fulltrúar þessir viku af fundi var málið rætt í bæjarráðinu og bar Stefán Jóh. Stefánsson fram svohljóðandi tillögu:

" Bæjarráðið ákveður að fjölga í atvinnubótavinnunni upp í 400 manns."

Tillagan var felld með 3: 2 atkv. og henni því vísað til Bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Eiríksson.

Guðm. Oddsson.

Jóh. Ólafsson.

Bæjarverkfræðingurinn.

B æ j a r r á ð .

=====

Ár 1935, föstudaginn 15. febrúar, kl. 5 e.h. hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Erindi Maríu Sigurðardóttur, Brávallagötu 20 um meðlag með Kristólínu Vigfusdóttur á Elliheimilinu Grund vísað til fátækra-  
fulltrúanna til rannsókna.
2. Synjað erindi Hallgríms Jónssonar, Steinholti, um ábyrgð fyrir  
lani að upphæð kr. 900.00 með l. veðrjetti í Kringlumýrarbl.  
XVI með húseign.
3. Samp. að veita Kristínu Ó. Bjarnadóttur, Hörpugötu 21 fátækra-  
styrk, kr. 500.00, með veði í nefndra húseign.
4. Út af brjefi norska aðalræðismannsins, dags. 8. þ.m. um að  
bæjarsjóður greiði legukostnað fyrir Thorgils Tjaaflet norskán  
ríkisborgara, var samþykkt að gera kröfu um að manningum verði  
vísað úr landi skv. 4. gr. laga nr. 10/1920 ef hann verður  
hjer til sveitarþyngsla.
5. Synjað erindi Ólafs Þorkelssonar, Lind. 10A um lán til  
kaupa á vöruflutningabifreið.
6. Lagt fram og rætt frv. rafmagnsstjóra til nýrrar gjaldskrár  
fyrir Rafmagnsveituna. Frestað til næsta fundar að taka  
ályktun um málið.
7. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bílahald Rafmagnsveit-  
unnar.
8. Lögð fram skýrsla frá Jóhanni G. Möller bókara Rafmagnsveit-  
unnar um ferð hans til nokkurra erlendra rafmagnsstöðva  
sumarið 1934 og nokkrar tillögur um breytingar viðvíkjandi  
skrifstofuhaldi Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
9. Ákveðið að biðja um tillögu skólanefndar um hverjum skuli  
leyfð afnot sundlaugarinnar í Austurbæjarskólanum til sund-  
kennslu næsta sumar.
10. Lagt fram brjef frá Gunnari M. Magnúss. o. fl. þar sem beiðst  
er styrks af fje því, er ætlað er á fjárhagsáætlun til þess  
að halda uppi námskeiðum fyrir atvinnulausa unglunga.  
Bjarna Benediktssyni og Jóni A. Þjeturssyni falið að gera  
tillögur um hvernig fje þessu skuli varið.
11. Lögð fram beiðni Stefáns Jóhannssonar, Sól. 7 A um bæjarábyrgð  
fyrir Fiskiveiðasjóðsláni út á m/b. Vigra.
12. Samp. að leggja fyrir bæjarstjórn svohlj. tillögu frá Bjarna  
Benediktssyni:  
" Bæjarstjórnin ákveður að setja leyfishöfum  
fyrir auglýsingasúlunum á Oðinstorgi og gatna-  
motum Hverfisgötu og Laugavegs mannaðarfrest  
til að koma sulumum í samilegt lag að dómi  
bæjarráðs, ella verði sulumum teknar burtu,  
bæjarsjóði að kostnaðarlausu með þriggja  
mánaða fyrirvara hjer frá."
13. Samp. að leyfa Þórði Guðmundssyni, S pítalastíg 8, að byggja  
íbúðarhús úr timbri á erfðasíðu síni í Laugavegi nr. XXXI.

- 14. Felld með 3: 2 atkv. að greiða kennara við barnadeild Lands-  
spítalans launauppbót úr bæjarsjóði.
- 15. Að gefnu tilefni frá borgarstjóra fól bæjarráð honum að  
leita samkomulags við hlutaðeigendur um að berklavarnastjóri,  
sem verður bráðlega skipaður, verði bæjarstjórn til aðstoðar  
í berklavarnamálum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson..

Jakob Möller.

bæja

1.

2. L  
s

3.

4.

5.

6.

7.

8.

9.

10.

11.

12.

13.

14.

Bæjarráð.

Ár 1935, föstudaginn 8. febrúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Út af erindi Agnars Magnússonar, Lindargötu 1, um meðgjöf með móður hans, Ragnhildi Jónsdóttur ályktaði bæjarráðið að gera kröfu um að Agnar greiði að fullu það meðlag sem úr bæjarsjóði þarf að greiða ef til kemur.
2. Lagt fram erindi frá Mæðrastyrksnefnd um fastan fátækra- styrk handa Sigfríði Gestsdóttur, Grett. 28.
3. Lagt fram erindi frá Ásgeiri Hraundal um lóð til byggingar og ræktunar í Sogamýri.
4. Lagt fram brjef frá skilanefnd í dánarbúi Magnúsar Jónssonar prófessors um að ekkju hans verði tryggður lífeyrir úr bæjarsjóði eða frá Sogsvirkjun, vegna kaupa á jörðinni Úlfljótswatn og að Ulf sonur hennar fái að búa á jörðinni fyrst um sinn.  
Samb. með 4:1 atkv. að Ulf Jónsson megi búa endurgjalds- laust á jörðinni Úlfljótswatn fyrst um sinn til fardaga 1936.
5. Samb. að fela rafmagnsstjóra að undirbúa breytingu á gjald- skrá Rafmagnsveitunnar í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir árið 1935.
6. Samb. að fela Rafmagnsveitunni framkyæmd þeirra verka við- vikjandi Sogsvirkjuninni sem þarinn á að inna af hendi.
7. Samb. að fela rafmagnsstjóra og aðalbókara bæjarins í sameiningu að gefa út ávísanir á bankainnstæður Sogsvirkj- unar.
8. Samb. að mæla með beiðni ekkjunna r Hólmfríðar Þorláksdóttur um styrk úr Styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.
9. Fyrirspurn Siggeirs Helgasonar, Þjónarhóli, skal eftir tillögu skólanefndar svarað á þá leið að næsta vetur verði ekki leigt húsnæði að Sjónarhóli til skólahalds.
10. Synjað erindi Jóhanns Jóhannssonar, Hávallagötu 5, um að meira megi hvíla á nefndri eign á undan skuld við bæja r- sjóð vegna lóðarkaupna en 3/5 virðingarverðs.
11. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXV.
12. Samb. að gefa Bergsveini Guðmundssyni, Sóleyjargötu 15, kost á leigulóðinni nr. 86 við Njálsgötu.
13. Samb. að gefa Halldóri Runólfssyni, Laugav. 67 A og Guðna Guðmundssyni, Grett. 20 A, kost á leigulóðinni nr. 30 við Hringbraut.
14. Samb. að gefa Ágústínu Aradóttur, Barónsstíg 22, kost á leigulóðinni nr. 40 við Hringbraut.

- 15. Guðmundi Nikulássyni, Kárástíg 3, leyft að byggja alifugla-  
hús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarblötti XXVI.
- 16. Guðm. Guðmundssyni, Laugavegi 159 A, leyft að byggja  
íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti  
XXXV.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jakob Möller

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

Ár  
ráðið fu  
1. Lög  
kaup  
Samh  
frá  
2. Lög  
vegu  
Ma.  
3. Samh  
ess  
4. Syn  
fai  
5. Þeji  
inga  
Lau  
6. Syn  
fje  
peir  
7. Lög  
san  
8. Syn  
and  
9. Syn  
um  
gey  
10. Bei  
Lau  
þeji  
11. Ste  
hij  
Til  
stj  
Til  
með  
12. Úts  
Jakob M  
Stefán

Bæjarráð.

Ár 1935, föstudaginn 1. febrúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram beiðni frá Frímanni Einarssyni um styrk til fata-  
kaupa. Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.  
Samb. að kæra Frímann Einarsson samkv. 9. gr. laga nr. 51  
frá 1928.
2. Lögð fram beiðni frá Ara Guðmundssyni um að honum verði út-  
veguð ný íbúð og ennfremur að hann fái hækkun á styrk.  
Málinu vísað til fátækrafulltrúanna.
3. Samb. að mæla með beiðni um veitingaleyfi frá Bjarna Ó. Jóhann-  
essyni, Barónsstíg 11.
4. Synjað beiðni frá Gunnari Ólafssyni bifreiðarstjóra um að hann  
fái laun sín greidd mánaðarlega fyrirfram.
5. Bæjarráðið samb. fyrir sitt leyti að fallast á ákvörðun bygg-  
ingarnefndar um breytingu á rishæð húsa við Hringbraut, milli  
Laugavegar og Bergþorugötu.
6. Synjað beiðni frá stjórnnum Glímufjelagsins Ármanns, Knattspyrnu  
fjelags Reykjavíkur og Sundfjelagsins Egir um að fjelagsmenn  
þeirra fái einkaafnot sundlauganna eftir kl. 9 að kvöldi.
7. Lögð fram álitsgjörð bæjarverkfræðings um aðgerð á Kirkju-  
sandi cystri og Laugalæknum.
8. Synjað erindi frá Símoni Sveinssyni, Arnargötu 12, viðvíkj-  
andi fiskreitum í Skildinganesihólum.
9. Synjað með 2:2 atkvæðum beiðni frá Guðbjörgu Guðmundsdóttur  
um leyfi til að byggja íbúðarskúr á holtinu austan Vatns-  
geymisins.
10. Beiðni frá Jóni Pjeturssyni, Mjölhnisvegi 48 og Óssar Mar,  
Laugavegi 147, um leigulóð til íbúðarhusabyggingar vísað til  
bæjarverkfræðings til athugunar.
11. Stefán Jóh. Stefánsson og Jón Axel Pjetursson báru fram svo  
hijóðandi tillögu:

Vegna hins almenna atvinnuleysis í bænum, ákveður bæjar-  
ráð að fjölga aftur í atvinnubótavinnunni upp í 400 manns.  
frá

Tillaga/Jakob Möller um að vísa þessari tillögu til borgar-  
stjóra til afgreiðslu felld með 2:2 atkv.  
Tillagan sjálf var síðan borin undir atkvæði, og voru tveir  
með en tveir greiddu ekki atkvæði.

12. Útsvarsmál;

K.K. Thomsen, Helga Finnsdóttir, Laugarnesi.

Fleira ekli gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Jakob Möller. Guðmundur Ásbjörnsson. Bjarni Benediktsson.  
Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Bæjarráð.

Ár 1935, föstudaginn 25. janúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni Austurstræti 10.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá hrmflm. Guðm. Ólafssyni og Pjetri Magnússyni um veðskuld er hvílir á eigninni Baugsstaðir við Baugsveg, sem er þingl. eign dánarbús Benjamíns Gíslasonar.  
Borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.
2. Lagt fram erindi Agnars Magnússonar, Lind. 1, um meðgjöf úr bæjarsjóði með móður hans á Elliheimilinu. Erindinu sýnjað að svo stöddu, en fátækrafulltrúunum falið málið til nánari athugunar að öðru leyti.
3. Lögð fram og samþykkt uppástunga frá skrifstofustjóra fátækramála viðvirkjandi skuldum Gaulverjabæjarhrepps við bæjarsjóð.
4. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 24. þ.m. þar sem ráðuneytið samþykkir að jafna megi niður hjer í banum útsvör kr. 3,108,150.- auk 5 - 10% umfram á yfirstandandi ári, svo sem ráð er fyrir gert í fjárhagsáætlun bæjarins sem var samþykkt á bæjarstjórnarfundum 10. þ.m.
5. Borgarstjóri skýrði frá því að samkv. bráðabirgðatalningu hafi íbúar bæjarins verið 32900 talsins í nóvember síðastl.
6. Sýnjað erindi síra Guðm. Einarssonar, Mosfelli, um 1500 króna sjúkrastyrk til Margrjetar Þorkelsdóttur fyrirv. barnakennara.
7. Lagt fram brjef frá Verkstjórafélagi Reykjavíkur, dags. 17. þ.m. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
8. Sýnjað erindi Antons Jacobsen um bæjarábirgð fyrir 6000 kr. láni með 2. veðrjetti í mb "Bifröst" M.B. 23.
9. Lögð fram skýrsla um utanför Nikulásar Friðrikssonar umsjonarmanns á síðastliðnu sumri.
10. Lögð fram tilkynning um ályktun á almennum stúdentafundi, sem haldinn var á Garði 18. þ.m. viðvirkjandi vantanlegri háskólalóð.  
Borgarstjóri óskaði þess getið að engin uppástunga hafi komið fram um að skera háskólalóðina sundur með umferðagötu.
11. Samþ. að gefa Guðmundi Kristjánssyni, Týsg. 6 og Helga Kristjánssyni, Njálsg. 76, kost á leigulóðinni nr. 4 við Leifsgötu.
12. Lagt fram brjef frá ráðsmanni Landsspítalans, dags. 16 þ.m. þar sem tilkynnt er að nokkrir gallar hafi komið fram á byggingu kynsjúkdómahússins og farið fram á að afhending þess verði frestað til vors.
13. Samþ. að framlengja um eitt ár frá 31. marz 1935 leigumála h/f. Nafta á landspildu á Melnum.

14. Samþ. að bjóða út til slagnaleigu túbletti bæjarins, enda verði gerð skrá yfir blettina.
15. Samþ. að kaupa handa Alþýðubókasafninu bækur sarkv. til-  
lögu bókavarðar, dags. 18. þ.m.
16. Útvarsmál: Björn Björnsson, Sverrir Jóhannesson, Garð 21  
Baldvin Halldórsson, Barónsstíg 57, V. Möller,  
Gísli Þorsteinsson, Ránarg. 29, Tómas Guðmunds-  
son, Stefán Benediktsson, Öld. 55, Þórður  
Sigurðsson, prentari, Magnús S. Magnússon,  
Ingólfstr. 7 B.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Ejarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1955, laugardaginn 19. janúar, kl. 2 e.h. hjelt bæjarráðið fund á skrifstofu sinni í Aústurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Önnu M. Jóakimsdóttur, Háfshóli, um meðlag með barni Helgu Jónsdóttur og Sigurjóns Kristjánssonar. Fátækrafulltrúum falið að greiða það sem á vantar fullt meðlag fyrst um sinn og rannsaka möguleika fyrir endurheimtu.
2. Brindi Einars Jónatanssonar, Bergþórugötu 29, um þinar son hans vísað til borgarstjóra til afgræiðslu.
3. Brindi Ásgeirs P. Hraundal, Sogabletti 8, um aðstoð til kaupa á töðu fyrir 3 kyr samþykkt.
4. Synjað erindi Kristínar Bjarnadóttur, Hörpugötu 21, um 3000 kr. lán til reksturs brauðgerðarhúss.
5. Brindi hreppsnefndar Eyrarsveitar um eftirgjöf á skuldum hreppsins við bæjarsjóð vísað til borgarstjóra til nánari athugunar.
6. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins um skuldir Vatnsleysustrandahrepps. Samþykkt að gefa fullnaðarkvittun fyrir fátækrafulltrúum hreppsins við bæjarsjóð eins og þær voru um áramót 1933 - 1934 gegn greiðslu á 40%, þó að því tilskildu að hreppurinn standi í skilum framvegis.
7. Samþykkt að laun þeirra 14 lögregluþjóna sem skipaðir voru á bæjarstjórnarfundum 17. þ.m. skuli hækka um eina aldurs- hækkingu (kr. 200.00 auk dyrtíðaruppbótar á ári) frá 1.þ.m.
8. Lagðar fram skýrslur um starfsemiRáðningarstofu Reykjavíkur- bæjar til áramóta.
9. Lögð fram skýrsla Þorkels Þorkelssonar um landskjálfta- hættu í Reykjavík. Samþykkt að láta þýða skýrsluna á ensku og leggja hana til grundvallar við eftirgrenslanir um jarðskjálftatryggingar.
10. Samþykkt að kaupa 55.5 ferm. af lóðinni nr. 5 við Bræðra- borgarstíg undir framlengingu Ránargötu að Bræðraborgar- stíg, fyrir fasteignamatssverð kr. 10.00 pr. ferm. er greiðist úr Skipulagssjóði.
11. Lagt fram eftirrit af brjefi borgarstjóra til húsameistara ríkisins, dags. 17. þ.m. um undirbúning útboða á þeim verkum, sem unnin eru við Sundhöllina.
12. Lagður fram samningur á milli Reykjavíkurbæjar og Sveinbjarnar Jónssonar hrm., dags. 10. marz 1932 um vatnsrjett indin Bíldsfells í Kistufossi í Soginu. Samþykkt að standa við kaupsamninginn og greiða kr. 10000.00 fyrir vatnsrjett- indin með vöxtum frá 10. marz 1932 einsog í samningnum segir. Kaupverðið greiðist úr bæjarsjóði fyrst um sinn, kr. 2000.00 auk vaxta og kr. 8000.00 með skuldabryfum til umbjóðenda Sveinbjarnar Jónssonar.

13. Samþykkt að krefja ekki um húsa gjald og vatnsskatt fyrir árið 1934 af húsunum nr. 14 við Lokastíg og nr. 56 við Baldursgötu, en þessi húsnæði brúnu að fullu 24. janúar 1934.
14. Samþykkt að kaupa 296.4 fern. af lóðinni nr. 8 við Sólvallagötu fyrir 13 kr. pr. fern.
15. Samþykkt að gefa Felix Pjeturssyni, Bræðr. 4 og Þórði Stefánssyni, Framnv. 28 kost á lóðinni nr. 11 við Hávallagötu til kaups fyrir matsverð, 17 kr. pr. fern.
16. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti X.
17. Kristjáni Ól. Sveinssyni, leyft að byggja járnvarið timburhús á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXIV.
18. Samþykkt að veita Þórði Guðmundssyni, Spítalastíg 8, Kringlumýrarblett XXII á erfðafestu, en Jón Jónsson, Breiðholti við Laufásveg hefir afsalað sjer erfðafesturjetti að landinu.
19. Lagðar fram tillögur bæjarverkfræðings um lóðir fyrir Byggingarsamvinnufjelög sunnan Hringbrautar. Ákvörðun frestað.
20. Synjað greiðslu úr bæjarsjóði á reikning frá lögreglustjóra fyrir lögregluverð vegna " framkvæmdar á mjólkurlögunum".

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

## Bæjarráð.

Ár 1935, föstudaginn 11. janúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund á skrifstofu sinni Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Elliheimilinu "Grund" um að bæjarsjóður greiði meðlag með Pjetri Einarssyni sveitlægum í Sljettuhreppi. Erindinu synjað að svo stöðdu, þar sem ekki er upplýst að Pjetur eigi dvalarsveit í Reykjavík.
2. Lögð fram erindi frá Elliheimilinu "Grund" um hækkun á meðlagi með nokkrum vistmönnum. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
3. Lagt fram erindi frá Þorkeli Helgasyni, Litlu-Grund um að bæjarsjóður veiti honum lán til þess að byggja íbúðarhús. Vísað til borgarstjóra til nánari athugunar.
4. Synjað erindi Ara Guðmundssonar um að bæjarsjóður greiði fyrir hann skuld fyrir gaseldavjel.
5. Lagt fram brjef frá Guðrúnu L. Davíðsdóttur, dags. 29. des. Að tillögu borgarstjóra samþ. bæjarráðið með 3:2 atkv. að bæjarráðið geri engar ályktanir í málinu.  
Stefán Jóh. Stefánsson óskar bókað að hann fyrir sitt leyti vildi átelja að fátækrafulltrúarnir fái þurfamenn bæjarins til þess að undirskrifa ádeiluskjöl og yfirlýsingar út af deilum þeirra við Mæðrastyrksnefndina.  
Magnús V. Jóhannesson fátækrafulltrúi óskaði fært til bókar að hann ljeti þurfamenn aldrei gjalda viðskifta sinna við Mæðrastyrksnefndina.
6. Synjað erindi "Fjelags styrkþega í Reykjavík" um að mega festa upp auglýsingar í biðstofu fátækrafulltrúanna.
7. Lögð fram tilkynning um ályktun á fundi Fulltrúaráðs verkalyðsfjelaganna í Reykjavík 2. janúar.
8. Lagt fram brjef frá Vörubílastöðinni "Próttur", dags. 29. desember. Borgarstjóra falið að svara brjefinu.
9. Lögð fram umsögn húsameistara ríkisins um erindi iðnsambands byggingarmanna 14. des. 1934 um vinnu við sundhöllina.
10. Synjað beiðni Þorleifs H. Eyjólfssonar um að hann fái innlagt gas í húsið nr. 16 við Lokastíg.
11. Synjað erindi Tryggva Kristjánssonar um lán að upphæð kr. 1500.00 til greiðslu á bifreið.
12. Samþ. að leggja til að bæjarstjórn mæli með því að veita Stefáni G. Stefánssyni veitingaleyfi.
13. Erindi Byggingarsamvinnufjelags Reykjavíkur um leigulóðir á Melunum sunnan Hringbrautar vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
14. Lagt fram erindi Óskars Vilhjálmssonar um erfðafestulandið Bustaðablettur I.
15. Samþ. að Skipulagssjóður og Rafmagnsveitan kaupi eignina Ánanaust D fyrir fasteignamatsverð, kr. 4437.40.

16. Synjað erindi nokkurra húseigenda við Bergþórugötu um hitaleiðslu í húsin.
17. Eftir beiðni Skógræktarfélagss Íslands var samþykkt að leggja vegarspotta og grafa skurði í atvinnubótavinnu í landi fjelagsins í Fossvogi.
18. Lagt fram erindi Jóns N. Jónssonar kennara um ókeypis far með strætisvögnum til og frá barnaskólanum í Sogamýri. Samþ. að biðja um umsögn skólanefndar.
19. Samþ. að gefa Sigurþór Jónssyni úrsmið kost á leigulóð til íbúðarhúsbýggingar við Selllandsstíg eftir útvísun bæjarverkfæðings.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Áshjörnsson .                      Stefán Jón. Stefánsson.

Jakob Möller.                              Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .  
=====

Ár 1935, mánudaginn 7. janúar, kl. 3 síðdegis, hjelt bæjarráð fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Bæjarráðið samþykkti að óska eftir því, að ríkissjóður greiddi 1/3 af öllum kostnaði bæjarins við atvinnubótavinnu á árinu 1934, þegar sá kostnaður er endanlega uppgerður.
2. Samþykkt að fara fram á það við ríkisstjórnina, að hún til bráðabirgða, þar til fjárhagsáætlun er fullsamin og endanlegar ákvarðanir teknar viðvíkjandi fjárframlögum til atvinnubóta á þessu ári, greiði vikulega 1/3 kostnaðar við þá atvinnubótavinnu, sem bærinn heldur uppi á meðan, með 24 kr. fyrir hvern mann, sem vinnunnar nýtur. Að því tilskyldu að þetta fáiast, ákveður bæjarráðið að taka 400 manns í atvinnubótavinnuna næstu viku.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jakob Möller.

Stefán Jón. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.







